

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

Guðrún Valsdóttir

pappír
tölvuver
vinnubrögð
lesað
hæfni
vita
texti
rithöfundur
merking
skilja
bók
færni
viðhorf
grunnskóli
skapa
skriftarkennari
textagerðir
námsgrein
rökfærsla
greinarmerki
efnisgrein
inntak
uppkast
frágangur
hugsasjálfstæði

ÚTTEKT Á RITUNARKENNSLU Í TÓLF GRUNNSKÓLUM

heimildaritgerð
kaup
málfar
spjaldtölva
listaverk
ánægja
tilgangur
saga
finna
tillit
snerta
ferlisritun
markvisst
vandvirkni
fjölbreytt
sköpunargleði
dagbók
orð
bygging
ritsnillingur
skóli
útgáfa
kunna
tölvur
öryggi
vefsíða
tímarit
njóta
viðhorf
ritlist
málgrein
blað
rökstuðningur
aðferðir

Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2012

© Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Guðrún Valsdóttir

Úttektin er unnin á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2012.

Yfirlestur: Jón Özur Snorrason og höfundar.

Hönnun forsíðu: Inga María Sverrisdóttir.

Skýrsluna má ekki afrita svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda.

Matssamantekt

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á ritunarkennslu í tólf grunnskólum á Íslandi. Úttektin var unnin af tveimur sérfræðingum; einum í íslenskukennslu og kennslufræðum, öðrum í kennslufræðum og félagsfræði menntunar. Gagnaöflun fór fram á vorönn 2012, þá var unnið eftir *Aðalnámskrá grunnskóla, íslensku frá 2007*, *Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta frá 2011* en einnig var almennur hluti námskrár frá 2006 enn í gildi og miðast úttektin við þær. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á grunnskólastigi.

Markmið úttektarinnar var að taka út og skoða:

- kennslu, námskröfur og námsmat í ritun í íslensku í byrjendakennslu, 4., 7. og 10. bekk í grunnskólum með hliðsjón af markmiðum íslenskukennslu í aðalnámskrá grunnskóla frá 2007 og annarra námsgreina eftir því sem þörf krefur.
- hvernig nemendum er kennt að öðlast stigvaxandi hæfni til að koma hugsunum sínum á framfæri í rituðu máli á fjölbreyttan hátt.
- hvernig námi kennaranema í ritun er hagað innan kennaramenntunarstofnana, þ.e. Háskólans á Akureyri og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Í úttektinni voru eftirfarandi sex matsþættir hafðir til viðmiðunar við gagnaöflun og úrvinnslu.

- Ritun í Aðalnámskrá.
- Ritun í skólanámskrám.
- Ritunarstefna grunnskólanna og samstarf kennara.
- Niðurstöður samræmdra prófa og PISA.
- Kennsluhættir í ritun, þ.e. aðbúnaður, skipulag og námsumhverfi, kennsluaðferðir, viðfangsefni, námsgögn, heimavinna og námsmat.
- Undirbúningar kennara fyrir ritunarkennslu.

Úttektin byggir á fjölbreyttri gagnaöflun, þ.e. vettvangsheimsóknnum í skólana tólf, viðtölum við grunnskólakennara, háskólakennara, háskólanema, stjórnendur í grunnskólum og grunnskólanemendur. Einnig er byggt á greinargerð kennaranema af Menntavísindasviði um eigið nám í ritun, rafrænum spurningakönnunum sem sendar voru til kennara, forráðamanna nemenda í 10. bekk, grunnskólanemenda og kennaranema og ýmsum skriflegum gögnum úr skólunum, s.s. skólanámskrám, sjálfsmatsskýrslum, prófum og verkefnum. Gagnaöflun fyrir hvern þátt tók mið af eðli og umfangi hans og ekki voru notaðar sömu aðferðir í þeim öllum.

Úttektaraðilar telja að ritunarkennsla í grunnskólunum tólf samrýmist vel flestum markmiðum Aðalnámskrár og að margir þættir starfsins séu til fyrirmyndar. Má þar t.d. nefna fjölbreytni í verkefnagerð, jákvætt viðhorf og metnað. Námsumhverfi er að öllu jöfnu aðlaðandi og hvetjandi og niðurstöður úr samræmdum prófum og PISA hafa verið nýttar á uppbyggilegan hátt. Hins vegar þarf að móta skýra stefnu í ritunarkennslu og birta hana m.a. í skólanámskrá. Huga þarf betur að frágangi texta í skólanámskrám margra skóla og gæta þess að skólanámskrár séu uppfærðar reglulega og vistaðar á aðgengilegan hátt á heimasíðum skólanna. Auka þarf samstarf milli kennara í mismunandi árgöngum í hverjum skóla og einnig væri æskilegt að auka samstarf milli skóla. Leita þarf leiða til að auka þátttöku forráðamanna í heimavinnu nemenda, ekki síst á mið- og unglingastigi. Þótt kennarar

telji sig að flestu leyti vel í stakk búna til að kenna ritun skortir þá úrræði að eigin sögn til að kenna suma þætti ritunar, t.d. sköpunarþáttinn. Bæta þyrfti möguleika kennara til símenntunar. Auka þarf vægi ritunarkennslu í kennaranámi og æskilegt væri að móta stefnu um þátt ritunar í kennaranámi sem m.a. byggði á samstarfi milli sviða og jafnvel háskóla sem mennta grunnskólakennara.

Samantekt sterkra og veikra hliða

Sterkar hliðar

- Ritunarkennsla samrýmist vel markmiðum Aðalnámskár.
- Aðalnámskrá hefur mikið vægi við skipulag ritunarkennslunnar.
- Viðfangsefni nemenda eru fjölbreytt í öllum árgöngum.
- Kennarar telja sig hafa aðgang að fjölbreyttu námsefni.
- Kennarar eru áhugasamir um að nota fjölbreyttar leiðir og aðferðir við ritunarkennslu.
- Kennarar eru jákvæðir í garð ritunarkennslu og hafa mikinn metnað.
- Kennarar telja sig yfirleitt vel í stakk búna til að kenna ritun.
- Nemendur hafa áhuga á ritun og telja sig fá góða kennslu.
- Niðurstöður úr ritunarþætti samræmdra prófa og PISA-könnunum hafa verið nýttar á viðeigandi hátt.
- Fjölbreytt „útgáfustarfssemi“ fer fram í skólum.
- Skólabókasöfn gegna mikilvægu hlutverki í ritunarkennslu.

Veikar hliðar

- Í Aðalnámskrá er ekki lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að birta greinaskrif sín. Lítið er fjallað um viðtakandann og sjálft ritunarferlið, þ.e. ferlið frá hugmynd til útgáfu.
- Tölvukostur skóla er sjaldan viðunandi.
- Ekki er farið nægilega að fyrirmælum námskrár um notkun tölvu og ritvinnslu í ritunarkennslu.
- Ekki er að finna nógu skýrar og skilmerkilegar ritunarstefnur í skólunum Samvinna kennara þvert á árganga eða milli skóla er yfirleitt ekki nægilega mikil.
- Ekki er nægileg áhersla lögð á að allir kennarar séu móðurmálskennarar.
- Kennarar og nemendur hafa ekki aðgang að „ráðgjafa“ í ritun eða ritstjóra sem hægt er að leita til.
- Yfirlestri útgefins efnis frá nemendum, kennurum og skólunum sjálfum, er of oft ábótavant.
- Opnunartími skólabókasafna miðast ekki nægilega við þarfir nemenda.
- Ritunarkennsla á unglingsstigi er ekki alltaf nógu markviss og heildstæð og of lítil áhersla er lögð á skapandi skrif.
- Samstarf og samráð við forráðamenn um ritun og heimavinnu er lítið á miðstigi og unglingsstigi.
- Markvissar leiðir við ritunarkennslu eru ekki notaðar til hlítar á unglingsstigi, t.d. stigskiptur stuðningur og ferlisritun.
- Nemendur fá ekki nógu mörg tækifæri til að læra af fyrirmyndum.
- Framboð af aðgengilegum leiðbeiningum við frágang texta þyrfti að vera meira og ýmiss konar ritunarsýnishorn nemenda eða listræn sköpun þeirra er af skorum skammti.
- Símenntunarmöguleikar kennara þyrftu að vera meiri og fjölbreyttari.
- Grunnmenntun kennara í ritun og ritlist er ekki mikil.

Efnisyfirlit

Matssamantekt	3
Samantekt sterkra og veikra hliða	4
1. Inngangur	7
1.1 Úttektaraðilar	7
1.2 Þátttökuskólar og þátttakendur	7
1.3 Meðferð gagna og trúnaður við þátttakendur	8
1.4 Skilgreining á hugtakinu ritun	8
1.5 Þakkir	8
2. Markmið, tilgangur og matsþættir úttektarinnar	9
2.1 Um ritun í Aðalnámskrá	9
2.2 Um ritun í skólanámskrám	9
2.3 Ritunarstefna grunnskólanna og samstarf kennara	9
2.4 Niðurstöður samræmdra prófa og PISA	9
2.5 Kennsluhættir í ritun	10
2.6 Undirbúningur kennara fyrir ritunarkennslu	10
3. Framkvæmd og gagnaöflun	11
3.1 Viðtöl	11
3.2 Vettvangsheimsóknir	11
3.3 Skrifleg gögn	12
3.4 Rafrænir spurningalistar	12
3.5 Vandamál tengd úttektinni og takmarkanir hennar	12
4. Niðurstöður og umræður	14
4.1 Ritun í Aðalnámskrá grunnskóla	14
4.1.1 Helstu áherslupættir, markmið og leiðarljós í námskrá í íslensku	14
4.1.2 Námsgreinin íslenska samkvæmt Aðalnámskrá	15
4.1.3 Loka- og áfangamarkmið ritunar í Aðalnámskrá	16
4.1.4 Um viðhorf kennara og kennaranema til lokamarkmiða í Aðalnámskrá	18
4.1.5 Umfjöllun um ritun í öðrum námsgreinum en íslensku	19
4.1.5.1 Ábendingar um ritun í öðrum námsgreinum en íslensku	20
4.1.6 Ritunarpættir í Aðalnámskrá	20
4.1.6.1 Tæknileg atriði ritunarkennslu	21
4.1.6.2 Efnisleg atriði ritunarkennslu	24
4.1.7 Helstu niðurstöður um ritun í Aðalnámskrá	26
4.1.8 Ábendingar um ritun í Aðalnámskrá	27
4.2 Um ritun í skólanámskrám	27
4.2.1 Ábendingar um ritun í skólanámskrám	28
4.3 Ritunarstefna grunnskólanna, samstarf kennara og viðhorf	28
4.3.1 Samantekt um ritunarstefnu og samstarf	29
4.3.2 Ábendingar um ritunarstefnu og samstarf	29
4.4 Samræmd próf og PISA	30
4.4.2 Ábendingar um samræmd próf	32
4.5 Kennsluhættir	32
4.5.1 Aðbúnaður, skipulag og námsumhverfi	32

4.5.1.1 Til eftirbreytni.....	34
4.5.1.2 Helstu niðurstöður og ábendingar um aðbúnað, skipulag og námsumhverfi.....	34
4.5.2 Kennsluaðferðir	35
4.5.2.1 Viðhorf til kennsluaðferða.....	39
4.5.2.2 Hvernig kenna kennarar ritun?	39
4.5.2.3 Helstu niðurstöður um kennsluaðferðir.....	40
4.5.2.4 Ábendingar um kennsluaðferðir	40
4.5.3 Viðfangsefni.....	40
4.5.3.1 Viðhorf til ritunarkennslu og -verkefna.....	42
4.5.3.2 Áhugaverð verkefni og viðfangsefni.....	42
4.5.3.3 Helstu niðurstöður um viðfangsefni.....	43
4.5.3.4 Ábendingar um viðfangsefni	44
4.5.4 Námsgögn.....	44
4.5.4.1 Viðhorf kennara og nemenda til útgefins námsefnis	45
4.5.4.2 Helstu niðurstöður um námsefni	45
4.5.4.3 Ábendingar um námsefni	46
4.5.5 Heimavinna.....	46
4.5.5.1 Ábendingar um heimanám.....	47
4.5.6 Námsmat	48
4.5.6.1 Matsþættir og gátlistar.....	48
4.5.6.2 Að meta framfarir.....	49
4.5.6.3 Samræmdur matskvarði.....	49
4.5.6.4 Að betrubæta texta.....	50
4.5.6.5 Vandmeðfarnir þættir námsmats.....	50
4.5.6.6 Samantekt um námsmat	51
4.5.6.7 Ábendingar um námsmat.....	52
4.6 Undirbúningsmenntun kennara fyrir ritunarkennslu	53
4.6.1 Kennsla í íslensku við Menntavísindasvið HÍ og Háskólann á Akureyri	53
4.6.2 Staða kennaranema og undirbúningur fyrir ritunarkennslu	55
4.6.3 Símenntun og símenntunarnámskeið	56
4.6.4 Samantekt um undirbúning kennara fyrir ritunarkennslu	57
4.6.5 Ábendingar um undirbúning kennara fyrir ritunarkennslu	58
5. Umfjöllun um styrk, veikleika og tillögur til úrbóta.....	59
5.1 Styrkur	59
5.2 Veikleiki og tillögur til úrbóta	60
6. Lokaorð.....	63
Heimildaskrá.....	64
Viðauki 1. Niðurstöður rafrænna spurningakannana.....	65
Viðauki 2. Námsbækur í íslensku 2011–2012.....	70
Viðauki 3. Matsreglur í ritun á samræmdu prófi 2011.....	73
Viðauki 4. Samantekt yfir símenntunarnámskeið	75

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á kennslu, markmiðum og námsmati í ritunarkennslu í tólf grunnskólum. Úttektin var gerð að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á grunnskólastigi.¹ Úttektin miðast við ritunarkennslu samkvæmt gildandi Aðalnámskrá grunnskóla í íslensku frá 2007 og almenna hluta Aðalnámskrár frá 2006. Jafnframt er eftir atvikum miðað við nýja Aðalnámskrá grunnskóla, almennan hluta, sem tók gildi 1. ágúst 2011. Sú námskrá hafði þó ekki náð fótfestu á úttektartíma.

Gagnaöflun fór fram á vettvangi í grunnskólunum tólf í apríl og maí 2012. Hún fólst í viðtölum, vettvangsheimsóknnum, söfnun ýmissa skriflegra gagna og rafrænum könnunum. Úrvinnsla gagna fór fram samhliða gagnaöflun og var haldið áfram til loka október 2012. Til þess að skoða undirbúning sem kennarar fá fyrir ritunarkennslu í grunnskólum var gagna aflað í kennaradeild Háskólans á Akureyri og á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Niðurstöður úttektarinnar eru byggðar á sjálfstæðu og faglegu mati úttektaraðila á úttektargögnum. Í samræmi við tilmæli ráðuneytisins fengu skólastjórar skólanna tólf tækifæri til að gera athugasemdir við skýrsluna áður en henni var skilað.

1.1 Úttektaraðilar

Úttektin var unnin af tveimur úttektaraðilum. Stjórn og umsjón með verkefninu var í höndum Svanhildar Kr. Sverrisdóttur, kennslufræðings og doktorsnema við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún sá jafnframt um gagnaöflun á vettvangi og úrvinnslu rafrænna kannana. Sérfræðisvið Svanhildar er íslenskukennsla og kennsluhættir. Hún hefur reynslu af kennslu á öllum skólastigum, kennsluráðgjöf, ritstjórn og námsefnisgerð. Hún hefur áður unnið úttekt fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Auk hennar vann Guðrún Valsdóttir, menntunarfélagsfræðingur og doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, að úttektinni. Guðrún hefur reynslu af kennslu á grunn- og háskólastigi. Þeim til aðstoðar voru þrír einstaklingar sem aðstoðuðu við afritun viðtala, úrvinnslu rafrænna kannana og yfirlestur.

1.2 Þátttökuskólar og þátttakendur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið valdi þátttökuskólana tólf. Þeir eru Breiðagerðisskóli, Brekkubæjarskóli, Giljaskóli, Grunnskóli Bolungarvíkur, Hamraskóli, Hörðuvallaskóli, Laugalandsskóli, Lundarskóli, Ölduselsskóli, Réttarholtsskóli, Sjúlandsskóli og Vopnafjarðarskóli. Sex þeirra eru á höfðuborgarsvæðinu og sex á landsbyggðinni. Í fjölmennasta skólanum voru 850 nemendur í 1.–10. bekk og við hann störfuðu 52 kennarar. Í fámennasta skólanum voru 95 nemendur í 1.–10. bekk og við hann störfuðu 13 kennarar. Skólarnir voru valdir með hliðsjón af góðri frammistöðu nemenda í ritun á samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk á undanförunum árum, jákvæðum niðurstöðum úr

¹Í lögnum segir að ráðuneyti annist greiningu og miðlun upplýsinga um skólalald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Einnig að ráðuneyti geri áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og Aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs.

PISA-könnunum eða vegna athyglisverðra þróunarstarfa í ritunarkennslu. Með því er m.a. leitast við að draga fram jákvæða þætti í ritunarkennslu til að aðrir megi læra af þeim. Auk grunnskólanna tólf var aflað gagna í kennaradeildum Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands.

1.3 Meðferð gagna og trúnaður við þátttakendur

Í úttekt af þessu tagi verður til mikið safn upplýsinga og gagna. Þátttakendum var öllum heitinn fullur trúnaður við meðferð og umfjöllun gagna sem tengjast úttektinni og í umfjöllun um hana. Tekið var fram að þess yrði gætt að ummæli úr viðtölum eða lýsingar úr kennslustofum væri ekki hægt að rekja til einstakra skóla eða einstaklinga.

1.4 Skilgreining á hugtakinu ritun

Hugtakið ritun hefur verið skilgreint á marga vegu, allt frá því að draga til stafs þannig að aðrir geti skilið táknið til flókinnar hugsunar og listrænnar tjáningar. Í Aðalnámskrá grunnskóla er hugtakið sjálfst ekki skilgreint heldur tekið fram að þjálfun í ritun feli í sér bæði tæknileg og efnisleg atriði. Í þessari úttekt er litið svo á að ritun sé ferli sem nær frá hugmynd til birtingar. Ritunarferlið felur í sér marga ólíka þætti sem tvinnast saman. Einfalt er að skilgreina og tiltaka tæknilega þætti eins og rithönd eða skrift, stafsetningu, greinarmerkjasetningu, frágang texta og uppsetningu. Aðrir þættir ritunar eru huglægari, s.s. skýrleiki, frumleiki, sköpun, samloðun og samhengi og verða varla aðgreindir sem annaðhvort tæknilegur eða efnislegur.

1.5 Þakkir

Úttekt sem þessi krefst samstarfs margra aðila, ekki síst kennara sem opna dyr kennslustofunnar, gefa sér tíma til að mæta í viðtal og láta af hendi ýmis gögn og upplýsingar sem tengjast kennslu. Slíkt er ekki sjálfgefið. Þeim eru færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt og vinsamlegt viðmót. Einnig stjórnendum og nemendum sem mættu í rýnihópaviðtöl og forráðamönnum sem gáfu sér tíma til að taka þátt í rafrænni könnun. Þá er háskólakennurum og kennaranemum við kennaradeild Háskólans á Akureyri og Menntavísindasvið Háskóla Íslands þakkað fyrir framlagið.

2. Markmið, tilgangur og matsþættir úttektarinnar

Í erindisbréfi úttektarinnar kemur m.a. fram að markmið hennar sé að taka út og skoða kennslu, námskröfur og námsmat í ritun í íslensku í byrjendakennslu, 4., 7. og 10. bekk í tólf grunnskólum með hliðsjón af markmiðum íslenskukennslu í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2007 og annarra námsgreina eftir því sem þörf krefur. Í erindisbréfinu segir enn fremur að afla skuli upplýsinga um ferli ritunarkennslu frá upphafi til loka grunnskóla, þ.e. hvernig nemendum er kennt að tileinka sér stigvaxandi hæfni í því að færa hugsanir sínar og vangaveltur í fjölbreyttan búning hins ritaða máls. Í úttektinni voru sex matsþættir hafðir til viðmiðunar við gagnaöflun og úrvinnslu og er hér í stuttu máli gerð grein fyrir hverjum þeirra. Gagnaöflun fyrir hvern þátt tók mið af eðli og umfangi hans og ekki voru notaðar sömu aðferðir í þeim öllum.

2.1 Um ritun í Aðalnámskrá

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2007 er námsgreininni íslensku skipt í fjóra þætti og gert ráð fyrir að þeir fái allir viðeigandi vægi í skólanámskrám og kennslunni sjálfri. Einn þessara þátta er ritun. Í úttektinni var leitað svara við því hvort greina mætti heildstæða stefnu í ritun í námskránni, hvernig áherslur breytast í ritunarkennslu eftir því sem líður á grunnskólann og hvernig fjallað væri um ritun í öðrum námsgreinum.

2.2 Um ritun í skólanámskrám

Skólanámskrá skal samkvæmt lögum gefa út árlega í hverjum skóla. Hlutverk hennar er mikilvægt og ætlast er til þess að hún innihaldi skýra, vandaða og ítarlega útfærslu á Aðalnámskránni þar sem tekið er mið af stefnu og gildum hvers skóla, umfjöllun um starfsáætlun skólans, skipulagi kennslunnar, kennsluháttum, tilhögun námsmats, námsmatsreglum og vitnisburðarkerfi, hvernig skólinn hyggst stuðla að jákvæðum og lýðræðislegum skólabrag, hvernig skólinn hyggst vinna með heimilum, áætlun skólans um tengsl við önnur skólástig, útfærslu skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga og hvernig skólinn hyggst mæta mismunandi þörfum nemenda (2006, bls. 12–13 og 2011, bls. 64–65). Í úttektinni var skoðað með hvaða hætti stefna Aðalnámskrár í ritun birtist í skólanámskrám og námslýsingum skólanna.

2.3 Ritunarstefna grunnskólanna og samstarf kennara

Með ritunarstefnu skóla er átt við hvort skólinn hafi mótað tiltekna stefnu í ritunarkennslu, formlega eða óformlega. Kannað var hvort kennarar og stjórnendur væru ánægðir með stöðu ritunar í skólunum eða hvort þeir teldu að breytinga væri þörf. Skoðað var hvert væri hlutverk kennara í sambandi við ritunarkennslu og skipting ábyrgðar innan skólans. Einnig var kannað hvernig samvinnu kennara væri háttað, bæði innan skólans og við aðra skóla og hvort þörf væri á stuðningi við skóla til að kenna ritun og þá hvers konar stuðningi.

2.4 Niðurstöður samræmdra prófa og PISA

Skólarnir tólf í úrtakinu voru meðal annars valdir með tilliti til góðrar niðurstöðu á ritunarþætti samræmdra prófa eða jákvæðs árangurs í læsi í PISA-könnunum. Fjallað er um hvernig skólarnir hafa nýtt þessar niðurstöður í sambandi við ritunarkennslu.

2.5 Kennsluhættir í ritun

Kennsluhættir er umfangsmesti þáttur úttektarinnar. Í þessari skýrslu er litið svo á að hugtakið feli í sér a) aðbúnað, skipulag og umhverfi í skólastofunni, b) kennsluaðferðir, c) viðfangsefni, d) námsgögn, e) heimavinnu og f) námsmat. Í úttektinni var skoðað það sem fram kemur um kennsluhætti í ritun í Aðalnámskrá og skólanámskrám, kennsluhættir í skólafarfinu sjálfu voru greindir sem og viðhorf kennara, stjórnenda, forráðamanna og nemenda til þeirra. Jafnframt var skoðað hvernig áherslur breytast í ritunarkennslu eftir því sem líður á grunnskólann.

a) Aðbúnaður, skipulag og námsumhverfi

Í úttektinni var skoðað hvernig skólastofur voru skipulagðar, hvernig húsgögnum var stillt upp, hvernig námsgögn mátti sjá í hillum og á veggjum, hvernig ritunarefni nemenda var gert sýnilegt, hvernig tölvur, upplýsinga- og samskiptatækni var notað í ritunarkennslu.

b) Kennsluaðferðir

Með hugtakinu kennsluaðferð er átt við þær aðferðir sem kennarinn beitir í kennslustundum til þess að ná settum markmiðum, hvert hlutverk hans er í kennslustundinni og hvert hlutverk nemenda er. Fylgst var með fjölda kennslustunda á öllum skólastigum, aðallega í íslensku en einnig í nokkrum öðrum greinum.

c) Viðfangsefni

Í úttektinni var skoðað hver eru helstu viðfangsefni nemenda í ritun og hvaða grundvallarhugtök fengist er við.

d) Námsgögn

Hugtakið námsgögn er hér notað yfir námsbækur, handbækur, ítarefni, kennsluleiðbeiningar, veggspjöld, tölvubúnað og annað efni sem nýtist í ritunarkennslu. Í úttektinni var meðal annars skoðað hvaða námsefni væri helst notað í ritunarkennslu og hver afstaða kennara til þess væri.

e) Heimavinna

Heimavinna á sér fastan sess í hefðbundnu skólafarfi. Í úttektinni var skoðað hvort skólar væru með stefnu um heimavinnu nemenda í ritun, t.d. frá upphafi til loka grunnskóla. Einnig var skoðað hvort samstarf væri við forráðamenn um heimavinnu og hvernig tölvukostur heimila nýtist við hana.

f) Námsmat

Í úttektinni var það skoðað sem segir um námsmat í ritun í Aðalnámskrá og skólanámskrám og hvernig námsmati er einkum beitt í skólafarfinu sjálfu.

2.6 Undirbúningur kennara fyrir ritunarkennslu

Kannaður var undirbúningur kennara fyrir ritunarkennslu í grunnskóla, hvort menntun í kennaranámi nýtist kennurum við ritunarkennslu í grunnskólum og hvort það væru einhver svið ritunarkennslu sem kennarar teldu sig ekki nægilega undirbúna fyrir. Kennarar voru einnig spurðir hvort þeim þætti einhver þáttur ritunarkennslunnar erfiðari en annar. Endurmenntunarstefna skólanna var skoðuð og spurt hvort félagastuðningur væri í skólanum við kennslu ritunar, hvort áhersla væri lögð á símenntun á sviði ritunarkennslu, hvort talin væri þörf á símenntun í kennslu ritunar og hvaða símenntun væri í boði fyrir kennara í ritun.

3. Framkvæmd og gagnaöflun

Mennta- og menningarmálaráðuneytið valdi þá tólf skóla sem tóku þátt í úttektinni og sendi stjórnendum bréf þar sem tilgangi úttektar og markmiðum hennar var lýst. Í framhaldi hafði úttekaraðili samband við stjórnendur til að skipuleggja heimsókn og óska eftir aðgangi að vettvangi og gögnum. Gagnaöflun fór fram í apríl og maí 2012. Hún var umfangsmikil því auk vettvangsheimsókna, viðtala og rafrænnar könnunar var beðið um skrifleg gögn úr grunnskólunum, s.s. ársskýrslur, skólanámskrár, áætlanir, verkefni og lokapróf. Ákveðið var að hafa gagnaöflunina umfangsmikla til að tryggja að nægar upplýsingar lægju til grundvallar mati enda erfitt að bæta við gagnasafnið eftir á. Gagnaöflun gekk mjög vel og samstarfsvilji einkenndi undantekningarlaust viðmót allra sem leitað var til.

3.1 Viðtöl

Í grunnskólunum tólf voru tekin rýnihópaviðtöl² við stjórnendur, nemendur og kennara. Auk þess voru tekin bæði einstaklings- og rýnihópaviðtöl við kennaranema í Háskólanum á Akureyri, íslenskukennara í kennaradeild Háskólans á Akureyri og við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Alls voru þessi viðtöl 39 og heildartími þeirra er rúmlega 28 klukkustundir. Viðtölin voru hljóðrituð á stafrænt upptökutæki og afrituð fyrir greiningu. Stuðst var við viðtalsramma í öllum viðtölum og tók hann mið af matsþáttunum sex eftir því sem við átti. Í rýnihópaviðtölum við stjórnendur var misjafnt hvort skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri var viðstaddur. Í hverju rýnihópaviðtali við kennara var rætt við kennara af öllum skólastigum; bæði bekkjarkennara á yngri stigum og íslenskukennara á unglingsstigi. Ekki var spurt um bakgrunn kennaranna. Viðtöl við nemendur voru skipulögð af stjórnendum skólanna. Fjórir til sex nemendur voru í hverjum hópi og þess gætt að hafa hlutfall kynjanna sem jafnast.

3.2 Vettvangsheimsóknir

Tilgangurinn með vettvangsheimsóknum var að afla upplýsinga um kennsluhætti; umhverfi í skólastofunni, kennsluaðferðir, námsefni og annað sem gæti veitt svör við þeim spurningum sem lagt var af stað með. Þær vörpuðu einnig skýrara ljósi á ýmislegt sem fram kom í viðtölum við nemendur, kennara og stjórnendur. Sami úttekaraðili fylgdist með kennslu í öllum skólunum. Vettvangsheimsóknir stóðu yfir í 27 skóladaga. Þær fóru fram með þrennum hætti:

- a) Athugandi gekk á milli kennslustofa þar sem kennsla fór fram, fékk sér sæti þar sem lítið bar á honum og fylgdist með kennslu í stuttan tíma á hverjum stað. Hann tók ljósmyndir af umhverfi stofunnar og stundum viðfangsefni nemenda, ræddi við kennara og nemendur eftir því sem færi gafst á og skráði hjá sér athugasemdir, ýmist samstundis eða eftir á. Fjöldi þessara kennslustunda var ekki talinn nákvæmlega.
- b) Athugandi valdi fyrirfram kennslustund til að fylgjast með og sat í heila kennslustund á hverjum stað, alls í 67 kennslustundir. Hann fékk sér sæti þar sem lítið bar á honum og skráði hjá sér

² Rýnihópaviðtöl eru einnig kölluð hópviðtöl (e. focus groups). Rýnihópar hafa verið notaðir í eiginlegum rannsóknum frá því snemma á 20. öld. Aukin tækni hefur gert þessa leið við gagnaöflun aðgengilegri. Hún er vinsæl t.d. í ýmiss konar markaðsrannsóknum (Ritchie og Lewis, 2003). Viðtölin byggjast á tækni eða nálgun þar sem gagna er aflað með skipulögðu viðtali við nokkra einstaklinga, oft frá þremur til átta, um málefni sem rannsakandi skilgreinir. Markmiðið er að fá fram mismunandi skoðun og reynslu viðmælenda (Bogdan og Biklen, 2006; Kvale, 1996).

athugasemdir. Kennslustundir á yngsta stigi (1.–4. bekkur) voru 23, miðstigi (5.–7. bekkur) 20 og unglíngastigi (8.–10. bekkur) 24.

c) Athugandi gekk um ganga skólans, tók myndir af umhverfi, t.d. veggspjöldum á göngum skólans eða tómum veggjum ef því var að skipta.

Í vettvangsathugunum skráði athugandi hjá sér í tölvu eins mikið og hann komst yfir. Hann hafði til hliðsjónar einfaldan gátlista. Það var m.a. gert til að gæta sem mestrar samræmingar og nákvæmni við skráninguna. Hann tók myndir af vettvangi en gætti þess að ekki sæist framan í nemendur. Myndirnar voru notaðar við gagnagreiningu á tvennan hátt, bæði til að auðvelda upprifjun á framvindu kennslustundarinnar og einnig til að greina námsumhverfið, skoða myndir af verkefnum og kennslubókum.

3.3 Skrifleg gögn

Til að fá sem gleggsta mynd af kennsluháttum í ritun voru eftirfarandi skrifleg gögn skoðuð og greind:

- Sjálfsmatsskýrslur og ársskýrslur.
- Ritunarpáttur samræmdra prófa.
- Skólanámskrá og kennsluáætlanir skólaársins 2011–2012.
- Loka- og áfangapróf í 4., 7. og 10. bekk.
- Ýmis verkefni, matslistar og leiðbeiningar sem dreift var til nemenda.
- Námskeiðslýsingar frá Háskólanum á Akureyri og Menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- Greinargerð tíu kennaranema við Menntavísindasvið um eigið ritunarnám.

Hluti þessara gagna var aðgengilegur á heimasíðu skólanna, hluti þeirra var afhentur útprentaður í skólunum eða sendur úttektaraðila í tölvupósti.

3.4 Rafrænir spurningalistar

Rafrænir spurningalistar voru sendir til forráðamanna nemenda í 10. bekk, nemenda í 7. og 10. bekk og íslenskukennara og háskólanema. Notast var við hugbúnaðinn K2 á vegum Reiknistofnunar Háskóla Íslands, einfalt forrit til að hanna og leggja fyrir spurningarkannanir. Spurningar voru ýmist beinar eða fjölvalsspurningar. Alls svöruðu 43 kennarar tveimur gerðum af spurningalistum, 269 nemendur, 54 forráðamenn og 29 kennaranemar.³

3.5 Vandamál tengd úttektinni og takmarkanir hennar

Við úttekt af þessu tagi þarf að huga að mörgum og fjölbreyttum þáttum við undirbúning, skipulagningu og framkvæmd. Á þann hátt verður best tryggt að niðurstöður gefi raunhæfa mynd af stöðu mála. Lagt var upp með ákveðnar spurningar sem mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir að leitað yrði svara við. Þannig voru ákveðnir þættir valdir fram yfir aðra til að skoða en öðrum sleppt. Slíkt dregur vissulega úr gildi úttektar af þessu tagi en hins vegar er nauðsynlegt að afmarka

³ Myndrænar niðurstöður fjölvalsspurninga úr öllum könnunum má sjá í viðauka 1. Yfirlit yfir textasvör er ekki að finna í þessum niðurstöðum

og takmarka umfjöllunarefnið þar sem takmarkaður tími var ætlaður í úttektina og viðfangsefni hennar er auk þess mjög umfangsmikið.

Einn liður úttektarinnar var að skoða á hvern hátt kennaranemar væru undirbúnir í námi sínu fyrir kennslu ritunar í grunnskóla. Stutt er síðan kennaranám var lengt úr þriggja ári námi sem lauk með B.Ed.-gráðu í fimm ára nám sem lýkur með M.Ed.-gráðu.⁴ Enn hafa nemendur ekki verið útskrifaðir samkvæmt þessu nýja kerfi. Sú mynd sem hér er dregin upp af kennaranáminu mun því væntanlega breytast á næstu árum.

⁴ Samkvæmt lögum nr. 87/2008 þarf meistarapróf til að fá leyfisbréf til að starfa sem grunnskólakennari og er námstíminn nú fimm ár í stað þriggja. Sjá nánar: <http://www.althingi.is/lagas/136a/2008087.html>

4. Niðurstöður og umræður

Í þessum kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum úttektarinnar og rætt um ályktanir sem dregnar voru af þeim. Öll umfjöllun tekur mið af þeim gögnum sem aflað var í úttektinni og því má ekki alhæfa um ritunarkennslu í grunnskólum út frá niðurstöðum hennar. Niðurstöðurnar gefa hins vegar vísbendingar og þeim er ætlað að auka skilning á því hvernig ritunarkennsla fer fram í þeim tólf skólum sem úttektin nær til. Ef vel lætur eiga þær eftir að skapa umræðu og vekja bæði kennara og aðra sem láta sig málið varða til umhugsunar um hvað það er sem skiptir máli, hvað er vel gert og hvað má færa til betri vegar.

4.1 Ritun í Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út af mennta- og menningar- málaráðherra samkvæmt lögum.⁵ Hún gegnir veigamiklu hlutverki enda er henni ætlað að vera viðmið og leiðarvísir fyrir allt skólastarf. Í henni er kveðið á um uppbyggingu og skipan náms, þar sem náms- og kennslumarkmið eru skilgreind og uppeldis- og menntunarhlutverki skóla lýst. Aðalnámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og greinabundinn hluta. Hverjum skóla er ætlað að útfæra nánar markmið Aðalnámskrár í skólanámskrá, bæði almenna hlutans og greinabundna hlutans.

Matsbáttur 1

Leitað var svara við því hvort greina mætti heildstæða stefnu í ritun í Aðalnámskrá, hvernig áherslur breytast í ritunarkennslu eftir því sem líður á grunnskólann og hvernig fjallað er um ritun í öðrum námsgreinum.

Námskrá sem gefin var út fyrir öll skólastig árið 1999 leysti af hólmi námskrá útgefna árið 1989. Helstu nýmæli hennar voru ítarleg þrepamarkmið í öllum námsþáttunum í hverjum árgangi. Almenni hluti námskrárinnar fyrir grunnskólann var gefinn út endurskoðaður árið 2006. Ný Aðalnámskrá, almennur hluti, tók gildi 1. ágúst 2011 en hún hafði ekki sett mark sitt á starf skólanna tólf þegar úttektin fór fram. Sú námskrá á að vera komin að fullu til framkvæmda þremur árum frá gildistökunni. Greinabundnar námskrár fyrir grunnskólann voru gefnar út árið 2007. Birt hafa verið drög að nýrri námskrá sem ekki höfðu verið samþykkt þegar þessi skýrsla var skrifuð. Gert er ráð fyrir að ný námskrá hafi tekið gildi hausið 2015. Þegar þessi úttekt fór fram var því almenna námskráin frá 2006 og greinabundnar námskrár frá 2007 í fullu gildi.

4.1.1 Helstu áherslupættir, markmið og leiðarljós í námskrá í íslensku

Í almennum hluta Aðalnámskrár grunnskóla frá 2006 er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnubrögðum og vandaðar og árangursríkar kennsluaðferðir sem eiga að „efla með nemendum námfýsi og vinnugleði“ (bls. 15). Skólaganga nemenda miðast við það að í lok grunnskólans hafi þeir öðlast sjálfstraust og öryggi, kunni að læra, hafi kjark til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða, geti unnið með öðrum og kunni að tjá sig skýrt og skilmerkilega í töluðu og rituðu máli. Þá er tekið fram að allir kennarar séu íslenskukennarar, hvaða grein sem þeir kenna (bls. 11). Í nýju námskránni (2011) er að finna sömu

⁵ Ný Lög um grunn- og framhaldsskóla voru samþykkt á Alþingi í júní 2008. Þau eru yfirgripsmikil og tóku töluverðum breytingum frá fyrri lögum, 1995 og 1996.

áherslu en með öðru orðalagi. Þar segir að leggja beri áherslu á að þjálfa nemendur í íslensku í öllu námi (bls. 35).

Í *Skýrslu forvinnuhóps á námssviði móðurmáls* (Menntamálaráðuneytið, 1997) kemur skýrt fram að í námskránni sé lögð áhersla á þrens konar markmið, þ.e. færnimarkmið, þekkingarmarkmið og viðhorfsmarkmið. Hugtökin nytsemdarrök, námsrök og menntunar- eða menningarrök voru notuð sem lykilhugtök sem og heildstæð kennsla, samfella, gleði og ánægja. Einnig koma fram leiðarljósín leikur, ábyrgð og siðvit, félagsleg hæfni, umburðarlyndi og jafnrétti, heilðræn sýn, leit og gagnrýnin hugsun, sköpun, framtak og áræðni, tilgangur, þýðing og hagnýting náms og upplýsingatækni. Í skýrslunni segir enn fremur að megináherslan sé lögð á heildstæða móðurmálskennslu og að „sviðin eigi að tengjast og skarast, þættirnir að fléttast saman og hvað eigi að styðja annað“ (Menntamálaráðuneytið, 1997, bls. 5). Þessi sýn á markmið og móðurmálskennslu endurspeglast í námskránum frá 1999 og 2007.

4.1.2 Námsgreinin íslenska samkvæmt Aðalnámskrá

Í íslenskuhluta Aðalnámskrár fyrir grunnskóla frá árinu 2007 er almenn umfjöllun um námsgreinina á blaðsíðum 6–11. Fyrsta málsgreinin er svohljóðandi: „Traust kunnáttu í móðurmáli er meginundirstaða haldgóðrar menntunar, lestur öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti forsenda þátttöku í samfélaginu“ (2007, bls. 4). Í þessum hnitmiðaða texta er að finna skilgreiningu á mikilvægi fagsins og jafnframt má greina áherslu á þá fjóra flokka sem námsgreininni íslensku er skipt í, þ.e. *talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði*. Víða í texta námskrárinnar má greina frekari útlistun á þessu hlutverki námsgreinarinnar og jafnframt er bent á að íslenska sé í eðli sínu margþætt námsgrein og að miklu skipti að öll íslenskukennsla taki mið af því. Tekið er fram að mikilvægast sé að móðurmálsnám sé heildstætt og að hver þáttur styðji annan þannig að þeir myndi saman eina heild. Meginmarkmið með íslenskunámi felist í því að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málsins og nái góðu valdi á því. Í námskránni er fjallað um hlutverk tungumálsins og mikilvægi þess sem samskiptatækis. Tungumálið er sagt vera bæði skapandi og mótandi og að traust undirstaða í því auki hæfni nemenda til að nota íslenskuna á áhrifaríkan hátt og vega og meta upplýsingar úr margvíslegum miðlum.

Í umfjöllun um hvern hinna fjögurra flokka segir að lestur sé undirstaða allrar menntunar, auki orðaforða, þekkingu og reynslu og stuðli að færni í mannlegum samskiptum og að lestrarfærni sé nauðsynleg til virkrar þátttöku í samfélaginu. Hún er einnig sögð forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Bent er á mikilvægi þess að lestrarþjálfun sé fjölbreytt og fari fram á öllum skólastigum. Ritfærni nýtist til þess að miðla efni til annarra og eykur möguleika á að njóta þess sem vel er gert á sviði ritunar. Gott vald á töluðu máli, framsögn og samræðum er mikilvægt til þess að tjá skoðanir, taka virkan þátt í samfélagsumræðu og miðla af þekkingu auk þess sem vald á munnlegri tjáningu í móðurmáli er undirstaða tungumálanáms og nýtist í öllum öðrum námsgreinum. Að lokum er málfræðiþekking sögð mikilvæg fyrir umræður um mál og málfar, til að vera betri málnotandi, til að læra erlend tungumál og til að hafa full not af orðabókum og handbókum.

Í námskránni er víða bent á leiðir til að ná markmiðum hennar. Tekið er fram að sköpunarmáttur tungumálsins eigi að vera í öndvegi og að góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu sé lykilatíði. Viðfangsefni nemenda eiga að vera fjölbreytt og æskilegt þykir að sam-

Þætta íslensku við nám í öðrum greinum. Söguaðferðin⁶ er talin henta vel í því sambandi en ekki tekið fram við hvaða aldur sé miðað svo líklega er átt við á öllum aldursstigum. Einnig eru stór verkefni sögð henta vel til að gera nám heildstætt.

4.1.3 Loka- og áfangamarkmið ritunar í Aðalnámskrá

Fjallað er um ritun í sérstökum kafla í námskránni. Í honum eru færð rök fyrir því hvers vegna ritun er mikilvægur þáttur í skólastarfi og loka- og áfangamarkmið í námsþættinum tilgreind. Þjálfun í ritun er greind í tvo meginþætti; *tæknileg atriði* og *efnisleg atriði* og tekið fram að nauðsynlegt sé að hafa þá báða í huga við alla textagerð. Þá er sérstaklega tekið fram að grundvallaratriði sé að nemendur fái stöðuga þjálfun í skrift og læri að draga rétt til stafs. Ítarlega er fjallað um þættina í kafla 4.1.6.

Í námskránni segir að eðli lokamarkmiða sé að gefa heildarmynd af því sem stefnt er að í kennslu einstakra námsgreina í grunnskóla. Þeim sé ætlað að skýra almennan tilgang náms og lýsa því sem skólar eigi að stefna að og því sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu lögbundnu skyldunámi. Lokamarkmið í íslensku eru alls 39, þar af eru tíu í ritun. Þau fela m.a. í sér áherslu á hæfni, leikni, viðhorf og þjálfun sem nemendum á að veitast í náminu.

Áfangamarkmið eru tilgreind fyrir hvert hinna þriggja skólastiga; yngsta stig, miðstig og unglíngastig, þ.e. í lok 4., 7. og 10. námsárs. Áfangamarkmið í íslensku eru alls 126, af þeim eru alls 27 sem tilheyra sérstaklega þættinum ritun og eru flest á unglíngastigi. Ætlast er til að hver skóli útfæri nánar þessi markmið í samræmi við staðbundin markmið og áherslur (bls. 11).

Lokamarkmið

Nemandi:

- sé fær um að skrifa margvíslega texta af öryggi
- hafi góðan orðaforða og beiti ýmiss konar stílbrigðum og myndmáli
- kunni að byggja upp efnisgreinar og færa rök fyrir máli sínu
- hafi þjálfast í að skrifa helstu textategundir og þekki sérkenni þeirra
- hafi tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við samningu ritsmíða
- geti nýtt sér leiðbeiningar um textagerð og sé tilbúinn að taka gagnrýni á eigin texta
- hafi vald á réttiritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- hafi vanist við að notfæra sér hjálpargögn við ritun
- kunni að ganga frá ritsmíðum, handskrifuðum og á stafrænu formi
- geti sett saman vísu eða skrifað skáldlegan texta frá eigin brjósti

Áfangamarkmið

4. bekkur

Ritun þarf að vera ríkur og sjálfsagður þáttur í skólastarfinu. Lögð er áhersla á skrift, færni á tölvur og stafsetningu. Í fyrstu er meira lagt upp úr skriftartækni en síðan fær stafsetning meira rúm. Nemendur þurfa að æfa sig að semja og skrifa margvíslega texta og læra að byggja upp einfaldar frásagnir.

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- geta skrifað skýrt og læsilega
- þekkja einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum og reglur um sérhljóð á undan *ng* og *nk*
- vera fær um að endursegja og skrifa eftir frásögn og upplestri

⁶ Söguaðferðin (e. story line) er kennsluáferð sem er skyld þemavinnu. Áhersla er lögð að að nemendur séu virkir þátttakendur, samþættingu námsgreina og skapandi starf.

- hafa tjáð hugmyndir sínar og reynslu
- þekkja grunnþætti í byggingu texta, inngang, meginmál og niðurlag
- geta skrifað einfaldan texta á tölvu og hafa fengið leiðsögn um rétta fingrasetningu
- hafa skoðað og skrifað margvíslega texta, svo sem frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð og sendibréf
- hafa kynnst orðabókum og fleiri hjálpargögnum

7. bekkur

Á þessu stigi er lögð áhersla á stafsetningarkennslu. Nemendum eru kynntar reglur um stafsetningu og greinarmerki og æfa sig í notkun þeirra. Þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs máls stuðlar að betra valdi á málinu. Ritun þarf því að vera sem fjölbreyttust og mælt er með því að unnið sé út frá ólíkum tegundum texta. Ritunarþjálfun þarf að vera samfelld og byggjast á stöðugri endurgjöf eftir því sem við verður komið. Lögð er áhersla á fjölbreytt orðaval og skýra framsetningu texta. Ennfremur er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í ritvinnslu. Mikilvægt er að þeir læri að nota stafsetningarorðabækur og önnur hjálpargögn við ritun.

Við lok 7. námsárs á nemandi að

- geta skrifað læsilega og af öryggi
- nota rétta fingrasetningu við ritvinnslu
- hafa náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- geta dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- hafa öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu
- geta skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli
- hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti
- kunna að ganga frá texta og geta nýtt sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun
- geta endurskrifað almenna texta rétt
- hafa náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu

10. bekkur

Í ritunarkennslu ber að stefna að því að nemendur séu skapandi og öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum. Þeir þurfa að fá æfingu í að vinna úr fjölbreyttum textum, endursegja og laga þá að eigin þörfum. Áhersla skal lögð á virðingu við heimildir, að nemendur meti texta annarra og geti jafnframt tekið gagnrýni á eigin texta og nýtt hana til úrbóta.

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- hafa persónulega rithönd, skrifa skýrt og greinilega og setja upp texta á viðeigandi hátt
- kunna að ganga frá texta á stafrænu formi
- hafa vald á réttiritun og geta beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- geta nýtt sér orðabækur, handbækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn eftir þörfum
- hafa tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við ritgerðasmíð, meðal annars kunna að draga saman efni, endursegja og fella inn í eigin texta
- vera fær um að tjá hugmyndir sínar og skoðanir og færa rök fyrir þeim
- geta byggt upp texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samhengi
- vera fær um að skrifa mismunandi textategundir
- geta nýtt sér einfaldar leiðbeiningar um textagerð og gagnrýni á eigin texta
- hafa góðan orðaforða og vald á ýmsum stílbrigðum
- hafa fengið þjálfun í skapandi skrifum og samið margs konar texta

Tafla 2: Hér er tekin saman umfjöllun um ritun í íslenskuhluta *Aðalnámskrár grunnskóla 2007*. Sú námskrá var í gildi þegar úttektin fór fram.

Öll þessi markmið virðast lúta að því að auka alhliða færni nemenda í ritun og textagerð. Þau eru skýr og í þeim kemur fram að nemendur fáist við fjölbreytta textagerð og skapandi skrif, tileinki sér góðan orðaforða, beiti mismunandi stílbrigðum, nái valdi á stafsetningu og greinarmerkjasetningu, sýni viðeigandi vinnubrögð, hafi góða rithönd, fylgi leiðbeiningum, noti hjálpargögn, séu sjálfstæðir, vinni úr

athugasemdom. Áhersla á ritunarferli, þ.e. frá uppkasti til útgáfu, virðist hins vegar ekki vera mikið og ekki er fjallað um birtingu ritunarverkefna eða notagildi.

4.1.4 Um viðhorf kennara og kennaranema til lokamarkmiða í Aðalnámskrá

Í viðtölum við kennara og stjórnendur kemur skýrt fram að Aðalnámskrá sé lögð til grundvallar við markmiðasetningu í ritunarkennslu og stefnt sé að þeim markmiðum sem þar eru tilgreind. Í skólanámskrám er Aðalnámskrá undantekningarlaust tilgreind og ýmist tekið fram að markmiðum hennar sé fylgt, vísað í námskrána eða markmið tekin beint upp úr henni. Nokkrir skólar nota þrepamarkmið úr Aðalnámskránni frá 1999 óbreytt í skólanámskrám.

Alls 27 kennarar í grunnskólunum tólf og 29 kennaranemar á 2. ári við Menntavísindasvið Háskóla Íslands tóku þátt í rafrænni könnun þar sem þeir voru beðnir að skoða lokamarkmið í ritun í Aðalnámskrá 2007 sérstaklega og gera grein fyrir því hversu sammála eða ósammála þeir væru um að nemendur hefðu náð þeim við lok grunnskóla. Við fyrstu sýn má túlka niðurstöður þannig að þátttakendur séu almennt mjög sammála eða sammála um að nemendur nái markmiðum Aðalnámskrár í ritun.⁷

Á töflu 3 má meðal annars sjá að þau tvö markmið sem flestir eru sammála um að nemendur nái varða annars vegar tæknileg atriði ritunar, þ.e. frágang og leiðbeiningar um textagerð (88%), hitt felst í því að ná valdi á réttitun og greinarmerkjasetningu (84%). Það eru athyglisverðar niðurstöður því margt bendir í raun til þess að þetta sé ekki raunhæft mat. Í viðtölum við háskólakennara kom m.a. fram þeir telja að margir nemendur sem hefja kennaranám hafi ekki nægilega gott vald á þessum þáttum og eins bendir ýmislegt í þessarari úttekt til þess að kennarar þyrftu stundum sjálfir að huga betur að frágangi eigin texta. Í úttekt á íslenskukennslu í framhaldsskólum kom fram að ástæða væri til að hlúa betur að kennslu stafsetningar⁸

Það markmið sem fæstir telja að nemendur nái við lok grunnskóla varðar það að hafa góðan orðaforða og geta beitt ýmiss konar stílbrigðum og myndmáli. Aðeins 59% eru sammála því að nemendur nái því. Alls 27% þeirra sem svöruðu eru beinlínis ósammála því, aðrir tóku ekki afstöðu. Þetta kemur ekki á óvart, m.a. í ljósi almennra umræðna um orðaforða ungs fólks.

Lokamarkmið Nemandi:	Allir	Kennarar	Kennara- nemar
1. sé fær um að skrifa margvíslega texta af öryggi	73%	74%	72%
2. hafi góðan orðaforða og beiti ýmiss konar stílbrigðum og myndmáli	59%	63%	55%
3. kunni að byggja upp efnisgreinar og færa rök fyrir máli sínu	71%	63%	79%
4. hafi þjálfast í að skrifa helstu textategundir og þekki sérkenni þeirra	68%	70%	66%
5. hafi tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við samningu ritsmíða	73%	74%	72%
6. geti nýtt sér leiðbeiningar um textagerð og sé tilbúinn að taka gagnrýni á eigin texta	71%	85%	59%
7. hafi vald á réttitun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu	84%	78%	90%

⁷ Nánari niðurstöður þessarar könnunar má sjá í viðauka 1.

⁸ Sjá skýrslu Svanhildar Kr. Sværissdóttur, Ragnheiðar Margrétar Guðmundsdóttur og Sigurlínu Davíðsdóttur 2011.

8. hafi vanist við að notfæra sér hjálpargögn við ritun	79%	81%	76%
9. kunni að ganga frá ritsmíðum, handskrifuðum og á stafrænu formi	88%	85%	90%
10. geti sett saman vísu eða skrifað skáldlegan texta frá eigin brjósti	70%	81%	59%

Tafla 3: Niðurstöður úr rafrænni könnun þar sem spurt var hversu sammála viðkomandi væri um að nemendur hefðu náð lokamarkmiðum við lok grunnskóla. Á töflunni má sjá hlutfall þeirra sem voru sammála eða mjög sammála.

Töluverður munur er á viðhorfi kennara og kennaranema til fjögurra af tíu markmiðunum. Þannig telja mun fleiri kennarar en kennaranemar að nemendur geti nýtt sér leiðbeiningar um textagerð og séu tilbúnir að taka gagnrýni á eigin texta. Einnig telja mun fleiri kennarar að nemendur geti sett saman vísu eða skrifað skáldlegan texta frá eigin brjósti. Fleiri kennaranemar en kennarar telja að nemendur kunni að byggja upp efnisgreinar og færa rök fyrir máli sínu og einnig að þeir hafi vald á réttiritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu.

4.1.5 Umfjöllun um ritun í öðrum námsgreinum en íslensku

Einn þáttur úttektarinnar var að skoða hvernig fjallað væri um ritunarkennslu í námskrá annarra námsgreina en í íslensku. Í ljós kom að í námskrám frá 2007 er aðeins að finna umfjöllun um ritun í námskrá erlendra tungumála, stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði og er sú umfjöllun umfangslítill svo sem sjá má á eftirfarandi samantekt:

Erlend mál	Gert er ráð fyrir ritun af ýmsu tagi, bæði óformlegri og formlegri þar sem kröfur eru gerðar um rétta stafsetningu og málnotkun auk þess sem miðað er við stigvaxandi þyngd ritunarverkefna. Bent er á mikilvægi þess að nemendur fái stöðuga þjálfun í rituðu og töluðu máli og að þeir glími við verkefni af ýmsum toga, t.d. ljóð, sögur og ritunarleiki. Bent er á nokkrar leiðir sem eru taldar heppilegar, t.d. að skrifa viðstöðulaust um allt sem kemur upp í hugann, nota ferlisritun og ritun með aðstoð hugarkorts. Námsmat á formlegum skrifum skiptist í fjóra þætti: innihald, uppbyggingu, málnotkun og orðaforða. Vægi þessara þátta getur verið mismunandi hverju sinni.
Náttúrufræði	Nemendur eiga að geta sett athuganir sínar fram skipulega, túlkað þær og miðlað til annarra. Framsetning og miðlun upplýsinga er sögð mikilvæg. Í 1.–4. bekk á að nýta tækifæri til að auka áhuga á lestri og tjáningu svo hægt sé að auka námskröfur fagsins. Eldri nemendur eiga að búa yfir það góðri ritfærni að þeir geti tjáð sig skriflega. Þeir eiga að geta skráð athuganir og atburði á skipulegan hátt.
Samfélagsfræði	Nemendur eiga að geta tjáð þekkingu sína á fjölbreyttan hátt bæði skriflega og munnlega. Þeir eiga að þjálfast í lestri og að geta sett upplýsingar fram á myndrænan hátt. Nemendur í 4. bekk eiga að fá þjálfun í að skrá atburði og athuganir skipulega sem og að hlusta og endursegja.
Stærðfræði	Nemendur eiga að geta tjáð sig um aðferðir sínar og lausnir í rituðu máli. Gert er ráð fyrir að nemendur geti skráð niðurstöður mælinga og gert grein fyrir þeim skriflega og að þeir æfist í að skrifa eigin skilgreiningar á hlutum og hugtökum.

Tafla 4: Samantekt um ritun í Aðalnámskrá frá 2007 í öðrum námsgreinum en íslensku.

Í námskrá þessara greina er gert ráð fyrir því að nemendur fáist við ritun en jafnframt er gengið út frá því að þeir búi yfir ákveðinni þekkingu til þess að uppfylla kröfur sem eru gerðar, t.d. til frágangs og innihalds. Algengara virðist því að litið sé svo á að nemendur eigi að nota ritun í faginu en ekki að fá tilsögn eða kennslu í ritun. Í skólustarfi eru ritunarverkefni oft samþætt t.d. í samfélagsfræði og íslensku og oft fást nemendur við ritun í öðrum greinum en íslensku. Þeir semja stærðfræðisögur, skrifa heimildaritgerðir, halda dagbók í náttúrufræði, skrifa skýrslur, greinargerði og útdrætti. Sumt er

„gefið út“ á veggspjöld, kynnt munnlega frá ræðupóliti eða lesið upp á annan hátt. Í sumum árgöngum skrifa nemendur jafnvel umfangsmeiri ritgerðir í öðrum fögunum en íslensku.

4.1.5.1 Ábendingar um ritun í öðrum námsgreinum en íslensku

Í ljósi þess hve ritun er samofin öllu námi þyrfti að leggja mun meiri áherslu á þátt ritunar í námskrá allra greina. Þar þyrftu að koma fram skýr markmið og leiðir að þeim.

4.1.6 Ritunarþættir í Aðalnámskrá

Í markmiðum Aðalnámskrár eru tilgreindir bæði tæknilegir og efnislegir þættir ritunar. Þessa þætti má sjá í *töflu 5*. Eftir því sem nemendur verða eldri og þeir ná betri tókum á ritun er gert ráð fyrir meiri dýpt eða kunnáttu.

Þættir	Við lok 4. bekkjar	Við lok 7. bekkjar	Við lok 10. bekkjar
1. Rithönd	geta skrifað skýrt og læsilega	geta skrifað læsilega og af öryggi	hafa persónulega rithönd, skrifa skýrt og greinilega
2. Stafsetning og frágangur	þekkja einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum, reglur um <i>ng</i> og <i>nk</i>	hafa náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu, kunna að ganga frá texta	hafa vald á réttiritun og geta beitt reglum um greinarmerkjasetningu, setja upp texta á viðeigandi hátt
3. Tölvur	geta skrifað einfaldan texta á tölvu og hafa fengið leiðsögn um rétta fingrasetningu	nota rétta fingrasetningu við ritvinnslu	kunna að ganga frá texta á stafrænu formi
4. Hjálpargögn	hafa kynnst orðabókum og fleiri hjálpargögnum	geta nýtt sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun	geta nýtt sér orðabækur, handbækur, leiðréttingarforrit, einfaldar leiðbeiningar um textagerð og önnur hjálpargögn eftir þörfum
5. Sköpun og tjáning	hafa tjáð hugmyndir sínar og reynslu	hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti	hafa fengið þjálfun í skapandi skrifum
6. Fjölbreytni og viðfangs-efni	hafa skoðað og skrifað margvíslega texta, hafa fengist við frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð og sendibréf, vera fær um að endursegja og skrifa eftir frásögn og upplestri	geta dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti, geta skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrir-mæli, hafa öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu	vera fær um að skrifa mismunandi textategundir og hafa samið margs konar texta, hafa tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við ritgerðasmíð, meðal annars kunna að draga saman efni, endursegja og fella inn í eigin texta, vera fær um að tjá hugmyndir sínar og skoðanir og færa rök fyrir þeim, kunna að taka gagnrýni á eigin texta
7. Hugtök	þekkja grunnþætti í byggingu texta, inngang, meginmál og niðurlag,		þekkja uppbyggingu texta, málsgreina og efnisgreina og kunna að skipa þeim í röklegt samhengi, hafa vald á ýmsum stílbrigðum
8. Orðaforði		nota fjölbreytt orðaaval	hafa góðan orðaforða

Tafla 5: Í Aðalnámskrá 2007 eru tilgreindir margir þættir ritunar. Hér er yfirlit yfir þá alla og inntak þeirra.

Eins og sjá má koma fram nokkrar áherslubreytingar milli yngsta stigs, miðstigs og unglingsstigs þótt þær séu mismiklar eftir því hvaða þáttur er skoðaður. Í ritunarkennslu eru almennt notuð mörg hugtök en fá þeirra eru nefnd í námskránni. Á öllum stigum er unnið með orðaforða í tengslum við ritun en í námskránni segir ekkert um þann þátt á yngsta stigi og á mið- og unglingsstigi er aðeins talað um að nota fjölbreyttan og góðan orðaforða. Í næstu köflum er skoðað hvernig hver þáttur birtist í skólastarfi.

4.1.6.1 Tæknileg atriði ritunarkennslu

1. Rithönd

Mestur tími fer í að þjálfra rithönd nemenda á yngsta stigi grunnskólans. Notkun forskriftarbóka í þeim tilgangi er algeng ásamt því að nota ljósrituð blöð eða setja forskrift á töflu. Nemendur fá ákveðin fyrirmæli sem gert er ráð fyrir að þeir fylgi. Heimavinna nemenda á yngsta stigi er oft í formi forskriftarverkefna en nemendur fást einnig við slík verkefni í kennslustundum. Auk verkefna minna kennarar nemendur gjarnan á að skrifa skýrt, hafa gott bil milli orða og gæta að stærð stafanna, sitja bein við borðið og halda rétt á skriffærum. Sams konar fyrirmæli fylgja með ýmsum ritunarverkefnum sem dreift er til nemenda á ljósrituðum blöðum. Yfirleitt er ekki lögð sérstök áhersla á skriffæri nemenda og í flestum kennslustofum skrifa þeir með þeim skriffærum sem þeir velja sjálfir. Einn kennari nefndi að hann léti nemendur alltaf skrifa með blýanti en þegar birta ætti verkefni, t.d. á veggspjöldum, færu nemendur ofan í textann með penna. Í þessu væri fólgin góð þjálfun fyrir nemendur.

Kennarar á yngsta stigi líta á skriftarkennslu sem sjálfsgöðan þátt starfsins. Á miðstigi snýst dæmið við. Margir kennarar líta á slíkt sem íþyngjandi þátt kennslunnar, sérstaklega kennarar í 6. og 7. bekk, og kennarar á unglingsstigi líta alls ekki á það sem hlutverk sitt að sinna skriftarkennslu. Það er í samræmi við reyngslu nemenda sem sögðu að svo virtist sem engin áhersla væri lögð á skriftina sjálfa á unglingsstigi. Kennarar á miðstigi kvörtuðu sumir yfir því að kunna ekki sjálfir þá skrift sem kennd væri í skriftarbókunum og kennarar á unglingsstigi sögðust vera þakklátir fyrir að þurfa ekki að kenna skrift. Ekki var samræmi í því sem fram kom um undirbúning fyrir skriftarkennslu, ýmist kvörtuðu kennarar yfir því að allt of mikil eða alltof lítil áhersla væri á skriftarkennslu í háskólanáminu. Enginn lýsti yfir ánægju sinni. Einn kennarinn nefndi að skriftarkennsla væri það eina sem hann myndi eftir í sambandi við kennslu ritunar úr kennaranáminu og fannst sá þáttur hafa verið of fyrirferðarmikill.

Kennari á yngsta stigi:

„Við höfum óskað eftir því að leikskólinn kenni krökkunum að halda rétt á skriffæri vegna þess að það er mjög erfitt þegar maður fær þau í sex ára bekk að afskóla þau og fara til baka, það er bara mjög erfitt. Þau koma svoleiðis bara með alls konar grip.“

Margir forráðamenn nemenda í 10. bekk töldu ástæðu til að leggja meiri áherslu á fallega rithönd nemenda og sögðu að nemendur væru almennt „mjög illa skrifandi og seinskrifandi“. Þeir kynnu jafnvel ekki að halda á skriffæri og hefðu ekki rétt grip. Eitt foreldri sagði að „hefja þyrfti klassíska skriftarkennslu, tengiskrift, aftur til vegs og virðingar“. Annar sagði að svo virtist sem áhersla á skriftarkennslu færi alveg eftir því hvaða kennari væri að kenna, ekkert af fimm börnum sínum hefði fengið sams konar skriftarkennslu.

◆ Ábendingar um rithönd

Mun meiri áhersla er lögð á að draga rétt og fallega til stafs á yngri stigum en eldri stigum. Ástæða er til að gera meiri kröfur til eldri nemenda um snyrtilega rithönd og leiðbeiningar þyrftu að vera sýnilegar í kennslustofum, t.d. á veggspjöldum. Kennarar á unglíngastigi, og jafnvel miðstigi, þyrftu að öðlast meiri færni eða þekkingu til að kenna nemendum að draga til stafs. Það mætti gera með því að halda stutt námskeið eða benda þeim á handhægt námsefni. Mikilvægast er að móta sameiginlega stefnu í öllum skólanum og leggja áherslu á að kennarar í öllum námsgreinum séu hæfir til að leiðbeina nemendum um skrift, ekki eingöngu bekkjarkennarar á yngsta stigi.

2. Stafsetning og frágangur texta

Í samræmi við áherslu Aðalnámskrár aukast kröfur um rétta stafsetningu og vandaðan frágang eftir því sem nemendur eldast. Á öllum stigum er stafsetning kennd samhliða ritun og lestri en ekki síst á yngsta stigi. Á miðstigi er farið að nota meira af hefðbundnum stafsetningaræfingum úr kennslubókum, eyðufyllingar og að skrifa texta orðrétt upp. Til dæmis eru stuttir textar ljósritaðir, klipptir út og límdir inn í stílabækur. Á unglíngastigi er áherslan svipuð og ekki hægt að greina að notaðar séu aðrar kennsluaðferðir þar en á miðstigi. Stuðst er við verkefni í kennslubókum og gömul samræmd próf.

Kennarar segjast vera ánægðir með stöðu nemenda í stafsetningu og viðhorf til stafsetningarkennslu er jákvætt meðal nemenda, forráðamanna og kennara. Enginn kvartaði yfir því að of mikið væri gert af því að kenna stafsetningu eða að aðferðir sem notaðar væru ættu að vera öðruvísi en þær eru. Hins vegar töldu margir forráðamenn ástæðu til að leggja meiri áherslu á stafsetningarkennslu og algengt var að nemendur á unglíngastigi vildu fá meira af slíkri kennslu en kannski ekki síst vildu þeir verða betri í stafsetningu. Meðal þess sem var vel gert í stafsetningarkennslu voru vandaðar leiðbeiningar um greinarmerki og stafsetningu sem hengdar voru upp á áberandi stöðum í kennslustofum. Fyrirmælin voru miðuð við aldur nemenda, einföld fyrirmæli í yngstu bekkjum og flóknari hjá þeim eldri. Einnig má nefna horn í kennslustofu þar sem úrvalsverk nemenda voru hengd upp og höfðu farið í gegnum útgáfufæri og voru vönduð að allri gerð. Til eftirbreytni er þegar lögð er áhersla á að skapa það viðhorf til stafsetningar að efni sem á að birta sé án stafsetningarvillna.

◆ Ábendingar um kennslu stafsetningar og frágangur texta

Þrátt fyrir jákvætt viðhorf til stafsetningarkennslu er því ekki að neita að notaðar eru einhæfar kennsluaðferðir. Algengt er að sjá stafsetningarverkefni úr kennslubókum sem sumar eru komnar til ára sinna, t.d. er *brúna bókin* notuð í mörgum skólum á miðstigi og *bláa bókin* á unglíngastigi.⁹ Í kennslustundum fer fram hefðbundinn upplestur, nemendur skiptast á að fara yfir hver hjá öðrum eða kennari les upp, fer yfir textann og leiðréttir hann, nemendur fylla í eyður eða leiðréttu jafnvel rangan texta. Það vekur nokkra furðu í ljósi þess að löngum hefur verið bent á að slíkar aðferðir eru ekki líklegar til árangurs. Of sjaldan virðist nemendum bent á að nota villuleitarforrit eða þeim leiðbeint um notkun þess. Mörg dæmi sýndu að kennarar nota það ekki sjálfir. Tölvur eru ekki notaðar í eins miklum mæli og ætla mætti við stafsetningarkennslu. Ástæðan er líklega sú að tölvukostur skólanna gefur ekki kost á því. Huga mætti betur að frágangi verkefna á veggjum og undantekningarlaust gera þá kröfu að allt efni sem er birt sé villulaust. Gera mætti meira af því að hengja upp fyrir-

⁹ Bækurnar eru eftir Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson. Þær hafa komið út auknar og endurskoðaðar frá árinu 1947.

mæli um frágang og ábendingar um stafsetningu á veggum eða setja þær heimasíður skólanna. Gæta þarf þess að fyrirmæli frá kennurum séu rétt stafsett og greinarmerki á sínum stað, bæði það sem þeir hengja upp og afhenda nemendum.

3. Tölvur og ritvinnsla

Í námskránni er gert ráð fyrir ritvinnslu í tölvum á öllum skólastigum og er áhersla lögð á rétta fingra-setningu á yngsta stigi. Á unglingsstigi er tekið fram að nemendur eigi að kunna að ganga frá texta á stafrænu formi en að öðru leyti er ekki fjallað um frágang texta eða uppsetningu.

Tölvur, ritvinnsla og upplýsingatækni þykja sjálfsgöðir þættir í skólalífinu enda tengjast þeir allir ritunarkennslu á fjölbreyttan hátt, ekki eingöngu við frágang texta heldur einnig sem tæki við sköpun og frumvinnslu. Í skólunum eru ýmist tölvuver eða fartölvuvagnar og kennarar eru meðvitaðir um möguleika tölvunnar. Viðhorf þeirra gagnvart tölvum er jákvætt og þeir efast yfirleitt ekki um kosti þess að nota tölvur í ritunarkennslu. Þeir segja hins vegar að tölvunotkun fylgi vandamál sem ekki sér fyrir endann á. Það sé sama hversu góð forritin eru, hversu heppileg verkefni eru, ef ekki er aðgengi að tölvum án vandkvæða er illmögulegt að nota þær. Svo einfalt sé það. Of fáar tölvur, lélegt netsamband, bilun og gamlar tölvur voru nefndar í þessu sambandi. Þetta á ekki við í öllum skólum en er algengt viðhorf. Kennarar nefndu það einnig sem ókost við tölvunotkun og ritun að nemendur hlýða ekki fyrirmælum og vafra um á netinu í stað þess að sinna náminu. Auk þess nefndi einn kennari að hann vildi frekar láta nemendur handskrifa ritunarverkefni í tímum en að fá ritunarverkefni sem unnin eru heima. Alltof algengt væri að nemendur skiluðu ekki sínum eigin verkefnum heldur væru verkefni „copy-paste af netinu“ eða hlutur foreldra væri alltof stór: „Já, ef þau fóru með þetta heim og fengu að skrifa þetta, þá var maður svolítið að fá ritgerðina hennar mömmu og við gáfumst líka upp á því, þannig að við erum farin að láta vinna þetta algjörlega í tíma, þau mega frekar undirbúa sig, koma með punkta, mæta með allar græjur, og vinna í tímanum,“ sagði einn kennarinn. Notkun spjaldtölva í skólalífinu var hvergi til staðar og þær ekki nefndar í skólanámskrám.

Námshagnastofnun hefur gefið út gagnvirk ritunarforrit með opnum aðgangi á netinu. Nokkur þeirra voru notuð á yngsta stigi og miðstigi, t.d. forrit sem ætlað er að þjálfa fingra-setningu og stafsetningu. Hins vegar virðist lítið gert af því að nota umfangsmikla ritunarvefi eins og *Ritfærnivefinn* eða *Ritbjörgu*, opna vefi sem Námsgagnastofnun gefur út.

◆ Ábendingar um tölvur og ritvinnslu

Nýta mætti tölvur á fjölbreyttari hátt, kenna nemendum meira um frágang texta, leggja meiri áherslu á að kenna nemendum að setja upp efnisgreinar á viðeigandi hátt, rétt greinarmerki, að gera greinar mun á þankastriki og bandstriki, að nota réttar gæsalappir, hvernig millifyrirsagnir fara best, hvernig línubil hentar, að setja textann upp á listrænan og smekklegan hátt. Einnig mætti nýta betur leiðréttingarforrit í tölvum. Kennarar þyrftu stundum sjálfir að kunna betur á ritvinnsluforrit til þess að vera betur í stakk búnir til að leiðbeina nemendum um frágang og uppsetningu.

4. Hjálpargögn

Í námskránni er gert ráð fyrir notkun hjálpargagna¹⁰ við ritun á öllum skólastigum. Eftir því sem nemendur verða eldri er gert ráð fyrir fjölbreyttari hjálpargögnum. Notkun orðabóka og annarra fræðilegra handbóka er almennt lítil í öllum grunnskólunum tólf og orðabækur er ekki að finna í hverri kennslustofu. Oft er ein eða tvær vandaðar orðabækur geymdar í hillu í kennslustofunni, stundum orðtaka- og málsháttasafn, nafnaorðabók eða samheitaorðabók. Í viðtölum nefndu kennarar aldrei að þeir teldu ástæðu til að fjölga orðabókum í kennslustofum eða auka notkun þeirra á einhvern hátt. Stjórnendur töldu að þessi þáttur væri í góðu lagi og sögðu að það væri sjálfsagt að verða við óskum kennara um fleiri orðabækur ef þeir teldu þörf á þeim. Nemendur álitu það ekki tiltökumál að fara á bóksafn í miðri kennslustund til að fá lánaða orðabók til að leysa orðabókaverkefni en hins vegar virtust þeir ekki líta á orðabækur sem handhægt hjálpargagn. Ekki var að finna nein merki þess að nemendum væri boðið að hafa handbækur með sér í hefðbundin próf.

Leiðréttingarforrit eru algeng í tölvum skólanna en þau virðast vera lítið notuð í ritunarkennslu og leiðbeiningar um notkun þeirra voru ekki sýnilegar. Hins vegar könnuðust margir nemendur í 10. bekk við það að nota leiðréttingarforrit. Margir kennarar sögðu að forritin væru í tölvunum en að þeir notuðu þau ekki mikið eða jafnvel að þeir kynnu ekki að nota þau.

Í flestum skólum mátti sjá einhver veggspjöld sem tengdust ritun. Einkum var algengt að sjá útgefið veggspjald frá Námsgagnastofnun með ábendingum um stafsetningu, ekki síst á mið- og unglíngastigi. Hins vegar var mun algengara að sjá ýmiss konar leiðbeiningar á veggjum, bækur í hillum eða rekkum á yngsta stigi og miðstigi en á unglíngastigi. Töluverður munur var þó á skólum hvað þetta varðar.

◆ Ábendingar um hjálpargögn í kennslu

Í flestum skólum eru hjálpargögn til að nota við ritun sýnileg í kennslustofum þótt þau séu ekki notuð sérlega mikið. Ástæða er til að halda orðabókum og öðrum hjálpargögnum að nemendum, ekki síst í efri bekkum grunnskólans. Auka þyrfti úrval af útgefnu efni til að hengja á veggj skólastofunnar, leiðbeiningum um ritun, ábendingum, gullmolum eða öðru því sem nýst getur við ritun.

4.1.6.2 Efnisleg atriði ritunarkennslu

5. Sköpun og tjáning

Í námskránni er fjallað um sköpun á öllum skólastigum þótt ekki sé hægt að segja að lögð sé áhersla á hana. Á yngsta stigi er gert ráð fyrir að nemendur tjái hugmyndir sínar og reynslu, á miðstigi er talað um að nemendur fái við skapandi skrif og sögugerð, ljóð og leikþætti og á unglíngastigi er tekið fram að nemendur eigi að fá þjálfun í skapandi skrifum.

Skapandi skrif og ritlist var mjög algengt umfjöllunarefni í þessari úttekt. Kennarar töldu almennt að þessum þætti væri vel sinnt á yngsta stigi og miðstigi. Þeir töldu hins vegar að á unglíngastigi þyrfti að gera mun meira með sköpunarþátt ritunar og margir töldu að þeir þyrftu sjálfir að öðlast meiri færni í að kenna skapandi skrif. Forráðamenn tóku í sama streng og töldu margir að sköpunarþættinum væri vel sinnt á yngri stigum grunnskólans en jafnframt að sá þáttur væri hvað vandmeðfarnastur í ritunar-

¹⁰ Orðið *hjálpargögn* er í námskránni notað um orðabækur, handbækur, stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit, leiðbeiningar við textagerð og *annað* sem er óskilgreint.

kennslu. Sköpun var einnig sá þáttur sem langflestir forráðamenn töldu að þyrfti að sinna betur á unglíngastigi. Háskólakennarar nefndu að kennaranemar hefðu ekki nægilegt vald á þessum þætti þegar þeir hæfu kennaranám sitt og kennaranemar að þeir fengu ekki nægilega þjálfun í þessum þætti í kennaranáminu.

◆ Ábendingar um sköpun og tjáningu

Grunnskólakennarar virðast þurfa meiri stuðning við kennslu skapandi skrifa. Í námskránni er ekki beinlínis tekið fram að það eigi að kenna þennan þátt ritunar heldur að nemendur eigi að þjálfast í skapandi skrifum. Kennarar mættu vera duglegri við að nýta sér handbækur um ritun þar sem leiðbeint er um sköpunarþátt, t.d. *Ritunarbókina* sem Námsgagnastofnun gefur út auk ýmissa erlendra kennslubóka um efnið sem hægt er að nálgast á auðveldan hátt, t.d. á netinu.

6. Viðfangsefni

Í námskránni er vikið að fjölbreytni í umfjöllun um viðfangsefni nemenda. Þar eru talin upp mismunandi form ritunar; frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð og sendibréf, endursagnir, útdrættir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli sem og heimildaskrif. Í námskránni er að finna mestu fjölbreytnina í viðfangsefnum á yngsta stigi og heimildavinna er í raun eina viðfangsefnið sem er nefnt á unglíngastigi. Gert er ráð fyrir að nemendur öðlist stigvaxandi hæfni til að fást við þessi viðfangsefni, allt frá einfaldri ritun, s.s. að endursegja, skrifa eftir upplestri, skrifa eftir frásögn til þess að geta tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim.

Í skólaskrifinu mátti sjá mikla fjölbreytni í viðfangsefnum og verkefnavali á öllum stigum grunnskólans. Nemendur fengust við ritun af öllum gerðum, smá verkefni og stór, einstaklingsverkefni og hópverkefni og greinilegt er að fyrirmælum námskrár um fjölbreytni er fylgt. Að sumu leyti er vinnan við mörg smærri verkefni þó einhæf, sérstaklega þau sem eru ekki unnin í neinu samhengi við önnur verkefni, ekki samþætt stærri viðfangsefnum og tilgangur með þeim óljós. Þannig verkefni virðast höfða síst til nemenda. Margir forráðamenn nemenda á unglíngastigi nefndu að þeir teldu ástæðu til að auka fjölbreytni í ritun og í rafrænni könnun kom fram að aðeins um helmingur nemendur í 7. og 10. bekk taldi viðfangsefni í ritun vera fjölbreytt.

◆ Ábendingar um viðfangsefni

Almennt virðast nemendur fást við fjölbreytt ritunarverkefni sem er ætlað að auka hæfni þeirra á mismunandi sviðum ritunar. Stærri verkefni höfða meira til þeirra en smærri og nemendur sjá meiri tilgang með þeim. Nefna má sem dæmi ýmiss konar þemaverkefni, útgáfu tímarits og kynningarefni af ýmsu tagi. Nemendur í 10. bekk nefndu oft að þeir fengjust við glósugerð, að þeir glósuðu úr bókum það sem stæði á glærum eða á töflu. Hins vegar var hvergi að sjá að nemendur fengju markvissa kennslu í glósutækni og umfjöllun um hana er heldur ekki að finna í námsefni. Ástæða er til að velta því fyrir sér hvort og þá hvernig kennsla í þeim þætti ritunar fer fram. Ekki virðist fara fram markviss kennsla í því að skrifa útdrætti en nemendur þjálfast að sjálfsögðu í slíkri vinnu í tengslum við fjölbreytt viðfangsefni sem þeir vinna í ýmsum námsgreinum. Þýðingar úr erlendum málum eru hvorki nefndar í námskrá í íslensku né kennsluáætlunum og þær voru hvergi viðfangsefni í kennslustundum.

7. Hugtök

Í námskránni eru ekki tiltekin mörg grundvallarhugtök tengd ritun. Á yngsta stigi er tekið fram að nemendur skuli þekkja grunnþætti í byggingu texta, inngang, meginmál og niðurlag. Engin hugtök eru

nefnd á miðstigi en á unglingsstigi er talað um uppbyggingu texta, málsgreina og efnisgreina, röklegt samhengi, útgáfu og stílbrogð.

◆ Ábendingar um hugtök

Í ritunarkennslu er fengist við fleiri grundvallarhugtök en þau sem tilgreind eru í námskrá. Hins vegar eru ýmis hugtök sem ástæða er til að vekja athygli á frá upphafi ritunarkennslunnar. Nefna má hugtök eins og lesanda, viðtakanda, málsnið, orðaforða og siðferði í ritun.

8. Orðaforði

Í Aðalnámskrá er minnst á mikilvægi þess að nota fjölbreytt orðalag og hafa góðan orðaforða bæði á miðstigi og unglingsstigi. Hins vegar er ekki minnst á slíkt á yngsta stigi. Þrátt fyrir það er líklega hvergi unnið markvissara að því að auka orðaforða nemenda en einmitt á því stigi.

Mikilvægi þess að búa yfir góðum orðaforða var nefnt í flestum viðtölum, bæði við kennara, stjórnendur og nemendur. Margir höfðu hins vegar á orði að þeir teldu ástæðu til að hafa áhyggjur af lélegum orðaforða nemenda og að skólinn þyrfti að bregðast við með markvissum hætti. Það hefur reyndar verið gert víða, t.d. í tengslum við verkefni *Byrjendalæsi* og *Orð af orði*¹¹. Athygli vakti hve margir nemendur í 10. bekk tóku fram að þeir vildu gjarnan hafa meiri orðaforða og lélegur eða lítill orðaforði var áhyggjuefni margra forráðamanna.

Nemandi í 10. bekk:

„Það eru margir sem þyrftu að vera duglegari að lesa, upp á orðaforðann. Það má kenna svona orðtök og fjölbreyttara mál.“

◆ Ábendingar um orðaforða

Ástæða er til að leggja mun markvissari áherslu á að auka orðaforða nemenda, ekki síst nemenda á unglingsstigi. Leita þyrfti leiða til að auka fjölbreytni í kennsluáferðum með það að markmiði. Nefna má sem dæmi hugmyndir eða leiðir sem farnar eru við kennslu erlendra tungumála.

4.1.7 Helstu niðurstöður um ritun í Aðalnámskrá

Um fjöllum um ritunarkennslu í Aðalnámskrá er heildstæð, líkt og þar er tekið fram, og tekur á mörgum þáttum, bæði tæknilegum og efnislegum. Heldur meiri áhersla virðist lögð á að nemendur fái þjálfun í að vinna fjölbreytt verkefni en að þeim sé beinlínis kennt að nota eða að þeir eigi að geta notað mismunandi og fjölbreyttar leiðir til þess að fást við ritun. Kennsla er í góðu samræmi við áherslur í námskrá. Þemaverkefni eða samþætt verkefni virðast höfða vel til nemenda og þrátt fyrir að tölvukostur sé ekki eins og hann getur verið bestur kemur það ekki í veg fyrir að kennarar finni nemendum sínum fjölbreytt viðfangsefni. Kennarar eru meðvitaðir um mikilvægi ritunarkennslu og að nemendur fái tækifæri til að fást við ritun á fjölbreyttan hátt.

¹¹ Rósa Eggertsdóttir, Jenný Gunnbjörnsdóttir, Þóra Rósa Geirsdóttir og Guðmundur Engilbertsson skrifa tvær greinar um *Byrjendalæsi* og *Orð af orði* í tímaritinu Skímu 2010 – http://www.ki.is/utgafa/Skima_2tbl_2010. Í þeim kemur m.a. fram að áhersla er lögð á að byggja upp og efla orðaforða, orðvitund, þekkingu á uppbyggingu texta og beitingu lesskilningsaðferða af ýmsu tagi. Notast er við ýmsar leiðir í þeim tilgangi; stigskiptan stuðning, hugarkort, sögukort, krossglímu, ritunarramma, leitarkort.

4.1.8 Ábendingar um ritun í Aðalnámskrá

Það er vandaverk að koma með tillögur að því sem betur má fara í Aðalnámskrá enda sýnist hverjum sitt. Í ljósi þess hve mikilvægu hlutverki námskráin gegnir í skipulagi kennslu er þó bent á nokkur atriði hér sem gætu verið til bóta að tilgreina í sambandi við ritun. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri ritun í námskránni en leggja þyrfti meiri áherslu á að nemendur fái í hendur einhvers konar verkfæri til að fást við ritun. Á unglíngastigi þyrfti að gera meiri kröfur um læsilega rithönd, leggja meiri áherslu á notkun handbóka og annars ítarefnis og meiri áherslu á stafsetningu og greinarmerkjasetningu.

Mikil áhersla er lögð á góða rithönd á yngsta stigi en á unglíngastigi dregur verulega úr þessari áherslu. Kennara á unglíngastigi skortir áhuga eða úrræði til að sinna ritunarkennslu. Stafsetningarkennslu er sinnt á öllum aldursstigum en megináherslan er á miðstigi. Huga þarf að meiri fjölbreytni í kennsluaðferðum og gæta þess að draga ekki um of úr kennslu stafsetningar á unglíngastigi. Leggja þarf mun meiri áherslu á frágang texta á öllum aldursstigum. Tölvur, upplýsingatækni og ritunarforrit þyrftu að hafa meira vægi í ritunarkennslu á öllum aldursstigum. Skapa þarf meiri hefð fyrir því að nota ýmiss konar hjálpargögn í ritunarkennslu, annaðhvort prentaðar handbækur eða efni á tölvutæku formi. Huga þarf að leiðum til að auka vægi skapandi skrifa, ekki síst á unglíngastigi. Viðfangsefni eru fjölbreytt og mörg þeirra höfða til nemenda. Auka þyrfti áherslu á að vinna heildstæð verk efni í ritun, jafnvel viðfangsefni sem eru samþætt öðrum námsgreinum. Ekki síst þarf að leggja áherslu á að vinna með fleiri hugtök tengd ritun og leggja þarf mikla áherslu á að vinna með orðforða. Móta þarf skýra stefnu um ritun í öllum skólum.

4.2 Um ritun í skólanámskrám

Skólanámskrá er samkvæmt lögum gefin út í öllum grunnskólum. Hlutverk hennar er mikilvægt og ætlast er til þess að hún innihaldi skýra, vandaða og ítarlega útfærslu á Aðalnámskrá þar sem tekið er mið af stefnu og gildum hvers skóla, umfjöllun um starfsáætlun skólans, skipulag kennslunnar, kennsluhætti, tilhögun námsmats, námsmatsreglur og vitnisburðarkerfi, hvernig skólinn hyggst stuðla að jákvæðum og lýðræðislegum skólabrag, hvernig skólinn hyggst vinna með heimilum, áætlun skólans um tengsl við önnur skólastig, útfærslu skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga og hvernig skólinn hyggst mæta mismunandi þörfum nemenda (2006 bls.12–13 og 2011 bls. 64–65). Skólanámskrár má nálgast á heimsíðu skólanna en þær eru misaðgengilegar þar. Framsetning þeirra er með ýmsu móti, yfirleitt eru þær skýrar og vandaðar þótt á því sé einstaka undantekning. Stundum virðast heimasíðurnar að hluta til gegna hlutverki skólanámskrár. Slíkt fyrirkomulag hefur ýmsa kosti en kallar á gott og skýrt skipulag og reglulega uppfærslu sem stundum er ábótavant. Stundum er engar upplýsingar að finna um þann sem ritstýrir heimasíðum eða skólanámskrám. Í sumum skólum hafa námskrárnar hlotið nafn og eru t.d. kallaðar *Skólalykill*, *Áfangar*, *Boðberi* og *Handbók heimilanna*. Fyrir þá sem ekki þekkja til getur reynst erfitt að átta sig á að þarna sé að finna skólanámskrána. Undirtitill gæti leyst það vandamál á einfaldan hátt.

Matsþáttur 2

Skoðað var með hvaða hætti stefna Aðalnámskrár í ritun birtist í skólanámskrám og námslýsingum skólanna.

Í skólanámskrám skólanna er ýmislegt um kennsluhætti og í mörgum þeirra er tekið fram að unnið sé eftir ákveðinni hugmyndafræði, aðferð eða leið. Algengt er að nefna *Byrjendalæsi* á yngsta stigi og *Orð af orð* á miðstigi. Einn skólinn nefndi kennsluhætti í anda hugmyndafræði sem notuð er í Ardleigh

Green-skólanum¹² í London og annar nefndi *Freyers-líkanið*¹³. Umfjöllun um ritunarkennslu í námskránum er hins vegar ekki umfangsmikil og í þeim er yfirleitt lítið sem ekkert umfram það sem fram kemur í Aðalnámskrá. Sumir skólar hafa sett inn þrepamarkmið úr námskránni frá 1999. Einn skólinn tekur fram að hægt sé að nálgast matsviðmið með því að smella á tiltekna slóð en slóðin var ekki virk.

Í viðtölum við stjórnendur og kennara kom fram að vinna við að uppfæra heimasíður og setja inn efni eins og námskrá og kennsluáætlanir væri umfangsmikil og að sú vinna yrði oft útundan í annríki skólastarfsins.

4.2.1 Ábendingar um ritun í skólanámskrám

Greinilegt er að töluverð vinna er lögð í skólanámskrár og oftast er vandað til verka. Sumt má þó betur fara. Skólanámskrár og kennsluáætlanir þurfa til dæmis að vera vistaðar á aðgengilegum stað á heimasíðu skólanna þannig að auðvelt sé að nálgast efnið. Til bóta væri að allt efni sem á heima í skólanámskrá væri á sama stað en ekki á mismunandi stöðum á heimasíðu. Í skólanámskrám þarf að taka skýrar fram á hvaða þætti ritunar er lögð áhersla í hverjum árgangi og tiltaka hugtök sem unnið er með og kennsluáðferðir sem eru notaðar. Taka þarf fram á skýran hátt í hverju námsmatið í ritun felst og hvernig námsmatið er samsett. Skrá þarf á aðgengilegan hátt öll stærri þemaverkefni og viðfangsefni, t.d. lestarátak og ritgerðasamkeppni. Frágangi og uppsetningu er stundum ábótavant og of algengt er að sjá stafsetningarvillur, ásláttarvillur og villur í greinarmerkjasetningu. Í skólanámskrá þyrfti að birta heildstæða stefnu í ritun þar sem meðal annars kæmi fram hvernig unnið er með ritun í námsgreininni íslensku og einnig í öðrum námsgreinum, hvaða kröfur eru gerðar í sambandi við frágang texta, samræmdur matskvarði og annað sem getur nýst bæði kennurum, nemendum og forráðamönnum að átta sig á því til hvers er ætlast af þeim.

4.3 Ritunarstefna grunnskólanna, samstarf kennara og viðhorf

Í tillögum sem kynntar eru í ritinu *Íslenska til alls* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2009) er m.a. fjallað um gildi þess að móta málstefnu í hverjum skóla. Formleg stefna í sambandi við ritun og ritunarkennslu er hugmynd í sama anda en hún á einnig samhljóm með áherslu sem greina má í núgildandi Aðalnámskrám.

Ekki var fjallað um ritunarkennslu sérstaklega eða stefnu í ritun í neinni ársskýrslu, sjálfsmatsskýrslu eða á heimasíðu neins skólanna. Í viðtölum við kennara og stjórnendur mátti skilja að enginn skóli hafði mótað og skráð sérstaka stefnu í ritun þótt hún væri að sjálfsögðu til staðar, skráð og óskráð, með ýmsum hætti. Aðeins í námskrá tveggja skóla af tólf var gerð grein fyrir því á hvaða þætti ritunar væri lögð áhersla í hverjum árgangi. Í

Matsþáttur 3

Skoðað var hvort greina mátti tiltekna ritunarstefnu sem hefði verið mótuð, formleg eða óformleg, hvort kennarar og stjórnendur væru ánægðir með stöðu ritunar í skólunum eða hvort þeir teldu að breytinga væri þörf. Skoðað var hvert væri hlutverk íslenskukennara í sambandi við ritunarkennslu og skipting ábyrgðar innan skólans. Einnig var kannað hvernig samvinnu kennara og samstarfi væri háttað, bæði innan skólans og við aðra skóla.

¹² Í Reykjavík og ef til vill víðar er nú unnið markvisst eftir breskri fyrirmynd sem kennd er við skóla í London, eða öllu heldur skólastjórnann, John Morris. Sá skóli hefur hlotið verðlaun fyrir afburðarárangur. Ritun er talsvert áberandi í því ferli.

¹³ Freyers-líkanið er markviss aðferð til að auka orðaforða nemenda. Lesa má nánar um aðferðina á þessari vefsíðu: <http://roadtoteaching.com/student-teacher-topics/improving-student-learning-through-effective-vocabulary-instruction/>

einum skólanna var að finna ábendingar til forráðamanna í sambandi við lestur en ekkert um ritun. Í nokkrum tilfellum virtust kennarar óvissir um hvað átt væri við með ritunarstefnu og hvernig slík stefna gæti litið út. Algengara var að tekið væri fram að til tals hefði komið að móta stefnu í ritun, að það væri mikilvægt og æskilegt en að vinnan væri tímafrek og því hefði þetta setið á hakanum. Einnig var nefnt að það væri æskilegt að svona stefna kæmi ofan frá, t.d. frá ráðuneytinu, að það yrði lagður fram einhver grunnur sem hver skóli gæti útfært í samræmi við eigin þarfir og sýn á ritunarkennslu. Í nokkrum skólum var tekið fram að stefna skólans í ritun væri sú sama og kæmi fram í Aðalnámskrá en sumir töldu námskrána það opna að hún dygði ekki sem grunnur til að vinna með. Nokkrir nefndu að helsta stefnan með ritunarkennslu í skólanum væri að nemendum gengi vel á samræmdum prófum.

Kennarar vinna almennt mikið saman innan hvers árgangs eða jafnvel innan hvers skólastigs, þ.e. yngsta stigs, miðstigs og unglingastigs. Það fer þó eftir stærð skóla. Eftir því sem skólar verða stærri því minni líkur eru á samvinnu árganga. Samstarf milli skóla er undantekning en ekki regla, hvort sem skólar eru litlir eða stórir. Í sumum skólum var tekið fram að kennarar hittist á námskeiðum á haustin og þar væri talað um að auka samstarf en ekkert yrði úr því þegar til kæmi og hið hefðbundna annríki tæki við. Stundum ganga bókaflókkar milli skóla, skáldsögur sem til eru í bekkjarsettum og eru lesnar frá ári til árs. Þá er áberandi að í þeim skólum sem hafa tekið upp *Byrjendalæsi* eða *Orð af orði* að meiri samvinna er milli kennara en það er skipulag sem er hluti af þeirri kerfisbundnu þjónustu sem er keypt þegar þessar aðferðir eru innleiddar og stendur yfir í tvö ár.

EKKI MÁTTI greina að einhver einn aðili innan hvers skóla bæri sérstaka ábyrgð á ritunarkennslu enda heyrði til undantekninga ef mótuð hafði verið ritunarstefna. Hins vegar kom skýrt fram í viðtölum að nýir kennarar leita gjarnan í brunn þeirra sem eldri eru og reyndari, sækja til þeirra bæði stuðning við kennsluna og hugmyndir.

4.3.1 Samantekt um ritunarstefnu og samstarf

Skólar hafa ekki mótað sér formlega málstefnu og því síður formlega ritunarstefnu. Margir sögðust hafa íhugað slíkt og vinna við ritunarstefnu er jafnvel hafin í einstaka skóla. Þótt sjaldnast sé til formleg ritunarstefna er í öllum skólum til einhvers konar óformleg stefna, hálfskráð eða óskráð. Samvinna kennara innan árganga er mikil þar sem því verður við komið. Í fámennari skólum er einnig samvinna milli mismunandi árganga en samvinna milli skólastiga er lítil sem engin og samvinna milli skóla er ekki til staðar. Almennt ríkir ánægja með ritunarkennslu í skólunum, bæði meðal starfsfólks og nemenda.

4.3.2 Ábendingar um ritunarstefnu og samstarf

Þörf er á því að móta sérstaka ritunarstefnu í skólum. Slíka stefnu þyrfti að birta í skólanámskrá og á aðgengilegum stað á heimasíðu skólanna og kynna vel fyrir nemendum, forráðamönnum og öllum kennurum skólans. Allir starfsmenn skólans þyrftu að koma að mótun slíkrar stefnu. Í henni ætti m.a. að koma skýrt fram á hvern hátt allir kennarar skólans geta sem best sinnt hlutverki sínu sem kennarar í ritun og hver stefna

Matsbáttur 4

Skólarnir tólf í úrtakinu voru valdir með tilliti til góðrar niðurstöðu á ritunarþætti samræmdra prófa eða jákvæðs árangurs í læsi í PISA-könnunum. Fjallað er um hvernig skólarnir hafa nýtt þessar niðurstöður í sambandi við ritunarkennslu.

skólans er um „birtingarhæft efni“ og birtingu almennt. Vel mætti hugsa sér að vinna við ritunarstefnu gæti á einhver hátt verið samstarfsverkefni skóla.

4.4 Samræmd próf og PISA

Prófað er í ritun á samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk. Í Aðalnámskrá kemur fram að prófunum er einkum ætlað að mæla hvort markmiðum námskrár hefur verið náð og gefa nemendum, foreldrum og forráðamönnum, starfsmönnum skóla og fræðsluyfirvöldum upplýsingar og viðmiðanir á landsvísu (2006 bls. 17–18). PISA er alþjóðlegt próf sem lagt er fyrir 15 ára nemendur í lestri, náttúrufræði og stærðfræði á þriggja ára fresti. Í þessum kafla er einkum fjallað um hvernig niðurstöður prófanna hafa verið nýttar til að bæta ritunarkennslu í grunnskólunum tólf.

Í viðtölum við kennara og stjórnendur kom fram að samræmd próf hafa áhrif á ritunarkennsluna. PISA-prófin voru hins vegar sjaldan nefnd á nafn og niðurstöður þeirra virðast ekki hafa bein áhrif á skipulag kennslunnar. Verkefni nemenda eru oft miðuð við samræmd próf, ritunarverkefni úr gömlum prófum eru notuð sem kennsluverkefni og þannig eru nemendur undirbúnir fyrir þau á öllum skólastigunum þremur; yngsta stigi, miðstigi og unglingsstigi. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að ekki er í gildi nein meginregla um það hvernig niðurstöðurnar eru nýttar eða að hve miklu leyti er rýnt í þær en mjög oft kom fram að lélegur árangur í ritun á samræmdu prófi hefði ýtt undir markvissari ritunarkennslu, þróunarverkefni eða átak sem skilað hefði árangri. Einn stjórnandi sagði að það væri „fyrst og síðast hjá kennurunum sjálfum, hvernig þeir vilja nýta sér þessar niðurstöður“. Í öðrum skóla sagði stjórnandi að miklum tíma væri varið í að rýna í niðurstöður og hvernig mætti sem best skipuleggja kennslu miðað við þær.

Stjórnandi um samræmd próf

„Þegar niðurstöður samræmdra prófa koma tökum við niðurstöður allra nemenda og tökum hvern einasta þátt og skoðum hann, bæði styrkleika og veikleika, og vinnum svo með það með hverju kennarateymi, förum yfir það, veltum fyrir okkur af hverju við erum sterk hér og hvað við þurfum að bæta við á öðrum stöðum. Við nýtum okkur skimunarpróf samræmdra prófa mjög mikið.“

Í viðtölum við nemendur virtust samræmd próf ekki skipa stóran sess og ritunarþáttur prófanna var varla nefndur á nafn að fyrra bragði. Einn nemandi nefndi að þetta væri sá þáttur prófsins sem ekki þyrfti að undirbúa sig neitt fyrir. Nemendur sögðust ekki skoða árangur sinn á samræmdu prófi í ritun neitt sérstaklega. Aðspurðir sögðust þeir oft hafa fengið verkefni úr prófunum til þess að æfa sig en könnuðust ekki við að mat hefði verið lagt á ritun þeirra á sama hátt og gert er í samræmdu prófi. Ekki var á nemendum að heyra að þeir hefðu einhverjar áhyggjur af þessum þætti prófsins, síður en svo.

Nokkrar breytingar hafa átt sér stað að undanfögnu á fyrirkomulagi ritunarþáttarins á samræmdu prófi. Þær breytingar komu ekki til umræðu í viðtölum við kennara eða nemendur. Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig prófað var í ritun á samræmdum prófum árin 2010 og 2011 og hvernig hún var metin. Líkt og sjá má hafa þarna átt sér stað breytingar, t.d. á því hvernig prófað er í stafsetningu.¹⁴

¹⁴ Í viðauka 3 er að finna matsreglur frá Námsmatsstofnun.

Samræmt próf 2011

<p>10. bekkur Nemendur voru beðnir að skrifa frásögn út frá eftirfarandi textabroti: „En Elísa ...var eitthvað að reyna að skafa upp grautarslettur einhverjar og færa saman í eina skál það sem var til matarkyns inni í bænum á Brettingsstöðum.“ Ritgerðin átti að vera að hámarki ein blaðsíða og sérstaklega var beðið um að taka afstöðu og færa rök fyrir máli sínu. Einnig að vanda skrift og frágang og skrifað í hverja línu. Tekið fram að dónaskapur væri óviðeigandi og að gefið yrði fyrir byggingu/ stíl, málfar, efnistöð og stafsetningu. Ekki var prófað sérstaklega í stafsetningu.</p>	<p>Vægi 20% Bygging 4 stig Stíll 4 stig Efnistöð 4 stig Málfar 4 stig Stafsetning 1 stig</p>
<p>7. bekkur Nemendur áttu að skrifa sögu út frá mynd af stelpu á spítala umkringd fólki. Fyrirmæli nemenda voru að notfæra sér allt sem þeir höfðu lært um ritun, t.d. frágang, stafsetningu og atburðarás. Lengd á sögu er ekki tekin fram. Prófað var sérstaklega í stafsetningu. Vægi ekki tekið fram.</p>	<p>Vægi 20% S/F¹⁵ 1 stig BE 2 stig MS 3 stig E 4 stig</p>
<p>4. bekkur Nemendur áttu að skrifa sögu út frá mynd (í þetta skipti af börnum að leggja leirtau á kvöldverðarborð). Nemendur voru minntir á að notfæra sér allt sem þeir höfðu lært um ritun og minnt á heiti sögu og atburðarás (upphaf, meginmál og sögulok). Nemendur voru einnig minntir á að vanda skrift og frágang. Ekki er tekið fram hversu löng sagan á að vera en það er ekki gefið rúm fyrir mjög langan texta. Prófað var sérstaklega í stafsetningu. Vægi ekki tekið fram.</p>	<p>Vægi 10% S/F 2 stig B/E 1 stig F/M 4 stig M 2 stig</p>

Samræmt próf 2010

<p>10. bekkur Í prófinu voru tvö ritunarverkefni en ekki hefðbundinn upplestur í stafsetningu.</p> <p>1. Nemendur voru beðnir að skrifa ritgerð um eftirfarandi efni: „Samskipti fólks hafa batnað með tilkomu netsins.“ Ritgerðin átti að vera að hámarki ein blaðsíða og sérstaklega var beðið um að taka afstöðu og færa rök fyrir máli sínu. Tekið var fram að gefið yrði fyrir byggingu, málfar og efni.</p> <p>2. Nemendur voru beðnir að skrifa texta (ýmist kallað saga eða ritgerð) út frá textabroti úr sögunni <i>Kular af degi</i> eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. ... <i>Átta hundruð grömm. Kápan horfin, útgáfuár að eilífu óleyst gáta. Hvernig getur fólk þjónast svona á orðabók? ...</i> Fyrirmælin voru eftirfarandi: „Segðu frá orðabókinni og fyrri eigendum hennar þar til hún endar hjá fornbókasalanum. Segðu söguna frá sjónarhóli orðabókarinnar.“ Textinn átti að vera að hámarki ein blaðsíða en ekki var tekin fram lágmarkslengd. Ekki var prófað sérstaklega í stafsetningu.</p>	<p>Vægi 26% Bygging 4 stig Efni 4 stig Málfar 4 stig Stafsetning 4 stig</p> <p>Stíll 5 stig Efni 5 stig Málfar 3 stig Stafsetning 1 stig</p>
<p>7. bekkur Nemendur áttu að skrifa sögu út frá mynd. Á myndinni eru tveir krakkar við strönd, þeir horfa á bát sem marar hálfur í kafi. Fyrirmæli nemenda voru að notfæra sér allt sem þeir höfðu lært um ritun, t.d. frágang, stafsetningu og atburðarás, upphafi meginmál og endi. Lengd á sögu er ekki tekin fram en gert ráð fyrir einni og hálfri síðu. Prófað var sérstaklega í stafsetningu.</p>	<p>Vægi 25% Stafsetning 15% Ritun 10% SF 1 stig BE 2 stig MS 3 stig E 4 stig</p>
<p>4. bekkur Nemendur áttu að skrifa sögu út frá mynd (í þetta skipti fjölskyldumynd, foreldrar með þrjú börn, pabbinn með ungbarn í fanginu). Nemendur voru minntir á að notfæra sér allt sem þeir höfðu lært um ritun, t.d. heiti sögu og atburðarás (upphaf, meginmál og sögulok). Nemendur voru einnig minntir á að vanda skrift og frágang. Ekki er tekið fram hversu löng sagan á að vera en það er ekki gefið rúm fyrir mjög langan texta. Prófað var sérstaklega í stafsetningu.</p>	<p>Vægi 35% Stafsetning 20% Ritun 15% S/F 2 stig B/E 1 stig F/M 4 stig Málfar 2 stig</p>

Tafli 6: Í þessari töflu er samantekt um ritunarpátt samræmdra prófa 2010 og 2011.

¹⁵ S/F = skrift og frágangur, B/E = byrjun og endir, MS = málfar og stafsetning E = frásögn, stíll og meginmál

4.4.2 Ábendingar um samræmd próf

Viðfangsefni á samræmdum prófum eru ekki margþætt og prófað er á svipaðan hátt frá ári til árs. Það gæti því verið freistandi að leggja áherslu á það í kennslu að þjálfar nemendur í að vinna sams konar verkefni og þar eru lögð fyrir á kostnað annarra þátta ritunar. Því þarf að gæta þess að prófin séu ekki nýtt sem stök kennsluverkefni án sýnilegs tilgangs eða án samhengis við önnur viðfangsefni. Athygli vekur að ekki er lengur prófað sérstaklega í stafsetningu með upplestri líkt og löng hefð er fyrir. Velta má fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að auka fjölbreytni á þessum prófum og gefa nemendum kost á því að velja viðfangsefni og textagerð.

4.5 Kennsluhættir

Þessi þáttur úttektarinnar er umfangsmestur enda felur hugtakið í sér marga mikilvæga þætti. Í Aðalnámskrá er umfjöllun um kennsluhætti nokkuð almenn og hugtakið sjálft er ekki skilgreint. Hins vegar má greina áherslu á tiltekna kennsluhætti. Skýrt kemur fram að gert er ráð fyrir að kennslan sé heildstæð og að nemendur fái tækifæri til túlkunar, tjáningar og sköpunar, fái viðfangsefni í samræmi við hæfileika og áhugamál, þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og öðlist hæfni í að leysa verkefni í samstarfi við aðra. Ritun á að kenna sem ferli, verkefni eiga að vera fjölbreytt og mikil áhersla á að vera á notkun upplýsingatækni við úrvinnslu þeirra. Tekið er fram að skólum beri að gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali og að skólar skuli kappkosta að vekja áhuga nemenda á námi en gera þá ekki að óvirkum þiggjendum. Kennsluhættir þurfi því að vera fjölbreyttir, mótast af sveigjanleika og vera í samræmi við þá skólafestu sem skólar leitast við að framfylgja (Menntamálaráðuneytið, 2006). Umfjöllun um kennsluhætti í ritun er hér skipt í fimm þætti, þ.e. aðbúnaður, skipulag og umhverfi í skólastofunni; kennsluaðferðir; viðfangsefni nemenda; heima- vinna; námsmat. Hverjum kafla lýkur á stuttri samantekt og ályktun.

Matsbáttur 5

Kennsluhættir er umfangsmesti þáttur úttektarinnar. Í þessari skýrslu er litið svo á að hugtakið feli í sér a) aðbúnað, skipulag og umhverfi í skólastofunni, b) kennsluaðferðir, c) viðfangsefni, d) námsgögn, e) heimavinnu og f) námsmat. Í úttektinni var skoðað hvað kemur fram um kennsluhætti í ritun í Aðalnámskrá og skólanámskrám, kennsluhættir í skólastarfinu sjálfu voru greindir sem og viðhorf kennara, stjórnenda, forráðamanna og nemenda til þeirra. Jafnframt var skoðað hvernig áherslur breytast í ritunarkennslu eftir því sem líður á grunnskólann.

4.5.1 Aðbúnaður, skipulag og námsumhverfi

Umfjöllun um aðbúnað, skipulag og námsumhverfi hefur ekki verið að finna í Aðalnámskrá fram að þessu. Í nýjustu námskránni (2011) er þó aðeins vikið að þessum þætti og tekið fram að nemendur eigi rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um námsumhverfi sem eigi að vera örvandi og hvetjandi, að skólinn eigi að vera „griðastaður barna þar sem þau finna til öryggis, fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar“ (bls. 42). Þrátt fyrir að ekki sé fjallað meira um þennan þátt í Aðalnámskrá er alengengt að í grunnskólum sé mikill metnaður lagður í umhverfi skólastofunnar. Það á ekki síst við á yngri stigum en greina mátti töluverðan mun á aðbúnaði í

a) Aðbúnaður, skipulag og námsumhverfi

Í úttektinni var skoðað hvernig skólastofur voru skipulagðar, hvernig námsgögn mátti sjá í hillum og á veggjum, hvernig ritunarefni nemenda var gert sýnilegt, hvernig tölvur, upplýsinga- og samskiptatækni voru notuð í ritunarkennslu.

kennslustofum eftir aldri nemenda. Mun líklega er að kennslustofur á yngsta stigi hafi ýmiss konar hjálparefni á veggjum, að metnaðarfull vinna hafi verið lögð í verk eftir nemendur sem hanga á veggjum stofunnar, að ýmiss konar lesefni sé aðgengilegt, að skilveggir séu notaðir til að skipta rými kennslustofunnar og það jafnvel notað til að hengja upp verkefni, myndefni eða annað tengt kennslu. Kennslustofur á yngsta stigi voru undantekningarlaust með verkefni eftir nemendur á veggjum og algengt að hvert horn stofunnar væri nýtt, greinilegt að vinna og alúð hafði verið lögð í þau. Á miðstigi var algengast að mikið af vönduðum verkefnum eftir nemendur hengju á veggjum en á unglíngastigi var þessu öfugt farið. Of oft mátti sjá illa frágengin verkefni á veggspjöldum eða verkefni sem hefði þurft að vinna betur til að þau yrðu birtingarhæf. Gera þyrfti kröfur til frágangs í samræmi við aldur nemenda og getu.

Á yngsta stigi og miðstigi var algengt að sjá skilaboð eða leiðbeiningar um mál og ritun en slíkt sást sjaldan á unglíngastigi ef undan eru skilin nokkur veggspjöld sem Námsgagnastofnun hefur gefið út t.d. með ábendingum um orðflokka og reglur um *y* og *i*. Mun líklega var að finna skjávarpa í kennslustofum á unglíngastigi en á yngsta stigi og þar var einnig líklega að borðum væri raðað á hefðbundinn hátt þar sem öll sæti snúa fram. Á yngsta stigi var slík uppröðun ekki eins algeng og borðum oftast raðað þannig að þau hentuðu til hópinnu.

Á eftirfarandi lista eru taldir upp þeir munir sem voru í kennslustofum í skólunum tólf auk hefðbundinna skólahúsgagna.

· blóm	· handbækur	· myndir úr skólafarfinu	· skilveggir
· borðlampi	· hljóðnemi	· myndvarpi	· skjávarpi
· bókahillur	· hljómflytningstæki	· persónulegir munir	· skriffæri í boxum
· bókastandur	· hnöttur	· pullur eða púðar	· snúrur m. verkefnum
· bækur	· klukka	· ritunarverkefni	· spil
· fartölvur	· listaverk	· ræðupúlt	· tafl
· flettitafla	· listrænt efni	· safnkassi f. endurvinnslu	· tímarit
· færanleg tússtafla	· ljósasería	· pappír	· tímaritastandur
· gólf lampi	· myndefni í ramma	· sjónvarp	· trjágreinar
· gólfmotta	· myndir af nemendum	· skáldsögur	

Til að draga upp skýrari mynd af kennslustofum og umhverfi þeirra eru tekin dæmi úr vettvangsnótum tveggja kennslustunda á unglíngastigi. Stofurnar voru álíka stórar, önnur var vel búin, aðlaðandi og snyrtileg. Töluvert skorti á að hægt sé að segja það sama um hina.

1. Aðlaðandi og hvetjandi námsumhverfi	Borðum er raðað á óhefðbundinn hátt, fjögur saman og snúa hvert á móti öðru. Sex borðum er raðað í röð upp við vegg og á þeim er ýmiss konar lesefni í boxum sem öll eru í sama lit. Í einu horni stofunnar er gítar. Á veggjum eru frumlegar myndir í römmum. Gætu verið myndir eftir nemendur en ég er ekki viss. Hér eru líka veggspjöld, efni í tengslum við Íslendingasögu. Sami grunnpappír er notaður á öllum spjöldunum. Mikið myndefni með skýringatexta, hugtakakort, persónulýsingar. Textinn handskrifaður með falgri rithönd. Á snúru í horni hanga blöð sem líta út fyrir að vera úr fornu handriti. Snyrtilegt og smekklegt. Margar bækur í hillum, sjónvarp, skjávarpi, heimskort. Allt í röð og reglu.
2. Óaðlaðandi námsumhverfi	Borðum er raðað á hefðbundinn hátt, þrjú og þrjú saman. Þrjár raðir sem snúa allar fram að kennaraborði sem er fremst upp við glugga. Þrjár af fjórum veggjum skólafönnunnar eru tómir. Sá fjórði er með stóru heimskorti og við hlið þess eru tíu verkefni á A4-blöðum í ýmsum litum, heldur ósamstætt. Á blöðin eru límdar úrklippur úr tímaritum og stuttur texti. Textinn er unninn í tölvu, letrið misstórt, sumt örsmátt. Stafsetningarvillur og ásláttarvillur. Engar handbækur sýnilegar fyrir utan ein á borði hjá kennara fremst í stofunni. Frekar þrífaleg stofa en ekki mjög lífleg eða aðlaðandi. Góð húsgögn en drasl í hillum og möppur í

hrúgum. Kennslubækur sem virðast ekki vera í notkun eru í stöflum í annars hálfótómum hillum aftast í stofunni. Ég sé ekkert lesefni fyrir utan þessar kennslubækur, engar skáldsögur, engin tímarit. Hér inni er í raun ekkert sem tengist íslenskukennslu sérstaklega.

4.5.1.1 Til eftirbreytni

Í mörgum kennslustofum mátti sjá hvernig hugmyndaauðgi og útsjónarsemi kennara settu svip sinn á umhverfið. Í sumum skólum var að finna lesefni á aðgengilegum stöðum, t.d. í bókastandi eða sérstakri bókahillu, bóka- eða tímaritaboxum, bæði inni í kennslustofum og í setustofum eða -krókum ætluðum nemendum, lesefni sem ekki þurfti að skrá sérstaklega þegar það var fengið að láni. Í nokkrum kennslustofum voru flettistöflur nýttar sem viðbót við venjulegar túss- eða kúrtartöflur. Blóm og persónulegir munir lífuguðu upp á umhverfi í mörgum kennslustofum og verkefni sem voru hengd upp á aðlaðandi hátt eða listmunir glöddu augað. Skýringatexti við hlið þeirra jók gildið enn frekar. Í einum skólanum mátti sjá innrömmuð verk eftir kennara, mynd af starfsmönnum skólans ásamt kynningartexta.

Í einni kennslustofunni stóð orðið *sýnishorn* stórum stöfum ofarlega á vegg og fyrir neðan það mátti líta ýmis sýnishorn af verkefnum. Í þetta horn voru hengd upp fullunnin ritverk nemenda. Í annarri kennslustofu var sérstök tafla í skólastofunni ætluð fyrir útgefin verk. Á hana voru aðeins hengd verkefni sem höfðu farið í gegnum útgáfufarli og verið yfirlesin vandlega. Einn kennari lagði það í vana sinn að skrifa alltaf dagsetningu í eitt horn á töfluna í skólastofunni en það hentar vel til þess að venja nemendur á að skrá dagsetningar í verkefnabækur eða á verkefni sem þeir vinna með, kennir þeim um leið rétta greinarmerkjasetningu. Með því að skrá dagsetninguna á fleiri en einn veg má vekja athygli nemenda á fjölbreyttum leiðum og að kenna þeim hvað hentar í formlegum texta og hvað óformlegum. Í einni stofunni hafði hljóðnema verið komið fyrir við ræðupúlt sem gerði það að verkum að rödd nemanda barst hátt og skýrt um kennslustofuna og upplesturinn varð skýr og áheyrilegur. Ræðupúlt voru algeng, sum lítil en önnur stór. Eitt var heimatilbúið úr pappakassa en gerði sitt gagn.

4.5.1.2 Helstu niðurstöður og ábendingar um aðbúnað, skipulag og námsumhverfi

Algengt er að metnaður sé lagður í umhverfi skólastofunnar, ekki síst á yngri stigum grunnskólans. Röðun borða var með ýmsum hætti en mun algengara er að sjá hefðbundna uppröðun borða á unglíngastigi en á yngsta stigi. Hins vegar er líklegra að finna skjávarpa í stofum á unglíngastigi en á yngsta stigi eða miðstigi. Mjög algengt er að sjá verk nemenda birt á veggjum skólastofanna eða á göngum fyrir framan þær, ekki síst á yngsta stigi. Heldur dregur úr þessu á unglíngastigi. Gangar eru oft vannýttir undir falleg verkefni nemenda og má sjá nær tóma skólaveggi sem kalla á verkefni. Frágangur verkefna er oftast en ekki með miklum ágætum. Helst mætti gera þær athugasemdir að rithönd mætti gjarnan bæta og letrið þyrfti að vera stærra. Verkefni nemenda eru mjög sjaldan birt á heimasíðum skólanna eða á öðrum opinberum vettvangi.

Sumar kennslustofurnar voru svolítið ofhlaðnar, litagleðin jafnvel yfirdrífín og ósamstætt efni á veggjum. Myndefni á veggjum var farið að láta á sjá eða hékk skakkt á vegg og tími kominn til að taka það niður. Sum veggspjöld voru illa unnin og lítill metnaður hafði verið lagður í vinnu þeirra, það átti frekar við á unglíngastigi en á yngri stigum. Sjá mátti villur á leiðbeiningum til nemenda, efni sem

kennari hafði útbúið, t.d. þegar punktur var hafður á eftir fyrirsögn, auka bil á undan spurningarmerki, stafaruglingur og á einu plöstuðu spjaldi stóð „staffsetning“. Kennaratyggjó dugði oft illa til að hengja upp þung veggspjöld og margir kennarar nefndu að það væri til vandræða, t.d. eftir langar helgar, að koma í skólann og finna spjöldin á gólfinu. Nýta mætti veggpláss á göngum margra skóla mun betur en gert er, t.d. undir gæðaverkefni nemenda, útgefið efni eða listrænt efni af einhverjum toga. Þegar verkefni eru hengd upp þarf að hafa í huga heildarsvip en ekki hengja til dæmis upp eitt lítið verkefni á stóran og auðan vegg.

Í einum skóla mátti finna skemmtilegan tímaritastand í skoti þar sem nemendur höfðust við í frímínútum. Þegar nemendur voru spurðir hvers vegna þeir læsu ekki þessi tímarit sögðu þeir að þetta væru gömul blöð, það væri aldrei neitt nýtt sett þarna. Í sumum skólastofum mátti sjá gamlar og slitnar kennslubækur sem ættu að vera komnar úr umferð enda búið að gefa út nýtt og meira aðlaðandi námsefni í stað þess. Gera þarf meiri kröfur til efnis sem hengt er upp á vegg. Letur þarf að vera nógu stórt svo hægt sé að lesa textann án þess að standa alveg upp við hann og það ætti að vera algjör undantekning að veggspjöld með stafsetningarvillum séu sett á vegg. Fyrst og fremst ætti að birta gæðaverkefni, ekki hálfunnin eða illa unnin verkefni.

Með myndefni og listaverkum væri æskilegt að nota sem oftast tækifærið og birta ritmál, t.d. í snyrtilegum römmum við hlið myndefnis eða verka. Þá þarf að gæta þess að leturgerð og leturstærð henti til að lesa úr fjarlægð. Sem dæmi má nefna skemmtilegar heimatilbúnar kápur af sögubókum eða ljósrit. Við hlið þeirra væri t.d. hægt að birta fyrstu síðuna, brot úr texta á innsíðum eða baksíðu. Gæta þarf þess að efni sem ætlað er til birtingar sé birtingarhæft og að skipta út verkum sem eru farin að láta á sjá. Nota þyrfti betur stafræna möguleika tölvutækninnar til að leika sér með orð og stafi á listrænan hátt, hengja upp ritlistaverk, ramma inn leiðbeiningar eða ábendingar, góðar hugmyndir eða annað sem stutt getur nemendur á ritlistarbrautinni eða við ritun almennt.


4.5.2 Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðunum sem greina mátti í vettvangsathugunum í þessari úttekt er skipt í fjóra mismunandi flokka. Þær eru allar kennarastýrðar, þ.e. það er kennarinn sem stjórnar því sem fram fer þótt hlutverk hans sé misstórt. Viðfangsefni og virkni nemenda er hins vegar mismunandi. Í sumum tímum er hlutverk þeirra fyrst og fremst að hlusta á kennara miðla efni og stundum er gert ráð fyrir því að þeir skrái hjá sér eða skrifi niður það sem kennari segir eða skrifar á töflu. Kennarinn útskýrir hugtök til að byggja upp orðaforða nemenda, hann ræðir um æskileg vinnubrögð, frágang og fyrirmæli. Stundum les hann upp úr bók, segir sögur eða miðlar fróðleik af einhverju tagi. Viðfangsefni nemenda felst t.d. í því að lesa í bókum, svara spurningum úr námsefninu, vinna verkefni í eyðufyllingarbækur, skrá hjá sér glósur, skrifa, ræða saman eða flytja verkefni.

b) Kennsluaðferðir

Í úttektinni var skoðað hvernig aðferð var notuð til þess að ná settum markmiðum, hvert hlutverk kennarans er í kennslustundinni og hvert hlutverk nemenda er.

Út frá viðfangsefni nemenda er kennsluaðferðum hér skipt í fjóra mismunandi flokka. Gerð er grein fyrir hverjum þeirra og tekið dæmi úr vettvangsnótum til að gefa skýrari mynd. Í um það bil þriðjungi kennslustundanna var notuð fleiri en ein kennsluaðferð.



Mynd 1

Mynd 1 sýnir dreifingu kennsluaðferða í kennslustundunum 67 eftir bekkjum. Í 67% tilfella var ein aðferð af fjórum notuð allan tímann. Í hinum 33% tilfella voru tvær aðferðir notaðar í sömu kennslustund.

Kennslustundunum 67 var skipt í fjóra flokka kennslustunda. Hver flokkur hefur sín sérkenni en margt er sameiginlegt þeim öllum, ekki síst það að kennarinn hefur stjórn á því hvað fer fram og það er hann sem skipuleggur starfið. Þótt aðferðir sem notaðar eru séu mismunandi er það alltaf kennarinn sem er í brúnni.

1. Einstaklingsverkefni: Nemendur vinna einstaklingsverkefni, oft í verkefnabækur eða tölvur.
2. Kennari miðlar efni: Nemendur fylgjast með kennara sem miðlar efni frá töflu eða skjávarpa.
3. Hóp- eða paravinna: Nemendur vinna verkefni í hópum eða pörum.
4. Nemendur miðla efni: Nemendur kynna niðurstöður verkefna eða lesa upphátt fyrir aðra.

Algengast er að nemendur vinni einstaklingsverkefni í tímum en einnig er algengt að kennari miðli efni. Það er sjaldnar sem nemendur sjálfir miðla efni í tímum eða vinna hóp- eða paravinnu. Þessi dreifing breytist lítið frá 1.–10. bekk.

1. Kennari miðlar efni: Nemendur fylgjast með kennara sem miðlar efni frá töflu eða skjávarpa.

Kennarinn er framarlega í kennslustofunni. Hann miðlar efni eða fróðleik til nemenda, útskýrir ákveðin atriði, les upphátt eða segir frá. Stundum er hann með skjávarpa eða skrifar á túss-, krítar- eða flettistöflu. Gert er ráð fyrir að nemendur fylgist með eða glósi. Stundum varpar kennari fram spurningum til nemenda í þeim tilgangi að kanna hvort þeir skilji efnið, til að vekja athygli þeirra á einhverju eða jafnvel til að koma í veg fyrir mas. Kennari hefur orðið mestan hluta tímans. Stundum lesa nemendur upp úr námsbókunum eða lesa upp svör við spurningum. Þeir leysa einnig verkefni í vinnubókum. Eftirfarandi vettvangsnótur gefa mynd af kennslustundum í þessum anda.

4. bekkur

Kennari upp við töflu, nemendur við borð sem er raðað upp á ýmsa vegu. Á öllum borðum er kennslubók um reikistjórnur. Verkefnabók. Kennari er með myndvarpa og glæru. Efnið á glærinni er svart/hvít. Mynd og texti. Kennari notar blýant til að vekja athygli á því hvaða orð hann les af glærinni. Kennari les upp spurningarnar. Biður einn nemanda að svara. Nemandi les svarið sitt og kennari leiðréttir mislestur. Kennari biður annan nemanda að lesa upp sitt svar. „Flott hjá ykkur,“ segir hann og skrifar svarið á töfluna. Ekki alveg orðrétt eftir nemendum en nálægt því. Hann útskýrir orð og vekur athygli á rithætti. Nemendur fara yfir eigin svör, sumir stroka svolítið út og leiðréttu það sem þeir höfðu verið búnir að skrifa. Kennari spyr hvort hann megi þurrka út svarið á töflunni við 1. og 2. spurningu svo það verði pláss fyrir næstu svör. Hann er beðinn að bíða aðeins og á meðan nemendur ljúka við að leiðréttu svör sín eða bæta við þau þurrkar kennarinn út svarið við fyrri spurningunni og býr sig undir að halda áfram með spurningarnar.

Þótt við fyrstu sýn megi álykta sem svo að kennsluhættirnar séu heldur hefðbundnir er hér ýmislegt á ferðinni sem vert er að gefa gaum. Kennarinn hefur góða stjórn á hópnum sínum, nemendur vita til hvers er ætlast og

það fylgjast allir með. Kennarinn vekur athygli á vandrituðum orðum, þælir í merkingu orða með nemendum, þeir koma með uppástungur, spyrja óhikað. Þeir hafa skoðað námsefnið, eru búnir að skrifa hjá sér svör og þá virðist þyrsta í að vita hvort þeir hafi haft rétt fyrir sér. Nemendur hafa metnað, vilja gjarnan hafa svörin sín rétt, þeir þjálfast í lestri og ritun.

10. bekkur

Borðum er raðað í U sem er opið að hvítri töflu. Stór hópur, glaðlegir en svolítið órólegir nemendur. Glaðlegur kennari við töflu. Kennarinn miðlar ýmsum fróðleiksmólum í sambandi við ritgerðarskrif. Notar glæru sem kallast Ritgerð í átta skrefum. Lítil hluti nemenda fylgist með. Enginn glósar hjá sér. Kennari hvetur nemendur ekki til að glósa, talar um hvað það sé mikilvægt að láta lesa textann yfir fyrir sig, hvernig eigi að gera þetta, hafa forsíðu, hafa fyrisögn. Minnir á skiladag. Að skila á réttum tíma. Nemendur eru órólegir, einn og einn tekur upp verkefnabók í öðrum námsgreinum, sýnist mér. Kennari minnir á að tala gott mál, nota ekki slettur og slangur. Minnir á að nota orðabækur, hér eru hins vegar engar handbækur sýnilegar. Kennari sest niður og segir hvernig verkefnið á að vera. Það eiga allir að gera það sama. Þetta er ákveðin blaðsíða í bókinni. Þar eru nákvæm fyrirmæli. Nemendur eiga að skrifa um land. Mega velja sér land. Einn nemandi tekur upp síma eða tæki og skoðar á kennsluáætlun á netinu. Segist ekki sjá þetta verkefni þar. Kennari segir að það sé undir TÍMAVERKEFNI. Nemandi spyr um eitthvað sem kennari segir að hann sé búinn að útskýra og að auki standi það í bókinni. „Ég veit, ég bara nenni ekki að lesa það þar,“ segir nemandinn. Þegar u.þ.b. 10 mínútur eru eftir af tímanum segir kennari að nemendur megi fara fram og byrja að vinna verkefnið í kennslubókinni. Það þarf ekki að segja þeim það tvisvar.

Hér er stór hópur nemenda sem er óvirkur mestan hluta kennslustundarinnar. Kennarinn fyrirles en gerir ekki ráð fyrir þátttöku nemenda, gætir þess ekki að virkja þá á nokkurn hátt, t.d. með því að hvetja þá til að glósa hjá sér eða spyrja. Þetta eru nemendur í 10. bekk og þeir hafa örugglega áður gert svipuð verkefni en kennari talar líkt og þetta sé í fyrsta sinn sem nemendur fást við ritun af þessu tagi. Tímanum hefði mátt verja á mun markvissari og árangursríkari hátt, t.d. með því að fá nemendur til að taka saman lista yfir það sem þeir kunna í sambandi við ritun, hvetja þá til að ræða saman um verkefnið, gera áætlun eða búa til spurningar um það sem þeir teldu sig þurfa að vita til að leysa verkefnið.

2. Nemendur miðla efni: Nemendur kynna niðurstöður verkefna eða lesa upphátt fyrir aðra.

Helsta viðfangsefnið í kennslustundarinnar er munnlegur flutningur efnis og hlustun. Nemendur koma upp að töflu eða standa í púlti. Þeir lesa upp texta sem þeir hafa skrifað. Á meðan dregur kennarinn sig í hlé. Ef hann gerir athugasemdir er það eftir að nemendur hafa lokið máli sínu eða flutningi. Aðrir nemendur sitja þegjandi í sætum sínum og hlusta. Það er undantekning ef þeir glósa hjá sér eða taka virkan þátt með einhverjum hætti.

9. bekkur

Kennslustofan er opin fram á gang og lítið mál þótt gestir eins og ég komi inn fyrirvaralaust. Ég sit út í horni aftarlega. Aðlaðandi sofa, líflegt, bækur í hillum, sjónvarp, skjávarpi, heimskort, fartölvur, hnöttur, bókaúrval í bókastandi. Myndefnið á veggnum tengt þemavinnu. Allt í röð og reglu. Borðum raðað í tvær lengjur, tólf borð í hvorri. Einn nemandi er í púlti og talar í hljóðnema. Kennari situr meðal nemenda. Verið að kynna niðurstöður rannsóknarvinnu í tengslum við stórt samþætt þemaverkefni. Nemendur skiptast á að koma í púlt. Umræður í hópnum milli kynninga. Um leið og nýr fyrirlesari hefur mál sitt þagna allir. Hljóðneminn virkar mjög vel. Hver nemandi er með stuttan texta á blaði. Gerir grein fyrir persónulegri reynslu sinni af því að vinna verkefnið. Nemandi spyr hvort hann megi gera þetta aftur, segir að þetta hafi verið svo lélegt hjá sér. Það er auðsótt mál.

Þessi kennslustund var sérlega áhugaverð. Nemendur voru virkir og áhugasamir, höfðu greinilega mikla ánægju af því sem fram fór og það mátti greina stolt, bæði hjá þeim og kennara þeirra. Hljóðneminn var sérlega vel til fundinn, bæði til þess að nemendur fengu þjálfun í að tala í hljóðnema og einnig til þess að vekja meiri athygli þeirra sem hlustuðu og fylgdust með.

3. Hóp- eða paravinna: Nemendur vinna verkefni í hópum eða pörum.

Nemendur sitja saman við borð, 2–6. Viðfangsefni hópanna er það sama en þeir hafa gjarnan möguleika á að útfæra verkefnið hver á sinn hátt. Borðum er ýmist raðað saman sérstaklega svo þau henti vel til hópvinnu eða nemendur færa sig til og setjast á móti samnemendum. Stundum dregur kennari sig í hlé, situr við kennaraborðið og fer yfir verkefni eða vinnur í tölvu, þá koma nemendur oft að kennaraborðinu og fá aðstoð. Stundum gengur kennari á milli og ræðir við nemendur í hópvinnum. Yfirleitt eru nemendur sjálfstæðir í vinnubrögðum og ræða saman.

4. bekkur

Nemendur sitja tveir og þrír saman. Klippa, fönndra, líma, skrifa. Blað með fyrirmælum eru á flestum borðum en einn og einn nemandi gengur að kennaraborðinu í horninu og lítur á fyrirmælablað sem liggur þar. Nemendur eru greinilega komnir mislangt með verkefni sín því það er misjafnt hvað fengist er við á hverju borði. Viðfangsefnið er að búa til bók eða bækling. Á veggjum hangir mikið af ítarefni frá kennara, blaðaúrklippur, textar úr bókum, ljóð, verkefni eftir nemendur innrömmuð og plöstuð eða hengd upp á smekklegan hátt. Bækur í bókahillum. Heimilislegur og persónulegur blær yfir öllu hér inni. Þremur borðum hefur verið raðað saman framarlega í kennslustofunni og þar situr kennari og veitir nemendum aðstoð. Hann kallar hóp til sín hverju sinni. Allt gengur þægilega fyrir sig, einn hópur kemur til kennarans í einu. Þegar tíminn er langt liðinn segir nemandi að hópurinn sé búinn með verkefnið. Kennarinn segir þeim að þeir geti þá lesið og nemendur fara og sækja sér bækur og setjast við borð og fara að lesa. Bækurnar voru í skúffum sem hver nemandi hefur út af fyrir sig.

Þessi kennslustund gekk mjög vel fyrir sig og gaman var að fylgjast með hve nemendur voru sjálfstæðir í vinnubrögðum. Þetta voru ungir nemendur en þeir vissu til hvers var ætlast, langflestir virtust vera virkir í vinnu sinni og þótt samvinna í hópum virkaði ekki mikil hafði greinilega hver nemandi sitt hlutverk.

4. Einstaklingsverkefni: Nemendur vinna einstaklingsverkefni, oft í verkefnabækur eða tölvur.

Nemendur sitja hver við sitt borð eða tölvu og vinna einstaklingsverkefni. Þetta geta verið verkefni á ljósrituðum blöðum, ritunarverkefni, próf, spurningar á blöðum sem nemendur svara. Kennari situr við kennaraborðið og fer yfir verkefni, vinnur í tölvunni eða aðstoðar nemendur sem koma upp að kennaraborðinu. Stundum gengur hann á milli og aðstoðar nemendur eða þeir kalla á kennarann og biðja hann að koma og aðstoða sig. Yfirleitt eru ekki miklar samræður í gangi en oft má heyra nemendur bera sig saman eða biðja samnemanda um aðstoð. Algengt er að flestir nemendur séu virkir. Í eftirfarandi dæmi má sjá tvenns konar aðferð, annars vegar þá sem kennarinn hefur orðið og hina þegar nemendur vinna í einrómi meirihluta kennslustundarinnar.

10. bekkur

Kennari við töflu, hefðbundin uppröðun í stofunni. „Nú eigið þið að vinna verkefnið í ljóðahefti,“ segir kennari. Nemendur eru með ljósrituð verkefnahefti á borðunum og hefjast strax handa. Svólítið eins og þeir hafi beðið eftir því að fá að byrja á að vinna. Þeir fylla í eyður, kennari gengur á milli, nemendur spjalla saman, allir með áhuga. Nemendur með blýanta, stroka út, fylla í eyður, hávæer kennari sem yfirgnæfir mas í nemendum. Hann segir USS þegar hávaðinn fer yfir ákveðin mörk. Hefðbundin kennsla sem virðist falla nemendum vel í geð. Ég get ekki betur séð en að allir séu glaðir og ánægðir þrátt fyrir hefðbundna kennsluhætti, viðfangsefni. Kannski svólítið mikið spjall um eitthvað sem ekki er beint viðfangsefni, já líklega. Þása, kallar kennarinn. Það þarf að reka krakkana fram. Þeim liggur ekki á að fara í frímínútur.

Andrúmsloftið hér er afslappað og þægilegt og nemendur áhugasamir. Þeir ráða við viðfangsefnið, hafa gaman af því að þæla í ljóðunum og verkefnum sem fylgja þeim. Vinna saman og eru hvattir til þess.

8. bekkur

Kennari kynnir viðfangsefni dagsins með því að skrifa á töflu *yndisritun kl. 8.40–9.20*. Minnir nemendur á að skrifa dagsetningu við skrifin sín – og að í upphafi skuli endinn skoða. Nemendur koma sér strax að verki,

skrifa á verkefnablöð, einn og einn með stílabók. Kennari les upp, 19 nemendur, lítil kennslustofa. Uppröðun borða er óregluleg, þau snúa öll fram en eru einhvern veginn út um alla stofu, tvo eða þrjú saman, ekki í beinum röðum. Það er líka óregla á myndefninu og veggjum stofunnar, gömul og ný verkefni á blöðum í öllum regnbogans litum. Mörg eru heldur óvönduð, letrið smátt og stafsetningarvillur áberandi. Bækur í stöflum í horni. Hálfótur hilluveggur. Kennari gengur aðeins á milli og biður um að fá að sjá hvernig sögur hafi verið skrifaðar síðast. Lítur yfir textann hjá nokkrum nemendum en segir ekkert. Þögn hér inni sem er trufluð nokkrum sinnum með hringingu í síma sem hangir á vegg í stofunni. Í lok tímans fæ ég að skoða textann hjá tveimur nemendum, þeir segja að það sé ekki algengt að skrifa svona ritun. Framundan er ekki birting á verkunum og ekki gert ráð fyrir að unnið sé meira með textann.

Hér var andrúmsloftið svolítið þvingað og nemendur virtust vera óöruggir. Margir störfu út í loftið og komu sér ekki að verki. Hins vegar var enginn sem truflaði. Hugmyndin um yndisritun er góð en í þessu tilfelli hefði þurft einhverja kveikju, meiri hvatningu. Og líklega hefðu nemendur þurft að sjá meiri tilgang með skrifunum.

4.5.2.1 Viðhorf til kennsluaðferða

Í viðtölum og spurningakönnunum kom fram að kennarar telja sig beita fjölbreyttum aðferðum í ritunarkennslunni. Þeir telja einnig að nemendur fái góða þjálfun í ritun. Áberandi var að kennarar sem hafa tileinkað sér markvissar kennsluaðferðir voru öruggari og jákvæðari í samræðum um ritunarkennslu. Í því sambandi má nefna *Byrjendalæsi* og *Orð af orði*, ferlisritun og *Vörður og vegvísar*. Sumir kennarar töldu sig þurfa fleiri amboð eða verkfæri til þess að geta leiðbeint nemendum, ekki síst þegar þeir væru komnir vel áleiðis í ritunarferlinu. Þeir töldu sig vel í stakk búna til að kenna ýmsa tæknilega þætti ritunar, mismunandi textagerðir, velja áhugaverð viðfangsefni en sögðust vera óöruggir í sambandi við sköpunarþáttinn eða „að setja tilfinningu í textann“. Þeir nefndu einnig að þeim þætti auðveldara að kenna nemendum að skrifa heimildaritgerð en að fást við ljóðagerð.

Kennari:

„Þetta gengur svo vel þegar nemendur vinna verkefni sem eru í samhengi við eitthvað, eru meira en bara ein æfing, eins og verkefni á samræmdu prófi. Ekki bara að skrifa eitt sendibréf, eitt lýsingarorðaverkefni. Nemendur þurfa að sjá tilgang með rituninni.“

4.5.2.2 Hvernig kenna kennarar ritun?

Í viðtölum við kennara barst oft í tal að ritunarkennsla væri ekki einföld og að beita þyrfti mörgum úrræðum og nota hugmyndaflug. Mjög margir nefndu að ýmiss konar ritunarráttur, notkun hugar-korta og gátlista einfölduðu ritunarkennslu. Einnig kom margsinnis fram að kennarar töldu að lestur væri grundvallarþáttur í sambandi við ritun. Í eftirfarandi samantekt má sjá fleiri leiðir sem nefndar voru og kennarar töldu árangursríkar:

- Vekja athygli nemenda á vel skrifuðum texta. Lesa til dæmis upphátt brot úr *Englum alheimsins* og benda nemendum á hvað textinn er vel skrifaður. Skoða ljóð og skrifa síðan sams konar ljóð.
- Lesa stuttan pistil úr blaði og biðja nemendur að skrifa svipaðan pistil. Þannig vekja þeir athygli á því sem vel er gert og sýna nemendum fyrirmynd.
- Nota skjávarpa til að vekja athygli nemenda á áhugaverðu efni, t.d. þáttum í sjónvarpi, útvarpi, fréttapistlum eða skrifum um skáldsögur og kvikmyndir.
- Lesa sem allra mest. Lesa með nemendum og fyrir þá. Lesa heilar bækur og skoða hvernig þær eru skrifaðar. Vinna síðan alls konar ritunarefni í tengslum við bækurnar. Ekki einblína bara á inngang og lokaorð heldur allan textann sem er skrifaður.

- Láta nemendur taka viðtal, afrita eða skrifa upp, og nota efnið sem heimild í fræðileg skrif ásamt rituðum heimildum.
- Undirbúa nemendur með því að fjalla um viðfangsefnið vítt og breitt áður en nemendur takast á við sjálfa ritunina. Nota flettistöflu til að búa til sameiginlegt hugtakakort. Skoða alla fleti vel. Ræða saman og leita saman að heimildum, bæði í bókum og á netinu.
- Skipuleggja tíma á stundatöflu daglega fyrir frjálstan lestur.
- Gera alltaf ráð fyrir því að ritun sé ferli og að uppkast sé fyrsta stig. Ekki hægt að skrifa birtingarhæfan texta eða texta sem einhver annar á að lesa án þess að gera uppkast.

4.5.2.3 Helstu niðurstöður um kennsluaðferðir

Sams konar aðferðir virðast notaðar á öllum skólastigum en verkefni lengjast og kröfur aukast með auknum þroska nemenda. Ritunarkennsla virðist einkum fara fram með tvennum hætti. Annars vegar með því að gefa nemendum kost á því að skrifa fjölbreytt ritunarverkefni án þess sérstaklega að kenna þeim það. Hins vegar með því að leiðbeina nemendum á markvissan hátt með ýmiss konar leiðum, ekki síst um tæknilega þætti ritunar, byggingu texta eða textagerð. Það er gert með því að skrifa fyrirsmæli með ritunarverkefnum sem nemendur fá, útskýra fyrirsmæli sem er að finna í kennslubókum, fara yfir fyrirsmæli frá töflu, stundum með glærum. Algengast er að nemendur á unglingastigi fái við ýmiss konar ritunarverkefni án þess beinlínis að fá kennslu í öðru en tæknilegum þáttum ritunar og að nemendum á yngri stigum sé frekar kennd úrræði í ritun eða grundvallarþættir í textagerð. Nemendur í 10. bekk gátu ekki útskýrt hvernig þeim væri kennd ritun. Eina sem þeir nefndu var að þeim væri kennt að byggja upp texta með upphafi, miðju og niðurlagi og að hefja ritgerð á lykilstetningu.

4.5.2.4 Ábendingar um kennsluaðferðir

Leggja þarf áherslu á virkni nemenda í kennslustundum, á samvinnu og samræður um bæði um eigin texta og annarra á öllum skólastigum. Skoða þarf hvernig rithöfundar skrifa, t.d. orðalag, setningagerð, greinarmerkjasetningu, stíl og myndmál. Kenna þarf markvisst ýmsa þætti ritunar, t.d. glósugerð, útdrætti, þýðingar. Gæta þarf þess að nemendur hafi val um viðfangsefni, skapa aðstöðu til ritunar og ritunarhefð í hverri skólastofu. Gæta þess að leggja áherslu á alla þætti ritunar, frá uppkasti til útgáfu.

4.5.3 Viðfangsefni

Í Aðalnámskrá (2007) segir að nemendur eigi rétt á viðfangsefnum sem henti námsgetu þeirra og hæfni. Talin eru upp nokkur viðfangsefni og þau nefnd sem dæmi um hvað gæti hentað á hverju aldurstigi. Ekki er gert ráð fyrir að upptalningin sé tæmandi enda er hún rýr, ekki síst á unglingastigi. Þegar þessi viðfangsefni eru borin saman við ýmis gögn úttektarinnar má sjá að nemendur fást oft við mun fjölbreyttari verkefni í ritun en þarna eru talin upp og mun fleiri hugtök eru notuð í tenglum við viðfangsefni þeirra en þau sem tilgreind eru í Aðalnámskrá.

c) Viðfangsefni

Í úttektinni var skoðað af hvaða toga helstu ritunarverkefni nemenda eru og hvaða grundvallarhugtök fengist er við.

Á öllum stigum er unnið með hugtökin upphaf, miðja og endir¹⁶, bæði í gegnum ritun og lestur. Ekki síst er unnið með þau á yngsta stigi og miðstigi. Þar er líka algengt að notuð sé myndræn framsetning til að kenna nemendum að nota þessi hugtök, t.d. skjaldbaka, hamborgari eða fiskur. Margir skólar nota ritunarramma eða hugtakakort, ekki síst í tengslum við *Byrjendalæsið* og *Orð af orði*.

Stig	Viðfangsefni	Hugtök
yngsta	dagbækur, endursögn, frásagnir, ljóð, sendibréf, sögur	inngangur, meginmál og niðurlag
mið	endursögn, frásagnir, fréttir, fyrirmæli, lýsingar, útdráttur	engin hugtök tilgreind á þessu stigi
unglinga	útdráttur, endursögn, ritgerðasmíð	inngangur, meginmál og niðurlag, málsgreinar, efnisgreinar, röklegt samhengi, stílbligði

Tafla 9: Viðfangsefni og hugtök sem gert er ráð fyrir að unnið sé með í ritun skv. Aðalnámsskrá 2007.

Viðfangsefni nemenda í kennslustundum var fjölbreytt og greina mátti töluverðan námsáhuga, ekki síst á yngri stigum. Þar voru nemendur gjarnan virkari þátttakendur og meiri samræður áttu sér stað milli nemenda um ritun. Kennarar á unglingsstigi gerðu meira af því að miðla efni frá töflu og tala í lengri lotum en kennarar á yngri stigum. Á töflunni má sjá yfirlit helstu viðfangsefna nemenda í kennslustundum.

Yngsta stig	Miðstig	Unglingsstig
<ul style="list-style-type: none"> · Bókagerð · Forskriftarverkefni · Frjálst · Hugtakakort · Kennari les sögu, nemendur hlusta · Kennari spyr, nemendur svara · Krossglíma · Málfræði, orðflokkar · Nemandi les upp ritunarverkefni · Ritunarverkefni úr samræmdu prófi · Samlestur af glæru · Samþætt ritunarverkefni · Skrifað á blað út frá mynd · Spil · Stafainnlögn · Stafsetning · Söngur · Teikna mynd og skrifa um hana · Umræður um orð og orðatiltæki samhliða lestri · Verkefnabækur, eyðufylling · Yndislestur 	<ul style="list-style-type: none"> · Farið yfir heimavinnu · Farið yfir stafsetningarpróf · Fyrirlestur nemanda um eigin sögugerð · Heimildaritgerðarskrif · Hlustað á upplestur úr skáldsögu í nestistíma · Hugarkort · Hugarflug, skráð á töflu · Kennari les úr kennslubókinni · Kennari sýnir nem. vefsíðu m. skjávarpa, umræður · Krossglíma · Lýsingarorðasögugerð · Nemendur skrifa draugasögu · Einstaklingsverkefni í tölvuveri · Paraverkefni í tölvuveri · Stafsetningarupplestur · Verkefnabækur og hlustun · Yndislestur 	<ul style="list-style-type: none"> · Bragfræði, fyrri og seinni partur · Eyðufylling; ljóðaverkefni · Farið yfir bókmenntapróf · Farið yfir lesskilningspróf · Farið yfir stafsetningarpróf · Fartölvuvagn og ritunarverkefni · Ferlisritun, paravinna, samþætt ritunarverkefni · Fjölrítað verkefnahefti, ljóð · Kennari fyrirles um bragfræði · Kennari fyrirles um málfræði · Kennari fyrirles um ritgerðasmíð · Kennari spyr, nemendur svara · Nemendur flytja erindi úr púlti · Nemendur skrifa þjóðsögu · Skrifleg lesskilningsverkefni · Umræður um ljóð · Verkefnabók, ritun · Verkefnabækur, eyðufyllingar · Verkefnahefti, málfræði · Yndisritun

Tafla 10. Samantekt yfir viðfangsefni í kennslustundum samkvæmt því sem skráð var í vettvangsnótur.

¹⁶ Þessi hugtök eru nefnd ýmsum nöfnum, bæði í námskrá, námsefni og samræmdum prófum; upphaf, byrjun, inngangur, miðja, meginmál, lokaorð, niðurlag, endir.

4.5.3.1 Viðhorf til ritunarkennslu og -verkefna

Algengt var að stjórnendur hefðu jákvætt viðhorf til kennslu í ritun, töldu að kennarar beittu fjölbreyttum aðferðum og næðu góðum árangri. Það var þó ekki einhlítt og í nokkrum skólum álitu stjórnendur þörf á að endurskoða kennsluhætti í ritun, ekki síst á unglingsstigi. Mjög margir stjórnendur hrósuðu *Orði af orði* og *Byrjendalæsi* og sögðust telja aðferðir sem þar eru kynntar og notaðar gagnist kennurum í öllum greinum.

Viðhorf forráðamanna til ritunarkennslu var kannað í rafrænni könnun. Um það bil þriðjungur þeirra segist vera sáttur og taldi að ritunarkennslu væri sinnt vel og að viðfangsefni nemenda væru bæði áhugaverð og fjölbreytt. Fleiri voru þó þeirrar skoðunar að ýmislegt mætti gera betur. Flestir þættir ritunar voru nefndir í því sambandi; heimildaritun, útdrættir, ritun í tengslum við útikennslu, meira af stuttum ritunarverkefnum og jafnvel líka minna af þeim. Skapandi þáttur ritunar er sá þáttur sem oftast var nefndur. Einnig var talað um að gera þyrfti meira af því að kenna ritun, ekki síst á unglingsstigi.

Nemendur höfðu fjölbreyttar skoðanir á ritunarkennslunni. Sumum fannst mikil áhersla lögð á ritun, öðrum lítil. Flestir voru sammála um að aðrir þættir í íslensku, sérstaklega málfræði, hafi mun meira vægi. Þrátt fyrir það töldu flestir sig vel undirbúna fyrir ritun í framhaldsskóla og að þeir fengju góða kennslu, helst að kunnáttu þeirra í stafsetningu væri ábótavant. Nemendur gátu ekki útskýrt beint hvernig þeim væri kennd ritun, nefndu áherslu á byggingu, þ.e. inngang, meginmál og lokaorð. Mikilvægi þess að byrja með góðri lykilsetningu. Annars væri þeim bara kennt að skrifa með því að gera verkefni. Nemendum finnst skipta máli að skila vönduðum ritunarverkefnum og vildu helst fá nægan tíma til að klára verkefni heima hjá sér, eru ósáttir við þegar skila þarf þeim samdægurs. Þeir vilja velja sjálfir efni ritunarverkefnanna, en sumir kvarta undan því að þeir viti ekki hvað þeir eigi að skrifa um þegar þeir fá að velja alveg sjálfir. Nemendur vilja fá fjölbreytt verkefni, sumir segja að verkefni séu einsleit og snúist flest um kjörbókarskýrslur eða stutt afmörkuð verkefni sem ekki eru í tengslum við neitt sérstakt. Slík verkefni séu eiginlega alltaf einstaklingsverkefni. Þau geti verið ágæt en skemmtilegra væri að skrifa eitthvað alvöru eins og í tímarit eða eitthvað sem væri birt í bæjarblaðinu.

4.5.3.2 Áhugaverð verkefni og viðfangsefni

Í viðtölum við kennara, stjórnendur og nemendur var spurt um verkefni og viðfangsefni sem þóttu eftirtekarverð eða bera af á einhvern hátt. Helst voru nefnd verkefni sem unnin voru í þemavikum og einnig verkefni sem hefð er fyrir því að vinna á hverju skólaári þar sem kennsluhættir eru sveigjanlegri en almennt gerist.

Bókaútgáfa: Nemendur safna úrvalsverkefnum sínum yfir skólaárið í bekkjarbók sem „gefin er út“, t.d. í lok skólaársins. Metnaður er lagður í útlit bókar og uppsetningu. Stundum safnar hver nemandi efni í eina bók sem „gefin er út“ og aðrir nemendur geta fengið hana lánaða. Bækurnar eru ýmist geymdar í skólastofum, á bókasöfnum eða farið með þær heim.

Bókaskýrslur: Nemendur vinna tiltekinn fjölda bókaskýrslna á hverju ári í tengslum við lestur skáldsagna. Vandað er til verka og skýrslurnar lagðar fram til námsmats.

Bæklingur: Hver nemandi býr til jólabækling með bæði frumsömdu og söfnuðu efni; jólasögur, uppskriftir, frásagnir. Handskrifað uppkast og síðan hreinritað og brotið um í tölvum.

Dagblöð í skólum: Morgunblaðið hefur haft veg og vanda af því að gefa út námsefni sem kallast Dagblöð í skólum.¹⁷ Þetta er vandað efni og unnið er með ritun á fjölbreyttan hátt.

Kvikmyndahandrit, leikritun og leiksýning: Nemendur vinna kvikmyndahandrit eða leiksýningu frá grunni; semja texta, hanna leiksvið og búninga og skipuleggja jafnvel leiksýningu.

Ritlistaráfangi í vali: Nemendum á unglingastigi er boðið að taka þátt í áfanga þar sem áhersla er lögð á ritun og skapandi skrif. Samþætt verkefni nokkurra grunnskóla í einu sveitarfélagi.

Samkeppni: Árleg samkeppni um smásögu eða ljóð.

Samsöngur á sal: Í mörgum skólum er samsöngur á sal, annaðhvort á hverjum morgni eða einu sinni í viku. Texta varpað á skjá svo allir geti fylgst með.

Samþætt þemaverkefni: Verkefni sem tengja tvær eða fleiri námsgreinar saman. Viðfangsefni eru af ýmsum toga og eiga það sammerkt að nemendur geta nálgast þau á fjölbreyttan hátt. Nefna má sem dæmi verkefni um Titanic, afmæli Akureyrar, Tyrkjaránið, Afríku, Stein Steinarr, haustið og súkkulaði. Unnin eru veggspjöld, haldnir stuttir fyrirlestrar og sýningar, forráðamönnum boðið í heimsókn eða öðrum nemendum.

„Story bird“: Söguforrit á netinu. Hægt að skipuleggja vinnu þar sem nemendur vinna saman í litlum hópum, velja sér myndir til að skrifa út frá, vista á netinu. Í lokin er sýning með skjávarpa.¹⁸

Tímarit: Þemaverkefni þar sem hver nemandi býr til sitt eigið tímarit. Hann velur viðfangsefni sjálfur, skipuleggur, útvegar sér efni, gerir útdrátt og skrifar eigin texta, finnur myndefni, brýtur um og „gefur út“. Útgefin tímarit eru höfð til sýnis þannig að allir geti skoðað.

Yndisritun: Hugtakið er skylt yndislestri. Skipulögð er stund í hverri viku þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá sig um það sem þeim liggur á hjarta. Þeir skrifa í stílabók sem eingöngu er ætluð fyrir ritun af þessu tagi.

Útgáfuveisla: Skipulögð uppákoma þar sem nemendur kynna verk sem þeir hafa skrifað, lesa upp fyrir aðra, svara fyrirspurnum, segja frá efninu sem þeir skrifa um. Verkin höfð til sýnis.

4.5.3.3 Helstu niðurstöður um viðfangsefni

Viðfangsefni nemenda eru að mörgu leyti fjölbreytt þótt þau séu mörg af sama toga. Nemendur virðast almennt sáttir við þau verkefni sem þeir vinna en þeir vildu gjarnan hafa meira val og eiga kost á því að skrifa um efni sem þeim er hugleikið. Algengt er að fengist sé við sömu hugtökin á öllum skólastigunum þremur, þ.e. yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi. Ritunarráttur er mjög algengur á yngri stigum en þeir eru lítið notaðir á unglingastigi.

¹⁷ Sjá nánar á síðunni: <http://www.mbl.is/mogginn/skolar/>

¹⁸ <http://storybird.com/>

4.5.3.4 Ábendingar um viðfangsefni

Viðfangsefni þyrftu að tengjast betur áhugasviði nemenda. Þeir þyrftu að hafa meira val um viðfangsefni. Of algengt er að kalla verkefni sem nemendur vinna ritgerð enda vísar hugtakið ritgerð til umfangsmeiri ritsmíða en þeirra sem nemendur vinna öllu jafna í grunnskóla. Þannig er orðið ritgerð notað yfir stuttar frásagnir eða útdrætti og orðið saga er oft notað um frásögn, endursögn eða ritun sem ekki á beint skylt við sögugerð.

4.5.4 Námsgögn

Í almennum hluta Aðalnámskrár eru taldar upp þær kröfur sem eigi að gera til námsefnis í skólum. Það þarf m.a. að vera fjölbreytt og vandað, höfða til nemenda, vera aðlaðandi og áhugavekjandi, skýrt og skipulega fram sett. Auk þess á námsefnið að dýpka sjálfsskilning nemenda og þekkingu þeirra á umheiminum, þjálf þá í margvíslegum vinnubrögðum og stuðla að því að þeir móti sér heilbrigð og holl lífsviðhorf (2006:16).

Í ritunarkennslu eru notuð námsgögn af ýmsu tagi en einkum þó grunnbækur, verkefnabækur og ljósrit. Algeng námsgögn eru einnota verkefnabækur, bækur sem fylgja heildstæðu námsefni fyrir íslenskukennslu, t.d. *Skerpubækurnar*, *Finnsbækurnar* og *Vandamálábækur* Skólavefsins, eða bækur sem notaðar eru á yngsta stigi, t.d. *Ritrúnarbækurnar*. Á yngsta stigi er mun algengara en á unglingsstigi að sjá fjölbreyttari námsgögn í ritunarkennslu, t.d. kassa með spjöldum og myndum; efni sem nýtt er sem kveikjur. Nefna má sem dæmi efnið *Sögugrunn*, námsgagn til að efla málþroska og læsi. Á öllum stigum er ýmist ætlast til að nemendur skrifi í stílabækur eða fylli inn í eyður verkefnabóka. Þeir eiga að svara spurningum úr lesefni, skrifa stuttar lýsingar og frásagnir, senda bréf til sögupersóna, búa til nýjan endi á sögur, svo fátt eitt sé nefnt. Fengist er við lykilhugtökin inngangur, meginmál og niðurlag í námsefni á öllum skólastigum.

Auk hefðbundinna námsbóka fást nemendur við ýmiss konar ritunarverkefni sem dreift er til þeirra á ljósritum. Sum þessara verkefna eru tekin beint úr kennslubókum eða eru fengin úr samræmdum prófum. Annað útbúa kennarar sjálfir eða þeir breyta og bæta eldri verkefni og laga að kennslunni. Einnig fást nemendur við ritun án þess að hafa beinlínis sérstök námsgögn, skrifa þá til dæmis dagbókarfærslur í stílabækur, skýrslur eða útdrætti. Stundum nota þeir tölvur í þessum tilgangi og vista skrifin í tölvum skólans.

Nokkuð er um að leiðbeiningar um ritun séu hafðar aðgengilegar, t.d. á veggspjöldum í kennslustofum, einkum á yngsta stigi og á miðstigi. Í einum skólanna var mjög mikið lagt upp úr slíkum námsgögnum, búið að setja ýmiss konar aðgengilegar og einfaldar leiðbeiningar í plast og hengja upp á yngsta stigi og miðstigi. Leiðbeiningarnar, eða amboð eins og þær eru kallaðar, eru gefnar út af kennurum í Hamraskóla og heita *Vörður* og *vegvísar*. Einnig mátti sjá leiðbeiningar og ljósrituð viðbótarverkefni sem hengd voru í vasa á króka undir töflu eða sett í möppu á aðgengilegum stað í skólastofunni.

d) Námsgögn

Í úttektinni var meðal annars skoðað hvaða námsgögn væru helst notuð í ritunarkennslu og hver afstaða kennara til þeirra væri. Hugtakið námsgögn er hér notað yfir námsbækur, handbækur, ítar-efni, kennsluleiðbeiningar, veggspjöld, tölvubúnað og annað efni sem nýttist í ritunarkennslu.

Í nokkrum kennslustundum leiðbeindu kennarar nemendum um ritun með því að sýna þeim efni á glærum. Efnið var sótt á vefina *Málbjörgu* og *Miðbjörgu*, kennsluleiðbeiningar með bókinni *Beinagrindur í ritun*, sem Námsgagnastofnun gefur út og efni með *Skerpubókunum* sem Forlagið gefur út. Sumt efnið var ættað frá kennurunum sjálfum.

4.5.4.1 Viðhorf kennara og nemenda til útgefins námsefnis

Í viðtölum við nemendur var aðeins vikið að námsefni. Margir sögðu að þeir notuðu ekkert námsefni í ritun. Hún væri „bara kennd svona án þess að hafa námsefni og þeir ynnu bara verkefni“. Aðrir töluðu um að þeir hefðu handbækur eins og *Finnsbækurnar* og *Heimi* og margir lýstu yfir ánægju sinni með *Skerpubækurnar*.

Kennarar voru síður en svo á einu máli um gæði þess námsefnis sem þeir hafa aðgang að en almennt mátti frekar greina jákvætt viðhorf til þess en neikvætt. Margir sögðu að þeir hefðu aðgang að því sem þeir þyrftu, jafnvel að þeim dygði blað og blýantur. Í einum skólanum voru kennarar sammála um að það væri til svo mikið af heimatilbúnu efni fyrir ritunarkennslu að þeir þyrftu ekki meira. Aðrir sögðust frekar vilja hafa aðgang að verkefnabanka en sérstökum kennslubókum í ritun.

Algennt var að kennarar nefndu að verkefnabækur í ritun væru heppilegar til að nota fyrir heimavinnu eða sem viðbótarefni en ekki fyrir skapandi skrif eða vinnu sem tengist áhugasviði nemenda. Slíkt efni væri hvorki til þess fallið að auka sköpunargleði nemenda né skapa merkingarbært nám sem nemendur sæju tilgang með. Aðrir töldu hins vegar að ritunarefnið í *Skerpubókunum* hentaði mjög vel fyrir ritunarkennslu og að það væri þægilegt að hafa allt efnið á einum stað. Einn kennarinn sagði að sumt af útgefnu námsefni væri „orðið mjög þreytt og gamalt, og svo er svolítið eins og þetta nýja efni sé bara eins og gamalt vín á nýjum belg“.

Eftirfarandi hugmyndir um æskilegt námsefni í ritun voru nefndar:

- Bækur sem taka á ákveðnum þætti ritunar, t.d. sköpun eða að skrifa skáldsögu.
- Líttlestrarbækur fyrir yngsta stig, einkum bækur um fræðilegt efni á léttu máli.
- Efni til að þjálfa frjálsa ritun.
- Sams konar kennsluefni og algennt er að sjá í tungumálakennslu; kveikjur og myndefni.
- Efni sem fæst t.d. á amazon.com og er ætlað fyrir tungumálakennslu.

Nemandi í 10. bekk

„En við fáum aldrei svona, við fáum ekkert námsbók fyrir ritun, þótt það sé prófað í því. Það er rosalega skrítið að eitthvað sem gildir 15% í grunnskóla er ekkert, ekkert til að læra og fara yfir, það er bara einhvern veginn.“

Kennari á miðstigi

„Það sem má segja að sé ákveðin stefna í þessum skóla er það að við erum ekki að drekkja okkur í bókum, þ.e.a.s. kennslubókum, við förum aðrar leiðir, þú sérð það á þessari vinnu, það er ekki bara verið að fara í eyðufyllingar, ekki skruddur og skræður og skinnur, það er ekki tekinn allur pakkinn og svo hugsað - hvað er eftir? Við erum meira í svona vinnu þar sem er verið að nota ýmsar kennsluaðferðir.“

4.5.4.2 Helstu niðurstöður um námsefni

Kennarar telja sig almennt hafa aðgang að því námsefni sem þeir þurfa. Það helsta sem þeir telja sig vanta eru verkefnabankar. Þótt kennarar nefni í viðtölum að nemendur noti verkefnabækur ekki mjög mikið er algennt að nemendur vinni eyðufyllingarverkefni í verkefnabókum, t.d. tengd lestri,

ritun og málfræði. Kennsluefni á tölvutæku formi er ekki mikið notað, ástæðan virðist einkum vera vegna þess að aðgangur að tölvum er takmarkaður í skólunum.

4.5.4.3 Ábendingar um námsefni

Ef námsgögn sem notuð eru í ritunarkennslu eru borin saman við það sem fram kemur um námsgögn í Aðalnámskrá er ekki annað að sjá en að þau uppfylli þær kröfur sem þar eru gerðar. Helst má nefna námsefni í stafsetningu sem margt er komið til ára sinna og væri full ástæða til að auka fjölbreytni þar. Hins vegar mættu kennarar vera duglegri að nýta sér efni sem hefur verið gefið út á síðustu árum, t.d. *Ritunarbókina*, *Beinagrindur um ritun* og *Heimi*, *handbók um heimildaritun*. Einnig þyrfti að nýta betur efnið sem til er á tölvutæku efni. Ef ekki er tölvuaðstaða í skólanum mætti hvetja nemendur til að vinna þessi verkefni heima.

4.5.5 Heimavinna

Heimavinna nemenda er hluti af námi í grunnskóla en ekki er mikið fjallað um þann þátt í Aðalnámskrá og yfirleitt er lítið eða ekkert meira að finna í skólanámskrám. „Þetta sameiginlega verkefni heimila og skóla kallar á nán tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu,“ segir í almennum hluta Aðalnámskrár frá 2006 (bls. 8) og í almennum hluta Aðalnámskrár 2011 segir: „Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafa orðið ásátt um og að frístundastarf og annað starf utan skóla komi ekki niður á námi barnanna.“ (bls. 70). Ekkert er fjallað um heimavinnu í íslenskuhluta námskrárinnar frá 2007 eða drögum frá 2012.

e) Heimavinna

Í úttektinni var kannað hvort skólar væru með stefnu um heimavinnu nemenda í ritun, t.d. frá upphafi til loka grunnskóla. Einnig hvort samstarf væri við forráðamenn um heimavinnu og hvernig tölvukostur heimila nýttist við hana.

Í skólanámskrá skólanna tólf er lítið að finna um heimavinnu og það litla sem finnst er almennt; bent á mikilvægi þess að nemendur fái stuðning og læri að tileinka sér viðeigandi vinnubrögð. Aðeins einn skóli hafði tiltölulega skýra stefnu í heimanámi þar sem m.a. kom fram að gert væri ráð fyrir því að nemendur læsu heima í 20 mínútur á dag í öllum árgöngum. Ekki var tekið fram að ritun ætti að vera fastur þáttur í heimanáminu. Viðtöl við kennara og stjórnendur staðfestu þetta. Í einum skólanum er óskráð stefna að hafa enga heimavinnu í desember og maí, í öðrum að hafa helst enga heimavinnu. Enginn skóli hafði stefnu um heimavinnu frá upphafi til loka grunnskólans.

Kennari um heimavinnu:

„Þegar þetta eru ekki bara skólaverkefni, þegar þetta er alvöru og birtist einhvers staðar, í þeim tilfellum hafa foreldrar verið svolítið að koma til aðstoðar, með ritunina, að byggja upp textann rétt og fara yfir málfar og annað. Í þeim tilfellum þar sem eru svona raunveruleg viðfangsefni, ég veit ekki hvað má kalla það, þar hafa foreldrar komið inn.“

Þótt ekki sé að finna skráða stefnu í heimanámi nemenda gera kennarar nánast undantekningarlaust ráð fyrir henni á öllum skólastigum. Heimavinnan er eðlilega mismunandi eftir aldri nemenda. Á yngsta stigi er algengt að gera ráð fyrir því að nemendur lesi heima og skrifi. Verkefni í forskriftarbókum eru algeng í heimanámi en einnig ýmiss konar textagerð, t.d. í sögubækur. Einn kennari nefndi að hann léti það í hendur forráðamanna að kenna nemendum að skrifa sögur. Í sumum skólum var hefð fyrir því að nemendur á yngsta stigi skrifuðu eina sögu

heima í hverri viku. Það er líka algengt að hafa það sem heimavinnu að skrifa stafsetningartexta, ekki síst á miðstigi. Einn kennari sagðist hafa góða reynslu af því að hafa það sem heimavinnu nemenda á miðstigi að skrifa sögu heima og gefa nemendum góðan tíma til þess, fjórar til fimm vikur. Margar góðar sögur hefðu komið út úr þeirri sögugerð. Heimavinna á unglingsstigi er að mörgu leyti fjölbreyttari en á yngri stigum en lítið virðist gert af því að skrifa sögur eins og á yngsta stigi og miðstigi. Nemendur vinna útdrætti úr bókmenntaverkum, skrifa bókaskýrslur, vinna með heimildir, hreinrita texta eða endurbæta hann auk ýmissa verkefna sem er að finna í kennslubókum.

Kennarar telja heimavinnu mikilvægan þátt í námi og að samvinna og þátttaka forráðamanna í þessum þætti geti skipt sköpum. Þeir tóku fram að þeir gerðu frekar ráð fyrir því að heimavinna fælist í að þjálfa vinnubrögð sem nemendur þekktu, að viðfangsefni væru þannig að þau þyrftu ekki beina aðstoð heldur frekar hvatningu. Því væri mikilvægt að senda aldrei nemendur heim með viðfangsefni sem hætta væri á að þeir réðu ekki við. Ekki væri hægt að gera ráð fyrir að forráðamenn hefðu tök á að kenna nemendum hvernig ætti að fást við tiltekin verkefni en hins vegar væri hlutverk þeirra mjög mikilvægt til þess að halda utan um og hvetja. Það er hins vegar skoðun margra kennara að forráðamenn telji nægja að halda utan um heimanám fyrstu þrjú eða fjögur árin í skóla. Eftir það séu margir nemendur einir á báti með heimavinnu, jafnvel þótt hún sé hvorki mikil né flókin. Sú skoðun endurspeglast að mörgu leyti í svörum forráðamanna í sambandi við heimavinnu nemenda í 10. bekk. Mjög margir tóku fram að þeir vissu í raun lítið um heimavinnu í ritun. Nokkrir tóku fram að þeir álitu að heimavinna mætti gjarnan vera umfangsmeiri og að gera ætti meiri kröfur til nemenda. Hvorki forráðamenn nemenda í 10. bekk né nemendur í 7. og 10. bekk töldu að heimanám í ritun væri of mikið. Í því sambandi sagði einn forráðamaður: „Ekki finnst mér nú hafa farið mikið fyrir heimanámi í ritun, og það mætti bæta“. Einn kennari minnst á að það skipti máli í sambandi við aðkomu forráðamanna og hjálp við heimavinnu að viðfangsefni nemenda væru „alvöru“, eitthvað til að birta t.d. í bæjarblaðinu. Mun meiri líkur væru á að forráðamenn tækju þátt í þannig viðfangsefnum en hefðbundnum kennslubókarverkefnum.

4.5.5.1 Ábendingar um heimanám

Fjalla þyrfti á skýran og afdráttarlausan hátt um heimanám í skólanámskrám. Æskilegt væri að móta stefnu þar sem t.d. kæmi fram hver ritunarpáttur í heimanámi ætti að vera eða hvernig hægt væri að þjálfa ritun sem best heima á hverju aldurstigi. Mikilvægt væri að forráðamenn hefðu aðgang að leiðbeiningum um hvernig þeir geti sem best ýtt undir áhuga og hæfni nemenda í ritun. Einnig væri æskilegt að forráðamenn hefðu upplýsingar um þær væntingar sem gerðar eru til nemenda á hverju aldurstigi í formlegum þáttum ritunar, t.d. í sambandi við stafsetningu og frágang, uppsetningu, efnisgreinar og textagerð. Vel mætti hugsa sér að bjóða forráðamönnum að hlusta á stutt erindi um ritun, bæði tæknilega og efnislega þætti hennar þannig að þeir væru betur í stakk búnir til að aðstoða börn sín.

4.5.6 Námsmat

Í Aðalnámskrá er fjallað almennt um námsmat, hver sé megin-tilgangur þess og bent á æskilegar leiðir svo námsmat verði í samræmi við tilganginn. Meðal áhersluatriða er að námsmat sé hvetjandi, leiðbeinandi og upplýsandi, að samræmi sé milli námsmats, markmiða og áhersluþátta í kennslu, að gætt sé að fjölbreytni, bæði í matsaðferðum og matsþáttum, að hver nemandi njóti sín sem best og fram komi hvað hann sé fær um að gera en síður hvað hann getur ekki. Í íslenskuhluta Aðalnámskrár 2007 (bls. 6–7) er fjallað um þætti sem snúa að íslenskukennslu. Það sem einkum á við um ritunarkennslu og hefur snertiflöt við matsþætti úttektarinnar er eftirfarandi:

f) Námsmat

Í úttektinni var skoðað hvað segir um námsmat í ritun í Aðalnámskrá og skólanámskrám og hvernig námsmati er beitt í skólastarfinu sjálfu.

1. Skilgreina þarf námsmarkmið og vægi námsþátta í upphafi hvers námstímabils svo að nemendum sé vel ljóst að hverju beri að stefna og hvernig það verði metið.
2. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans heldur er það órjúfanlegur hluti náms og kennslu.
3. Viðfangsefni, sem metin eru, þurfa að vera fjölbreytt og miðast við kunnáttu, færni, skilning, getu til að greina og tengja ólíka þætti, frumleika, frumkvæði, vinnubrögð og þrautseigju.
4. Meta skal ástundun, virkni og framfarir nemenda, munnleg verkefni og skrifleg, einstaklingsverkefni og samvinnuverkefni.
5. Meta má vinnubækur, upplestur, framsögn, virkni.
6. Nota má sjálfsmat, jafningjamat, mat forráðamanna, ritgerðir, ritunaræfingar, skriflegar frásagnir, munnleg og skrifleg próf og verkefni.
7. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir takmörkunum námsmats. Einkunn í tölustöfum segir t.d. lítið ef ekki fylgir skrifleg eða munnleg skýring á því hvernig hún er fengin og hvað hún þýðir. Lögð er áhersla á munnlegan vitnisburð auk skriflegs vitnisburðar, einkum á fyrstu námsárunum.

4.5.6.1 Matsþættir og gátlistar

Í Aðalnámskrá er tekið fram að viðfangsefni, sem metin eru, þurfi að vera fjölbreytt og taka til kunnáttu, færni, skilnings, getu til að greina og tengja ólíka þætti, frumleika, frumkvæðis, vinnubrögða og þrautseigju. Í úttektinni kom fram að viðfangsefni tengd ritun eru fjölbreytt, ekki síst á yngsta stigi og miðstigi, og auk smærri verkefna sem finna má í kennslubókum vinna nemendur iðulega að stærri og umfangsmeiri verkefnum á hverju skólaári.

Þegar kennarar voru spurðir um þau grundvallarhugtök í ritun sem þeir ynnu með voru eftirfarandi hugtök nefnd:

Bein ræða	Lipur texti	Samloðun texta	Textagerðir
Bygging (þrískipt)	Málfar	Setning	Umhverfi
Byrjun, miðja og endir	Málgrein	Skipting í efniskafla	Undirbúningsvinna
Efnisgrein	Meðferð heimilda	Skipulag	Uppbygging
Framvinda	Nafn á sögu	Sköpun	Uppkast
Frágangur	Persónur	Stafsetning	Útgáfa eða birting
Greinarmerki	Rökstuðningur	Sögufjallið	Vandvirkni
Hugmyndaaauðgi	Samfella í texta	Söguþráður	Vinnubrögð

Flest þessara hugtaka koma fyrir á matslistum eða -blöðum á einhverjum stigum grunnskólans eða á hefðbundnum prófum. Á yngsta stigi eru hugtökin fá og snerta einkum byggingu og frágang. Eftir því sem nemendur verða eldri fjölgar hugtökum. Sum þeirra koma þó aldrei fyrir, t.d. sást hugtakið undirbúningsvinna aldrei eða uppkast, ekki heldur framvinda, hugmyndauðgi eða samloðun texta. Hins vegar mátti sjá að skrift nemenda var metin á yngri stigum og einnig hvort verkefnum væri skilað á réttum tíma á öllum stigum. Sum matsblöð þjónuðu tvennum tilgangi, bæði sem ritunarrámi og einnig sem matstæki. Það átti til dæmis við um matsblöð fyrir bókmenntaritgerðir á unglingastigi en á þeim voru jafnvel tiltekin hátt í tuttugu atriði, s.s. forsíða, kaflaskipti, söguþráður, aðalpersóna, aukapersóna, hvers vegna valið, tími og umhverfi, rökstuðningur og prósentuskipting hvers þáttar tilgreind.

Dæmi um matsþætti á matsblaði

- Frágangur 15% (titilsíða, blaðsíða, heimildaskrá)
- Efnistöð 40% (samhengi efnis 25%, eigið orðalag 5%, inngangur 5%, loka-orð 5%)
- Stafsetning 10% (2 villur 1% í mínus)
- Beinar tilvitnanir 25%
- Málfar almennt 10%

Þegar ritun er metin er megináhersla ekki eingöngu lögð á textann sjálfan eða inntak hans heldur einnig á frágang, vinnubrögð, hæfni til að fara eftir fyrirmælum. Kröfur til nemenda aukast eðlilega með aldrinum og vinnusemi er stærri þáttur í námsmati yngri barna en eldri í stað þess að meira er horft á „gæði“ textans eftir því sem nemendur eldast. Það má sjá á þeim matsblöðum sem kennarar nota við yfirferð ritunar. Matslistarnir eru af ýmsum gerðum og stærðum. Algengt er að þeir séu í stærðinni A4 og að um 2/3 innihaldi upptalningu sem hægt er að merkja við og 1/3 af blöðunum sé með ramma til að skrifa athugasemdir. Sum matsblöð eru þú mun einfaldari og minni. Matlistar eru yfirleitt vel unnir og metnaðarfullir. Sum þeirra mætti þó lesa betur yfir og huga að réttri notkun greinarmerkja, muna t.d. eftir spurningarmerki í lok spurningar, gæta þess að textinn sé laus við stafsetningar- og ásláttarvillur og að uppsetning sé smekklek.

4.5.6.2 Að meta framfarir

Margir kennarar nefndu að mikilvægt væri að meta framfarir í ritun frekar en einstök verkefni. Það átti við í öllum árgöngum þótt algengara væri að kennarar yngri barna nefndu það. Kennarar sögðust meta framfarir með því að skoða verkefni hvers nemanda og bera saman við það sem hann hafði skrifað áður. Einn kennari tók fram að hann einbeitti sér fyrst og fremst að því að meta framfarir, það sem gerist frá hausti og fram á vor hjá hverjum og einum nemanda. Hann héldi til haga nokkrum ritunarverkefnum frá hverjum nemanda. Þau væru dagsett og auðvelt að bera saman og sjá hvað gerist t.d. á einu skólaári. Kennarar meta framfarir ekki beint til einkunnar heldur fá nemendur munnlega eða skriflega umsögn. Í viðtölum við nemendur í 10. bekk nefndu þeir aldrei þessa leið við námsmat.

4.5.6.3 Samræmdur matskvarði

Samræmdur matskvarði er ekki notaður í neinum skólanna, þ.e. kvarði sem kennarar í öllum árgöngum eða greinum geta stuðst við þannig að samræmi sé milli mats og matsþátta og í því hvers konar kröfur eru gerðar til nemenda eftir aldri. Aðspurðir sögðust kennarar hafa mikinn áhuga á að útbúa slíkan matskvarða og töldu að hann myndi auka gæði námsmats. Aðeins einn skóli vannur við að

útbúa stefnu og heildstæðan matskvarða til að nota í öllum árgöngum í öllum fögum. Kennarar tóku fram að sú vinna væri tímafrek en þeir sögðust binda miklar vonir við að samræmdur matskvarði skilaði markvissara námsmati. Í viðtölum við nemendur kom fram að þeir upplifa ósamræmi í mati kennara innan sama skólans, þannig meti kennari í dönsku aðra þætti ritunar en kennari í samfélagsfræði. Það sem einum þætti í lagi gerði annar kennari athugasemdir við.

4.5.6.4 Að betrumbæta texta

Kennarar voru spurðir hvort nemendur fengju tækifæri til að betrumbæta skrif sín eftir formlegt mat kennarans. Enginn kennari sagðist beita þannig námsmati. Kennari á yngsta stigi sagði að sér þætti ekki ástæða til þess að gera þær kröfur til nemenda að textinn þeirra væri birtingarhæfur og að með því að ætlast til að nemendur endurskrifuðu textann væri verið að drepa sköpunargleðina. Matið væri miklu fremur fólgið í því að meta vinnusemi en textann sem slíkan. Kennari á unglingastigi sagði að sér þætti nógu mikil fyrirhöfn að lesa yfir ritunarverkefni nemenda einu sinni þótt hann færi ekki að lesa þau yfir aftur til að meta hvort nemandi hafi betrumbætt í samræmi við athugasemdir. Kennarar á öllum stigum nefndu hins vegar að nemendur betrumbættu texta sem ætti að „gefa út“, t.d. bækur, bekkjarblöð eða veggspjöld. En það væri ekki beint innifalið í námsmati.

Í viðtölum við nemendur kom fram að aðeins í einum skóla höfðu þeir reynslu af því að fá að betrumbæta texta sem búið væri að meta og fá tækifæri til að skila honum aftur. Þeir nemendur lýstu ánægju sinni yfir þannig námsmati og sögðu að þeir vildu gjarnan að það væri meira notað.

4.5.6.5 Vandmeðfarnir þættir námsmats

Í viðtölum við kennara kom fram að námsmat í ritun væri oft erfitt og tímafrekt og margir nefndu það vandmeðfarnasta þátt ritunarkennslu. Það átti við um kennara á öllum skólastigunum þremur en þó ekki síst kennara á unglingastigi. Þeir höfðu á orði að það væri „ofboðsleg vinna að fara yfir ritunarverkefni enda er maður oft að um helgar og mörg kvöld“. Þessi skoðun var ekki alveg gegnumgangandi og nokkrir kennarar tóku fram að yfirferð ritunarverkefna væri skemmtileg þótt hún tæki mikinn tíma. Ýmiss konar gátlistar eða matsblöð voru sagðir auðveldi þessa yfirferð en tekið var fram að gátlistana þyrfti að vinna vel og kenna þyrfti nemendum að nýta sér svo gagn væri að. Vel gerðir gátlistar víða námsmat skila að mati kennara góðum árangri og auk þess einfalda þeir mikið yfirferðina. Fram kom að oft væri erfitt að meta mjög slaka ritun því þá væri svo margt sem þyrfti að gera athugasemdir við og álitamál hvort það skilaði yfirleitt einhverjum árangri.

Nemandi í 10. bekk

„Mér finnst vanta rosalega mikið að segja, þú veist, þú þarft að bæta þig. Og kenna okkur það hvernig maður á að bæta sig, útskýra það betur, setja það þannig upp að maður sjái það og geti gert það. Ekki bara að gera nýtt og nýtt verkefni og svo er bara skrifa „fínt, laga stafsetningu“.“

Nokkur umræða skapaðist um hvort gefa ætti tíu fyrir ritun og voru kennarar ekki á einu máli um það. Sumir sögðust ekki hika við að gefa einkunnina tíu ef ritunin uppfyllti kröfur sem gerðar voru, jafnvel þótt nokkuð ljóst væri að betrubæta mætti skrifin að einhverju leyti. Aðrir sögðust aldrei gefa tíu fyrir ritun og sögðu það vera vegna þess að það mætti alltaf gera betur og að færni nemenda í ritun gæfi ekki tilefni til að gefa tíu. Þeir væru því miður bara ekki svo góðir í ritun.

Sumir kennarar veltu fyrir sér réttlæti þess að draga niður einkunn ef verkefni væri ekki skilað á tilsettum tíma. Enginn kennari setti sig upp á mótí því fyrirkomulagi en þeir sögðu að nemendur ættu erfitt með að sætta sig við slíkt og nefndu nokkur dæmi um forráðamenn sem hefðu kvartað vegna þess. Kennarar tóku fram að mikilvægt væri að gera nemendum grein fyrir því frá upphafi að virða ætti skilafrest og að skila verkefni á réttum tíma væri hluti af ritunarferlinu. Hins vegar þyrfti að taka tillit til veikinda eða óviðráðanlegra aðstæðna ef svo bæri undir.

Hvers konar námsmat notar þú við ritun?

- Ég gagnrýni ritun sem minnst.
- Gátlisti þar sem nemendur vita hvað skal meta.
- Leiðsagnarmat.
- Met verkefnin jafnóðum allan veturinn.
- Nemendur fara yfir ritun með kennara og lesa verkefnið upphátt.
- Nemendur lesa upphátt verk sín.
- Ég notast við þrep í þróun ritunar.
- Safna saman ritunarsýnishornum, dagset þau og met svo framfarir.
- Set upp gátlista þar sem ég merki við byggingu, efnistöð, málfar og stíl, frágang.
- Sjálfsmat.
- Sóknarkvarðar.
- Verkmappa.
- Þróun í ritun tekin fyrir þrisvar sinnum yfir skólaárið.
- Þrjár stjórnur og eina ósk.
- Kvarðar; að ná markmiðum, er á réttri leið að ná markmiðum, á erfitt með að ná markmiðum.

Einn háskólakennarinn nefndi að ef til vill væri einna erfiðast að kenna að meta skapandi ritun: „Ef þú ert að meta lestur þá geturðu prófað framsögn, þú prófar svo margt, það er svo mikil hefð fyrir að meta og kenna lestur en með ritunina, vita hvernig á að meta, hvað á að meta, hvað á maður að kenna, þetta er miklu loðnara, og miklu minna hefur verið rætt um þetta í starfi kennaranna. Þeir hafa, hvort sem þeir eru nýútskrifaðir eða nýir í starfi, ofboðslega margar spurningar varðandi ritunina.“

4.5.6.6 Samantekt um námsmat

Kennarar telja sig beita fjölbreyttu námsmati í ritun. Skólanámskrár styðja þá skoðun enda kemur þar fram að námsmat sé fjölbreytt. Hins vegar er umfjöllun um námsmatið í skólanámskrám ekki umfangsmikil og hvorki kennsluáætlanir né önnur skrifleg gögn úr skólunum styðja þá skoðun að námsmat sé fjölbreytt þótt verkefni sem metin eru séu af ýmsu tagi. Algengast var að kennarar nefndu gátlista eða matsblað sem leið til að meta ritun og sjálfsmat kom næst á eftir. Margir fullyrtu að þeir létu nemendur vita fyrirfram hvaða þættir ritunar væru metnir hverju sinni. Enginn kennari nefndi þátt forráðamanna í mati á ritun líkt og mælst er til í Aðalnámskrá. Enginn kennari nefndi námsmat sem dæmi um þátt sem hann teldi þurfa að leggja meiri rækt við í tengslum við ritunarkennslu en nokkrir kennarar nefndu að ástæða væri til að samræma námsmat innan skólans.

Nemendur telja námsmat ekki fjölbreytt. Algengast var að þeir nefndu gátlista sem leið við námsmat, einnig jafningjamat þar sem nemendur mátu hvern annan í hópverkefnum. Vægi ritunar í heildareinkunn er sjaldan tilgreint í kennsluáætlun líkt og kveðið er á um í Aðalnámskrá og stundum

er ómögulegt að átta sig á við hvað er átt. Dæmi um slíkt er eftirfarandi sem tilgreint er í kennsluáætlun í 10. bekk: *Námsmat – Endurgjöf, kannanir, skriflegt próf, vinnubók*. Engar nánari lýsingar er að finna um námsmatið í þeim gögnum sem skólinn dreifði til nemenda, ekkert um vægi hvers þáttar eða hvað væri falið í hverjum. Þótt kennarar telji sig beita fjölbreyttu námsmati nefndu þeir fáar leiðir eða aðferðir í námsmati sem stuðst var við. Ekki var merktanlegur munur á svörum kennara eftir því hvaða aldurshópi þeir kenndu. Mjög fáir kennarar nefndu að þeir prófuðu ritun á hefðbundnu ritunarprófi en í gögnum frá skólunum má sjá að á lokaprófum eða annarprófum er algengt að eitt stutt ritunarverkefni sé notað til að kanna hæfni nemenda í ritun, ekki síst í eldri árgöngum. Vægi þess á lokaprófi er 10–15% og meiri líkur eru á að fyrirmælin séu ítarleg og leiðbeinandi eftir því sem nemendur eru yngri.

Hefðbundin próf eru sjaldan notuð á yngri stigum til að meta hæfni nemenda í ritun en undantekning frá því eru verkefni úr gömlum samræmdum prófum sem gjarnan eru notuð sem einhvers konar æfingapróf, jafnvel strax í 4. bekk. Ritun er prófuð oftast á hefðbundnum lokaprófum hjá eldri nemendum og fyrirmælin eru svipuð og í samræmdum prófum. Í dæmigerðu prófverkefni sem gildir töluvert af annareinkunn fá nemendur litlar sem engar leiðbeiningar um hvernig ritun þeirra verður metin. Þá eru lögð fyrir hefðbundin stafsetningarpróf í flestum skólum og eru t.d. textar úr samræmdum prófum notaðir, textar sem finna má á vefjum Námsgagnastofnunnar eða í gömlum kennslubókum. Á yngsta stigi eru ýmis smá verkefni metin og þá notuð umsögn og jafnvel einfaldir gátlistar með broskörnum. Á miðstigi og unglingsstigi er notkun gátlista mjög algeng og þá notuð bæði umsögn og einkunn. Verkefni sem metin eru á formlegan hátt virðast vera færri eftir því sem nemendur eldast en jafnframt verða verkefni umfangsmeiri. Algengt er að eitt stórt verkefni sé lagt fyrir á mið- og unglingsstigi og að sams konar verkefni séu metin ár eftir ár, t.d. er alltaf heimildaritgerð í einum 7. bekk, alltaf bókaskýrsla í einum árgangi, alltaf skrifað leikhandrit í 9. bekk og svo framvegis.

Dæmigert prófverkefni í 9. bekk

Ritun (12 stig)

Heimurinn og ég árið 2025

Skrifaðu um það bil 200 orða ritun í samfelldu máli. Vandaðu málfar og stafsetningu.

4.5.6.7 Ábendingar um námsmat

Þótt margt sé vel gert í sambandi við mat á ritun og í góðu samræmi við ákvæði námskrár eru nokkrir þættir sem betur mættu fara:

- Nota þarf samræmdan matskvarða til að meta ritun nemenda frá upphafi grunnskóla til loka hans í öllum námsgreinum.
- Leiðsögn með mati er mjög algeng og nemendur fá ekki eingöngu einkunn eða tölu fyrir verkefni sín heldur fá þeir umsögn. Þeir fá hins vegar ekki næg tækifæri til að vinna úr ábendingum. Því þarf að nota oftast leiðbeinandi mat þar sem nemendum er gefinn kostur á að betrumbæta skrifin.
- Matlistar sem og annað efni sem dreift er til nemenda þarf að vera snyrtilega fram sett og laust við allar villur, þar með talið málvars-, greinarmerkja- og stafsetningarvillur.
- Merkja þarf blöð, t.d. matsblöð og verkefnafyrirmæli, sem dreift er til nemenda með nafni skóla, ártali og dagsetningum eftir því sem við verður komið.
- Nota þarf allan matsskalann, þ.e. gefa nemendum tíu sem hæstu einkunn í ritun líkt og gert er í öðrum námsþáttum í grunnskóla.
- Nota þarf fjölbreytt námsmat á öllum skólastigum, ekki síður unglingsstigi en yngsta stigi, t.d. jafningjamat og munnlegt mat.

- Sjálfsmat er góð leið fyrir nemanda til að gera sér grein fyrir stöðu sinni í ritun og hvaða þætti hann gæti bætt. Það mætti vera mun algengara en það er, ekki síst á unglingsstigi.
- Gæta þarf þess að umsögn fylgi námsmati þótt notaðir séu matskvarðar.
- Fjalla þarf ítarlegar um námsmat í skólanámskrám og kennsluáætlunum.

4.6 Undirbúningsmenntun kennara fyrir ritunarkennslu

Í þessum kafla er fjallað um undirbúning kennaranema fyrir ritunarkennslu í grunnskóla og viðhorf starfandi kennara, kennaranema og háskólakennara til þess undirbúnings sem í boði er í háskólanámi. Einnig voru símenntunarmöguleikar á sviði ritunar skoðaðir, stefna skólanna í símenntun kennara og viðhorf kennara til símenntunar. Til þess að meta undirbúning kennara fyrir ritunarkennslu í grunnskóla var athugað hvernig háskólakennslan er skipulögð á þessu sviði. Auk þess var rætt við háskólakennara, starfandi kennara og kennaranema. Þá var stuðst við skriflega greinargerð kennaranema þar sem þeir greina frá viðhorfum sínum til ritunarkennslu. Að lokum var lögð fyrir rafræn könnun þar sem starfandi kennarar voru spurðir um viðhorf þeirra til símenntunar.

Matsþáttur 6

Kannaður var undirbúningur kennara fyrir ritunarkennslu í grunnskóla, hvort menntun í kennaranámi nýttist kennurum við ritunarkennslu í grunnskólum og hvort kennarar teldu sig ekki nægilega undirbúna fyrir einhver svið ritunarkennslu. Símenntunarstefna skólanna var skoðuð og spurt hvort félagastuðningur væri í skólanum við kennslu ritunar, hvort áhersla væri lögð á símenntun á sviði ritunarkennslu, hvort talin væri þörf á símenntun eða endurmenntun í kennslu ritunar og hvaða endurmenntun væri í boði fyrir kennara í ritun.

4.6.1 Kennsla í íslensku við Menntavísindasvið HÍ og Háskólann á Akureyri

Í grunnnámi kennaranema við Menntavísindasvið eru tvö kjarnanámskeið í íslensku, þ.e. *Talað mál og ritað (10e)* og *Íslenska og stærðfræði í grunnskóla (10e)*.¹⁹ Fyrri námskeiðið er einkum ætlað sem kennsla í fræðilegum vinnubrögðum í háskóla. Í seinna námskeiðinu er ritunarpátturinn aðeins einn af fjölmörgum þáttum sem fjallað er um. Íslenskukennarar við Menntavísindasvið hafa bent á hve lítill grunnur þessi tvö námskeið eru fyrir verðandi grunnskólakennara. Þeir nemendur sem velja sér íslensku sem kjörsvið, bæði á B.Ed.-stigi og M.Ed.-stigi fá hins vegar góðan grunn í íslensku, bæði í ritun og bókmenntum, og möguleika til að ná góðu valdi á öllum þáttum ritunar, sbr. yfirlit allra áfanga í töflu 10.

19 Við kennaradeild Menntavísindasviðs er í boði sérhæfing innan ólíkra skólastiga á BEd.-stigi og eru þær helstu: Grunnskólakennsla, BEd. 180e, Kennsla ungra barna í Grunnskóla, BEd. 180e og Faggreinakennsla í grunnskóla, BEd. 180e. Fyrir utan þessar námsleiðir eftir skólastigum velja nemendur einnig að sérhæfa sig innan ákveðinna faggreina og geta þeir valið tvær faggreinar eða að sérhæfa sig innan einnar. Í dag eru í boði tólf faggreinar og er íslenska meðal þeirra. Fyrir utan þessa sérhæfingu er sameiginlegur kjarni sem allir kennaranemar taka á námstímabilinu. Á M.Ed.-stigi „bætast við nokkur námssvið við kennslugreinarnar en í þeim felst sérhæfing þvert á námsgreinum grunnskólans.“ (Sótt á heimasíðu HÍ 22.11.2012. http://www.hi.is/kennaradeild/kennsla_i_grunnskola) Við Háskólann á Akureyri taka nemendur fyrsta ár í sameiginlegum kjarna en sérhæfa sig á öðru ári innan ólíkra skólastiga. Á þriðja ári eru þrjú kjörsvið í boði sem hægt er að velja um. Á M.Ed.-stigi er einnig ákveðinn sameiginlegur kjarni en síðan sérhæfa nemendur sig milli ólíkra aldursþópa og milli fimm kjörsviða. Kjörsvið á BEd.-stigi eru Nám og kennsla á yngsta stigi, Hugvísindi og tungumál og Listir, menning og margmiðlun. Á M.Ed.-stigi eru í boði eftirfarandi kjörsvið: Almennt svið, Námskrár- og kennslufræði, Lestrarfræði, Sérkennslufræði og Stjórnun í skólastofnunum.

Við Háskólann á Akureyri eru þrjú kjarnanámskeið í íslensku fyrir kennaranema. Í þeim er t.d. kennd málfræði og stafsetning ásamt ritun ólíkra textagerða. Að auki taka allir nemendur eitt bókmenntanámskeið. Góður grunnur í íslensku og þá sérstaklega í ritun á B.Ed.-stigi er einn af styrkleikum deildarinnar. Þegar kemur að sérhæfingu er íslenska ekki í boði sem valfag og því er skortur á framhaldsnámi í íslensku. Það myndi styrkja stöðu kennaradeildarinnar ef boðið væri upp á íslensku sem valfag á M.Ed.-stigi sem gæti þá verið hluti námskeiðsins *Lestrarfræði* eða sem sérstakt valfag.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands	Kennaradeild Háskólans á Akureyri
Kjarnanámskeið í kennaranámi Íslenska og stærðfræði í grunnskóla 10e (kjarni) Talað mál og ritað 10e (kjarni)	Kjarnanámskeið í kennaranámi Hagnýt íslenska 6e (kjarni) Íslenska 6e (kjarni) Íslenska fyrir kennara 6e (kjarni) Vinnulag í háskólanámi 6e (kjarni)
Skyldunámskeið og val í íslensku sem kjörsvið B.Ed. Íslenskt mál og bókmenntir 10e (kjarni) Íslenskukennsla í grunnskóla 10e (kjarni) Lestur og ritun á mið- og unglíngastigi 10e (kjarni) Skapandi málnotkun í grunnskólum 10e (kjarni) Bókmenntafræði og kennsla 10e (val) Bókmenntir síðari alda 10e (val) Íslensk málfræði: Gerð máls 10e (val) Íslensk málfræði og setningafræði 10e (val) Miðaldabókmenntir og miðaldamál 10e (val)	Val í íslensku sem kjörsvið B.Ed. Barna- og unglíngabókmenntir 6e (val) Bækur og bókmenning 6e (val) Íslenska og samskipti 6e (val) Kennslufræði tungumála 6e (val) Ritun og skapandi skrif 6e (val)
Skyldunámskeið og val í íslensku sem kjörsvið M.Ed. Faggreinakenndsla 10e (kjarni) Stílfraeði og textagerð 10e (kjarni) Bókmenntakennsla 10e (kjarni/val) Málrækt og málfræðikennsla 10e (kjarni/val) Íslenska sem annað mál 10e (val) Leiðbeint um fræðileg skrif 5e (val) Málvísindi 10e (val) Ritlist og bókmenntir 10e (val)	Skyldunámskeið og val í íslensku sem kjörsvið M.Ed. Íslenska; bókmenntir og bókmenntakennsla 5e (kjarni) Íslenska; málörvun og læsi 5e (kjarni) Læsi til skilnings 5e (kjarni)

Tafla 10. Áfangar sem verðandi kennurum standa til boða, bæði á B.Ed.-stigi og M.Ed.-stigi við HÍ og HA.

Í sumum námskeiðum eru gerðar forkröfur. Slíkt fyrirkomulag getur staðið í vegi fyrir því að nemendur af öðrum kjörsviðum en íslensku velji þau eða að námskeiðin nýtist starfandi kennurum til símenntunar. Í ljósi þess hve algengt það er að kennarar sem hafa annað nám en íslensku sem sérsvið sinni íslenskukennslu væri æskilegt að sem flest námskeið væru í boði fyrir alla kennaranema.²⁰ Við kennaradeild Háskólans á Akureyri hefur verið reynt að koma til móts við þessa þörf með undirstöðunámskeiðum í íslensku. Íslenskukennarar við Menntavísindasvið benda hins vegar á að þessa almenntu íslenskumenntun vanti í kjarna náms allra kennaranema og það bitni fyrr eða síðar á þeirri íslenskukennslu sem bíður þeirra.

²⁰ Í nýlegri rannsókn Ragnars Inga Aðalsteinssonar, Ingibjargar Frímansdóttur og Sigurðar Konráðssonar (2012) kom m.a. fram að kennarar sem starfa sem fagkennarar í íslensku hafa í 64,4% tilfella lokið kennaranámi með íslensku sem sérsvið. Um 35% kennara sem starfa sem fagkennarar í íslensku eru hins vegar með annað sérsvið, t.d. íþróttir, heimilisfræði eða listgreinar.

Kennarar við Háskólann á Akureyri telja þessi grunnnámskeið nauðsynleg fyrir kennaranema án tillits til sérhæfingar seinna meir. Þeir nefna einnig að eftir að þeim hafi verið ljóst hve mikið skortir á þjálfun í ritun, þegar kennaranemar hefja nám, hafi kennslan æ meira falið í sér að byggja upp þann grunn sem nemendur ættu að hafa úr fyrra námi. Íslenskukennarar við Menntavísindasvið benda einnig á skort á undirbúningi hjá kennaranemum og að mikill tími fari í að byggja upp þá þekkingu og færni sem þeir ættu að hafa með sér úr framhaldsskóla. Kennarar á Menntavísindasvið leggja þess vegna sérstaka áherslu á að þörf sé á fleiri námskeiðum í íslensku í sameiginlegum kjarna í kennaranáminu. Það er ekki nóg að hafa námskeið eins og *Talað mál og ritað* þar sem áherslan liggur á heimildaritun sem ætti að vera í sérnámskeiði sem venjulega er kallað *vinnulag í háskólanámi* og tíðkast við flestar háskóladeildir. Í námskeiðinu *Íslenska og stærðfræði í grunnskólum* er ritun mjög almennur þáttur og hluti af stærri heild. Til þess að tryggja þekkingu allra verðandi kennara í íslensku þyrfti að skipuleggja öflugt grunnnámskeið í ritun í kjarna kennaranámsins. En einmitt á því sviði er skortur. Eins og staðan er í dag geta nemendur útskrifast sem kennarar án þess að hafa tekið námskeið í málfræði, stafsetningu og skapandi ritun.

Aftur á móti er staða íslenskunnar betri á kjörsviði og þar geta nemendur fengið góðan grunn í öllum þáttum ritunar. Það er þessi gjá á milli undirbúnings í íslensku fyrir nemendur sem velja annað kjörsvið en íslensku og síðan þeirra sem velja íslensku sem faggrein, sem kennarar við Menntavísindasvið hafa mestar áhyggjur af. Burtséð frá vali á faggreinum og sérhæfingu á ólíkum skólastigum er gert ráð fyrir því í námskrá að allir kennarar séu móðurmálskennarar. Í því felst m.a. að allir kennarar búi yfir færni til að leiðbeina nemendum á grunnskólastigi um grunnþætti í ritun. Til þess að mæta þessu mæla háskólakennarar með grunnnámskeiðum í íslensku fyrir alla verðandi kennara, þar sem grunnþættir ritunar og bókmennta eru í forgrunni.

Við Menntavísindasvið og kennaradeildina Háskólans á Akureyri leggja kennarar og nemendur áherslu á meiri tengsl milli kennslu og vettvangs, að auka kennslufræðilega þátt námsins. Kennaranemar þurfa bæði að verða vel ritfærir en einnig öðlast verkfæri til að kenna og leiðbeina verðandi nemendum sínum á öllum sviðum ritunar. Það er þó ekki hægt að kenna allt fyrirfram, eins og einn kennari bendir á, sumt þarf að læra á vettvang og þá er einnig vakinn hvati til að læra meira hjá starfandi kennurum.

4.6.2 Staða kennaranema og undirbúningur fyrir ritunarkennslu

Háskólakennarar telja að ekki sé nógu skýr stefna í kennslu ritunar á grunn- og framhaldsskólastigi og að nemendur sem hefja kennaranám hafi ekki öðlast næga færni í ritun, hvorki í fræðilegum né skapandi skrifum. Þeir telja að kennaranemar geri oft ekki greinarmun á skrif- og talmáli og þá skorti skilning á tilganginum með því að þjálf sig í ritun og lesa yfir eigin texta með gagnrýni eða að láta aðra lesa yfir og laga misfellur. „Þau skrifa texta og hann er tilbúinn, það að fara yfir texta aftur og aftur, leiðrétt og vera ekki sáttur fyrr en hann er góður finnst mér algjörlega vanta,“ segir einn háskólakennarinn. Háskólakennarar telja einnig að nemendur geri lítinn greinarmun á mismundi málsniði eða viðtakanda textans: „Það er eins og nemendur hafi ekki lært hinn skapandi þátt heimildaritgerða, hver þeirra eigin þáttur á að vera við röðun staðreynda og það er ekki nógu vel þjálfað í grunnnámi. Þegar þau koma í menntaskóla er endurgjöfin oft ekki nógu góð. Þau skila af sér verkefnum og fá kannski þau ummæli að „vanda betur málfar og stafsetninguna en leiðsögnin sem krakkarnir fá er ekki leiðsögn. Þegar þau gera næsta verkefni geta þau ekki lært af því sem þau fengu

síðast. Endurgjöfin kemur of seint, kemur þegar verkefninu er lokið en ekki þegar verið er að vinna verkefnið. Þau skila ekki hálfunnu verkefni og fá viðbrögð á það svo þau geti nýtt sér það til að breyta,“ segir annar háskólakennari. Sá telur að almennt skorti leiðsagnarmat hjá kennurum, að nemendur læri í skrifferlinu sjálfu en fái ekki bara viðbrögð þegar þeir eru búnir og vita þá ekki hvernig þeir geta nýtt sér það í næsta verkefni. Velta má því fyrir sér hvort þessi háttur á yfirferð verkefna einkenni ekki öll skólastig, einnig háskólastigið. Háskólakennarar nefna einnig að hér á landi sé ekki nein hefð fyrir fjölbreyttri ritunarkennslu miðað við víða annars staðar. „Það er bara þannig, ég held við höfum mest kennt þeim sögugerð, upphaf, miðju og endi, setja eitthvað saman, setja þetta fyrir, við höfum ekki verið að kenna ferlið heldur ritunina sjálfa, alltaf verið að kenna afurðina, við höfum ekki verið að kenna þeim að skrifa á meðan þau eru að skrifa.“

Mikilvægi samvinnu innan kennaradeildanna var eitt af umfjöllunarefnum háskólakennara. Einnig var bent á mikilvægi þess að háskólakennarar fylgdust betur með því sem fram færi í kennslu á öðrum sviðum en þeirra eigin. Ritverið á Menntavísindasviði er mikilvægt framlag íslenskukennara þar sem komið er til móts við þörf nemenda til að þjálfra sig í öllum formum ritunar. Þeir hvetja alla kennara til að nota sér Ritverið og flétta inn í eigin ritgerðarkennslu. Bæði kennarar og kennaranemar nefndu gildi vettvangs eða æfingakennslu og sögðu það einn mikilvægasta þáttinn í kennaranáminu.

Kennaranemar á kjörsviði í íslensku telja margir að þeirra eigið nám í ritun í grunn- og framhaldsskóla hafi ekki verið nægilega markvisst og að of lítið hafi farið fyrir skapandi ritun eða beinni kennslu í ritun. Ef þeir áttu að skrifa ritgerð fóru þeir heim með þau fyrirmæli að skrifa ritgerð en fengu litla eða enga leiðsögn, segja þeir. Kennaranemar vilja gjarnan hafa annan hátt á sjálfir þegar þeir hefja störf sem kennarar. Þeir vilja leggja áherslu á skipulagða þjálfun við vinnu með heimildir í efri bekkjum grunnskólans og leggja áherslu á sköpunargleðina í allri ritun. Þeir telja sig þó ekki nægilega vel undirbúna fyrir slíka kennslu. Þótt þeir hafi lært málfræði, stafsetningu og skapandi ritun sé ekki nægilega áhersla á hvernig eigi að kenna þessa þætti. Þeim sé oft sagt „þið notið þetta síðan í kennslu“ en hvernig eigi að gera það sé ekki nógu ljóst.

4.6.3 Símenntun og símenntunarnámskeið

Í kjarasamningum kennara kemur fram að gert er ráð fyrir 150 stundum á ári til símenntunar og að í hverjum skóla sé til símenntunaráætlun.²¹ Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti, þá sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Kennarar eiga rétt á að sækja sér endurmenntun í sínum skólum og byggðarlagi, á vegum stéttarfélaganna, á vegum háskólanna og hjá einkaaðilum. Ýmis námskeið eru í boði innan ólíkra sviða, sum henta til að auka faglega þekkingu kennara í greininni en önnur til að fylgjast með kennslufræðilegri þróun innan hennar.

Í sjálfsmatsskýrslum skólanna var almennt að finna mjög góða umfjöllun um símenntun. Ekki var að finna neina sérstaka áherslu á símenntun tengda ritunarkennslu eða stefnu um ritunarkennslu yfirhöfuð og hvergi kom fram að einhver einn aðili innan skólanna bæri ábyrgð á eða héldi utan um stefnu eða stuðning í sambandi við ritun eða ritunarkennslu.

²¹ Sjá t.d. *Handbók með kjarasamningum* <http://fg.ki.is/pages/121>

Stjórnendur töldu allir mikilvægt að kennurum stæði til boða að sækja sem mesta símenntun og margir nefndu sem dæmi að *Byrjendalæsið* og *Orð af orði* væru liður í símenntunaráætlun skólans og væru ætluð öllum kennurum en líklega mest yngsta stigi og miðstigi. Líklega vantaði meira á unglingsstigið. Margir nefndu að oft kæmu sérfræðingar og fjölluðu um áhugavert efni, ekki endilega bara um ritun en um þætti sem ættu að geta nýst í ritunarkennslu. Algengt var að kennarar teldu sig hafa góðan stuðning við ritunarkennslu, þeir gætu sótt aðstoð á bókasafnið, til kennsluráðgjafa eða jafnvel stjórnenda. Hins vegar sögðust flestir kennarar myndu nýta sér endurmenntunarnámskeið tengd ritun og ritunarkennslu ef þau stæðu þeim til boða.²² Sumir nefndu að of algengt væri að sama háskólaafólkið sæi um símenntunarnámskeið ár eftir ár og að það væri æskilegra að hafa meiri fjölbreytni. Þá kom fram að heimsóknir í aðra skóla sem hluti af símenntun væri mikilvæg, t.d. heimssóknir í skóla erlendis.

Þegar kennarar voru beðnir að nefna dæmi um stuðning við ritunarkennslu sem þeir teldu að gætu nýst kennurum nefndu þeir námskeið í ljóðagerð, aðgengilegan hugmyndabanka²³, stigskiptan stuðning, fleiri heimsóknir rithöfunda og fréttamanna í skólann sem kæmu til að ræða um vinnu sína, aðgang að ritunarrömmum og efni sem hentaði sem kveikjur að ritunarverkefnum, betra aðgengi að tölum og leshópa sem læsu greinar og fræðirit saman.

Margir kennarar sögðust vera vel færir í ritunarkennslu. Það væri þó ekki vegna góðs undirbúnings í kennaranámi heldur vegna þess sem þeir hefðu lært í starfi. Einn kennari sagði t.d.: „Alveg ótrúlegt hvað manni er lítið kennt um það sem börnin eru að gera, hvernig maður á að kenna þeim að lesa og skrifa, mér finnst meira um eitthvað svona fræðinga sem eru löngu dauðir. Ekkert um hvernig ég á að kenna örvhentu barni að skrifa, þessa skrift, það vantaði, ég gat alveg tekið kúrsa með skrautskrift, bara svona gaman fyrir mig að læra að skrifa vel. Og ritun, hvernig á að kenna þeim. Mér finnst vanta meira, auðvitað er fjallað um þetta en það vantar miklu meira af þessu.“

4.6.4 Samantekt um undirbúning kennara fyrir ritunarkennslu

Við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er gott námsframboð í íslensku innan kjörsviðs í grunn- og framhaldsnámi. Hins vegar er námsframboð í íslensku í grunnnámi ætlað öllum kennaranemum rýrt. Við kennaradeild Háskólans á Akureyri er námsframboðið í grunnnámi íslensku umfangsmikið en á framhaldsstigi er lítið námframboð og engin sérstök námskeið í ritun. Það er misjafnt hvort kennarar telji sig í stakk búna til að kenna ritun í grunnskóla eða ekki og einnig hvort þeir telji sig hafa góða möguleika á símenntun. Sá þáttur sem einkum vefst fyrir þeim er að kenna nemendum skapandi skrif. Kennarar fundu fyrir óöryggi á því sviði og einnig gagnvart því að kenna ritun sem ferli. Kennarar segjast hins vegar auðveldlega geta metið lokatexta nemanda og kennt uppbyggingu ritgerða. Nær allir kennarar sögðust mundu nýta sér fleiri möguleika til að auka hæfni sína í meðferð ritaðs máls stæði þeim slíkt til boða. Símenntunarmöguleikar í ritun eru til staðar bæði innan háskólanna og á vegum einkaaðila en námskeið eru ekki haldin reglulega og flest bundið við höfuðborgarsvæðið. Í símenntunarstefnu skólanna er ekki sérstaklega fjallað um ritun. Kennarar við háskólana telja að

²² Sjá yfirlit um námskeið á vegum háskóla, endurmenntunarstofnana eða einkaaðila í fylgiskjali 4.

²³ Á heimasíðu Samtaka móðurmálskennara, modurmal.is, er að finna verkefna- og hugmyndabanka sem kallast DEILA. Hann er enn sem komið er ekki umfangsmikill en virðist vera í þeim anda sem kennarar óska eftir.

nemendur sem hefja kennaranám séu ekki nægilega vel að sér í rituðu máli. Kennaranemar telja að þeir hafi ekki fengið næga þjálfun í ritun í grunn- og framhaldsskóla.

4.6.5 Ábendingar um undirbúning kennara fyrir ritunarkennslu

Staða ritunarkennslu í kennaranámi er að mörgu leyti í góðum farvegi, ekki síst þeirra sem velja sér íslensku sem kjörsvið. Möguleikar kennara til símenntunar á sviði ritunar eru nokkrir. Hins vegar má benda á nokkra þætti sem betur mættu fara:

- Kennarastarf krefst þess að kennarar hafi gott vald á rituðu máli, hvort sem þeir starfa sem fagkennarar í íslensku eða ekki. Auk þess er mjög algengt að aðrir en faggreinakennarar komi að íslenskukennslu á öllum skólastigum. Öflug ritunarnámskeið í kennaranámi ættu því að vera skyldunámskeið, bæði til að auka færni allra kennara til að kenna nemendum ritun og einnig til að þeir læri sjálfir meðferð ritaðs máls.
- Æskilegt væri að skipuleggja grunnnámskeið í skapandi ritun sem gæti hentað öllum kennaranemum og einnig starfandi kennurum.
- Leggja þyrfti áherslu á að allir kennaranemar fengju kennslu í skrift, þ.e. að draga rétt til stafs.
- Góður kostur væri að í öllum grunnskólum væri starfrækt ritver í líkingu við það sem er á Menntavísindasviði. Slíkt ritver gæti nýst bæði kennurum í grunnskólum og nemendum þeirra.

5. Umfjöllun um styrk, veikleika og tillögur til úrbóta

Í úttekt af þessu tagi koma fram ýmsar upplýsingar sem varpa ljósi á þætti sem vel er staðið að og aðra sem betur mega fara. Útilokað er að gera öllu tæmandi skil en hér er lögð áhersla á að líta yfir það helsta og gera grein fyrir því í stuttu máli. Vert er að nefna að ritun er almennt vel sinnt í grunnskólum. Hvergi má greina alvarlega vankanta þótt ýmislegt megi bæta á sumum sviðum.

5.1 Styrkur

Aðalnámskrá: Greinilegt er að Aðalnámskráin hefur töluvert vægi við skipulag ritunarkennslunnar og í öllum skólunum mátti greina áherslu á að ná markmiðum hennar. Viðhorf kennara til Aðalnámskrár er jákvætt.

Námsefni: Margir kennarar telja sig hafa aðgang að fjölbreyttu námsefni til ritunarkennslu. Þótt sumir kennarar segi að það vanti meira af áhugverðu námsefni kemur það ekki í veg fyrir að unnið sé á fjölbreyttan og áhugaverðan hátt með ritun.

Viðhorf: Almennt er viðhorf til ritunar jákvætt meðal kennara, nemenda og forráðamanna. Ekki er efast um mikilvægi námsþáttarins og greina má vilja til að gera enn betur. Kennarar bera hag nemenda fyrir brjósti og algengt er að þeir hafi varið ómældum tíma í að gera námsþáttinn aðlaðandi og kennsluna árangursríka. Í skólunum hefur verið brugðist við niðurstöðum úr samræmdum prófum og PISA af ábyrgð í því skyni að styrkja færni nemenda.

Hópvinna: Í mörgum skólum var áhersla lögð á að nemendur ynnu saman í litlum hópum, ekki síst á yngsta stigi en einnig á miðstigi. Slíkt fyrirkomulag virtist ganga mjög vel. Nemendur unnu að eigin viðfangsefnum eða sameiginlegum, ræddu t.d. saman í litlum hópum eða lásu fyrir félaga sína texta sem þeir eða aðrir höfðu skrifað. Þannig nýtist tími nemenda betur. Þeir sýna sjálfstæði í vinnubrögðum, læra að treysta hver öðrum og leysa úr málum undir handleiðslu kennara.

Gæðastundir: Á öllum skólastigum mátti greina „gæðastundir“, þ.e. tíma þegar nemendur nutu þess sem fengist var við hverju sinni. Dæmi um slíkar stundir eru þegar kennari les upphátt í nestistímum, þegar nemendur hlusta á áhugaverðan upplestur á sal eða taka þátt í samsöng, þegar nemendur fá næði og lesa í bókum sem þeir hafa valið sér sjálfir, þegar rólegt andrúmsloft myndast og nemendur sökkva sér ofan í viðfangsefni. Einnig þegar nemendur vinna ritunarverkefni í tölum eða saman að útgáfu efnis af einhverju tagi.

Útgáfa: Ýmiss konar verk eftir nemendur eru „gefin“ út, t.d. í sameiginlegum bekkjarbókum, einu eintaki ætlað höfundu eða á veggspjöldum. Áður hefur farið fram metnaðarfull vinna, allt frá hugmynd og uppkasti.

Símenntun: Margir kennarar telja sig hafa fengið góðan stuðning við ritunarkennslu með verkefnum *Orð af orði* og *Byrjendalæsi*.

Skólabókasöfn: Í mörgum skólum er skólabókasafnið hjarta skólans og nemendur hafa greiðan aðgang að bókum, tímaritum og bókasafnskennara. Stundum eru viðfangsefni skipulögð í samráði við bókasafnsfræðing sem ýmist aðstoðar nemendur á safninu eða í kennslustundum við heimildaskrif.

Umhverfi: Víða er mikil alúð lögð í umhverfi skólastofunnar þar sem mikill metnaður ríkir og útsjónarsemi.

5.2 Veikleiki og tillögur til úrbóta

Aðalnámskrá: Markmið í Aðalnámskrá eru svolítið almenn eðlis og áhersla á ritunarferli er ekki nægilega mikið, þ.e. ferlið frá útgáfu til birtingar. Ekki er lögð nægileg áhersla á mikilvægi þess að nemendur fáist við verkefni tengd eigin reynsluheimi eða verkefni sem stundum eru kölluð „alvöru“. Í námskránni þyrfti að leggja meiri áherslu á kennslu ritunar og skipulagða framsetningu efnis í öllum námsgreinum.

Skólanámskrár: Umfjöllun um ritun þyrfti að vera innihaldsmeiri og móta þyrfti heildstæða stefnu um ritun og ritunarkennslu sem nær frá 1.–10. bekk. Þrepamarkmið úr námskrá sem fallin er úr gildi eiga ekki heima í skólanámskrá. Í skólanámskrám eða á heimasíðum skólanna þyrfti að taka skýrt fram hvaða þemaverkefni eru unnin, hvort og hvernig samkeppni er skipulögð í skólanum og hvernig námsmati er háttað.

Frágangur og uppsetning skólanámskrár, kennsluáætlana og heimasíðu: Framsetning kennsluáætlana er stundum ekki nógu vönduð og jafnvel vantar grunnupplýsingar um nafn skóla og ártal. Leggja þyrfti meiri áherslu á að prófarkalesa gögn frá skólunum. Í þeim er of algengt að rekast á stafsetningararvillur og ranga greinarmerkjasetningu. Sjálft orðið skólanámskrá er oft vitlaust skrifað. Heimasíður skóla mættu gjarnan innihalda betri og ítarlegri upplýsingar, t.d. um ritstjóra, ábyrgðarmann eða uppfærslu. Námskrár þurfa að vera aðgengilegar á heimasíðum skólanna og öllum ljóst um hvers konar gögn er að ræða.

Ritstjóri eða ritver: Æskilegt væri að í hverjum skóla væri mótuð málstefna og að ákveðinn aðili innan skólans bæri ábyrgð á öllu útgefnu efni eða veitti ráðgjöf um meðferð ritaðs máls. Slíkt mætti gera í samstarfi við bókasafn hvers skóla. Hlutverk ráðgjafa eða ritvers gæti m.a. verið að útbúa og taka saman leiðbeiningar, aðstoða við yfirlestur, sjá um málstefnu, vekja athygli á því sem vel er gert og því sem betur mætti fara.

Samstarf og samvinna: Í skólunum ríkir almennt samstarf milli kennara í hverjum árgangi. Hins vegar er lítið samstarf þvert á árganga eða milli kennara annarra skóla og er ástæða til að bæta úr því. Auka þarf umræðu meðal allra kennara þar sem rætt er um sameiginlega sýn og markmið. Þessi vinna þarf að vera bæði sýnileg og markviss.

Ritunarstefna og samfella milli skólastiga: Formleg stefna í ritun er ekki til staðar í neinum skólanna. Leggja þyrfti áherslu á að móta skýra stefnu um ritun og ritunarkennslu í öllum skólum. Í henni þyrfti m.a. að vekja athygli á því að það sé hlutverk allra kennara skólans að leggja rækt við ritun og á hvern hátt kennarar geti sem best sinnt því hlutverki sínu. Einnig þarf að skipuleggja og móta skýra stefnu um einstaka þætti ritunar á hverju aldurstigi, hvaða þættir liggja til grundvallar hverju námsstigi, að námsþættir séu ekki endurteknir um of, að fjölbreytni sé hæfileg og að hún haldist á öllum skólastigum.

Menntun kennara og undirbúningur fyrir ritunarkennslu: Kennarar eru misvel í stakk búnir til að kenna ritun en þeir nefna það sjaldnast að fyrra bragði. Margir kennarar þyrftu sjálfir að hafa meira vald á ritun, vera betur að sér um frágang texta, vita meira um ferli ritunar hjá börnum og skapandi

skrif, þekkja fleiri hugtök í sambandi við ritun og geta nýtt sér þau í kennslu. Kennarar þyrftu að gera meira af því að skoða eigin kennsluhætti á markvissan hátt og fá fleiri tækifæri til símenntunar.

Frágangur og texti á verkefnum sem nemendur fá í hendur: Kennarar taka oft saman efni eða semja efni sem þeir afhenda nemendum, leiðbeiningar eða verkefnafyrirmæli. Þetta efni er ekki alltaf nógu vandað. Til bóta væri að lesa betur yfir og huga að útliti. Kennarar mættu gera meira af því að nýta leiðréttingarforrit og texti sem þeir varpa með skjávarpa upp á vegg ætti aldrei að vera undirstrikaður með rauðu leiðréttingartákni.

Tölvur og ritvinnsla: Tölvukostur skóla er sjaldnast viðunandi eða góður. Bæta þyrfti tölvukost, endurnýja tölvur og fjölga þeim. Einnig þyrfti að vera skjávarpi í öllum eða sem flestum kennslustofum. Fara mætti betur að fyrirmælum námskrár um notkun tölva í ritunarkennslu.

Bókasöfn: Bókasöfn gegna mikilvægu hlutverki í skólastarfi, ekki síst í tengslum við ritun. Því er mikill ókostur þegar skólabókasöfn eru lokuð í frímínútum, hádegishléi eða á miðjum skóladegi. Æskilegt væri að nýta söfn enn betur en gert er.

Viðfangsefni og kennsluáferðir: Huga þarf betur að kennslu í glósugerð. Of algengt er að glósugerð felist í afritun, að skrifað sé orðrétt það sem kennari eða aðrir nemendur setja á töflu, af glæru eða það sem kennari segir. Huga þarf að frekari fjölbreytileika, að viðfangsefni tengist áhugasviði og reynsluheimi nemenda. Auka þarf fjölbreytni í stafsetningarkennslu. Heildstæð verkefni eða samþætt vekja yfirleitt áhuga nemenda og þau þyrftu að hafa meira vægi í kennslu almennt. Sýnikennsla þyrfti að vera meira áberandi.

Skriftarkennsla: Gæta þarf þess að draga ekki úr kröfum um gæði vandaðrar rithandar á unglingsstigi. Kennarar í öllum árgöngum og öllum námsgreinum þyrftu að geta leiðbeint nemendum um skrift.

Námsefni: Handbækur þyrftu að vera aðgengilegri, meira úrval af lesefni í námsumhverfi nemenda. Kennarar styðjast jafnvel óþarflega mikið við verkefnabækur í stað þess að láta nemendur búa til sitt eigið efni. Framboð af aðgengilegum leiðbeiningum við frágang texta þyrfti að vera meira. Ýmiss konar ritunarsýnishorn mættu vera á veggjum skólanna, dæmi um gæðaritun, listræna ritun, blaðgreinar, ljóð, textasýnishorn eða brot úr bókmenntatextum

Unglingastigið: Ritunarkennsla á unglingsstigi þyrfti að vera markvissari. Leggja þyrfti meiri rækt við skapandi skrif á unglingsstigi. Nýta þyrfti betur markvissar áferðir við ritunarkennslu og kenna ritun sem ferli; stig af stigi.

Samstarf við foreldra eða forráðamenn: Auka þyrfti samstarf við forráðamenn. Þeir þyrftu að hafa aðgang að leiðbeiningum sem þeir gætu nýtt sér til að leiðbeina börnum sínum við ritun, t.d. um frágang texta og uppsetningu. Æskilegt væri ef forráðamönnum stæði til boða þátttaka á stuttum námskeiðum um ritun.

Viðhorf kennara: Nám sem félagslegt ferli felur eðlilega í sér að umhverfi sem nemanda er skapað hefur áhrif á viðhorf hans. Kennarar þurfa að hafa í huga að þeir geta skapað jákvætt viðhorf með hvetjandi andrúmslofti og aukið sköpunargleði nemenda. Á sama hátt geta þeir haft neikvæð áhrif á nemendur ef þeir gefa í skyn að ritun sé erfið eða einhver þáttur hennar sé tilgangslaus eða leiðinlegur. Skilaboð til nemenda um að það sé alltaf erfitt að skrifa ritgerð eiga ekki heima í ritunarkennslu.

Viðtakandi texta: Leggja þarf meiri áherslu á viðtakanda textans, kenna nemendum að velta fyrir sér lesandanum og þeim áhrifum sem ritaður texti getur haft á hann. Þannig má t.d. koma í veg fyrir að nemendur álíti viðtakanda textans vera kennarann. Einnig má ekki aðeins líta á ritun nemenda sem stíllæfingar í ritun heldur verður hún að hafa sjálfstæðan og gagnmerkan tilgang.

Siðferði: Mikilvægt er að kenna nemendum að umgangast eigin texta og annarra af virðingu og kurteisi. Einn liður í því gæti verið að leggja áherslu á að birta alltaf höfundanöfn, t.d. í skólablöðum eða á veggspjöldum.

Meðferð heimilda og heimildavinna: Þegar nemendur flytja eða kynna verkefni þarf að vekja athygli þeirra á viðeigandi meðferð heimilda. Það er aldrei í lagi að nota efni sem aðrir hafa skrifað án þess að geta þess hvaðan það er fengið. Það á við um allt efni; texta, myndir, tónlist. Æskilegt er að kenna þeim viðeigandi reglur um skráningu frá upphafi, a.m.k. geta alltaf höfundar og ártals.

Lært af fyrirmyndum: Gera þyrfti meira af því að láta nemendur læra af fyrirmyndum, t.d. með því að hafa „gamlar“ ritgerðir og textadæmi á aðgengilegum stöðum í kennslustofum eða á bókasafni. Einnig með því að hvetja nemendur til að „rannsaka“ hvernig rithöfundar vinna; skoða vel ritverk þeirra, hvernig orðanotkun þeirra er, setningagerð, greinarmerkjasetning og fleira.

Leiðréttingar: Kennarar eru oft óvissir um hvenær þeir trufla sköpunargleði nemenda með því að benda á misfellur í texta. Sumir segja að frjáls ritun sé annað en það sem kennarinn „pantar“ og að þeir líti svo á að frjálsa ritun megi ekki leiðrétta. Þeim finnst heldur ekki ástæða til að láta ritun nemenda „ganga í gegnum hreinsunareld“ til þess að hún geti talist birtingarhæf. Æskilegt væri að mótuð yrði uppbyggileg stefna í skólum í þessu sambandi, stefna sem allir gætu verið samtaka um að fara eftir. Vert er að geta þess að vönduð og viðeigandi vinnubrögð er auðveldara að kenna ef gerð er krafa um slíkt frá upphafi í stað þess að ætla að kenna nemendum vandvirkni í meðferð texta, t.d. þegar þeir eru komnir á miðstig grunnskóla.

Ritgerð eða saga: Notkun hugtakanna ritun, ritgerð, sögugerð, frásögn og verkefni eiga það stundum til að renna saman og merkja það sama í huga kennara. Ástæða er til að gera greinarmun á því hvers konar ritun er átt við hverju sinni. Ástæðulaust er að kalla stuttan útdrátt úr skáldsögu ritgerð eða heimildaritgerð líkt og stundum er gert.

Einstaklingsmiðun: Hugtakið einstaklingsmiðun kom oft fram í þessari úttekt. Sumir virðast telja það fela í sér að nemendur fáist við sömu verkefni en hafi val um hvenær þeir vinni þau eða á hve löngum tíma. Þetta er ekki rétt túlkun á einstaklingsmiðun námi. Of algengt er að kennari hlaupi á milli borða og aðstoði nemendur sem fást við ólík verkefni einn og einn í senn. Á meðan bíða jafnvel margir aðgerðarlausir eftir aðstoð.

Að skrifa um það sem maður þekkir: Forþekking er mikilvægt atriði í kennslu, ekki síst á grunnskólastigi. Leggja þarf mun meiri áherslu á það að viðfangsefni nemenda í ritun tengist reynsluheimi þeirra, að þeir þekki til þess sem þeir eru að fara að skrifa um. Ef forþekking er ekki til staðar þarf að byggja hana upp með samræðum, með því að benda nemendum á, sýna og pæla.

6. Lokaorð

Þessari úttekt er ætlað að gefa svör við ákveðnum spurningum sem vaknað hafa í tengslum við ritunarkennslu í íslenskum grunnskólum. Slík úttekt hefur aldrei áður verið gerð hér á landi. Þótt hún sé umfangsmikil getur hún aldrei endurspeglad nema hluta af þeirri ritunarkennslu sem fram fer í grunnskólum landsins. Niðurstöður hennar ber að túlka og taka með fyrirvara því þótt þær gefi ákveðnar vísbindingar um hlutverk og stöðu ritunarkennslu á Íslandi og lýsi viðhorfum til hennar, verður að varast að líta á niðurstöðurnar sem algildan sannleika og alhæfa út frá þeim.

Orðið ritun hefur breiða skírskotun og margar hliðar. Viðfangsefni í grunnskólum tengd ritun eru fjölbreytt og liggja víða. Ritunarkennsla nær til skapandi skrifa, útdráttar, glósugerðar, þýðinga, skýrsluskrafa, dagbókarskrifa og frásagna svo fátt eitt sé nefnt. Í skólastarfinu er fengist við hagnýta ritun, persónulega ritun, heimildaritun og réttaritun, tjáningu og sköpun þar sem reynir á frumleika og hæfileika til að hrífa lesanda. Vel skrifaður texti kallar fram viðbrögð og getur komið róti á tilfinningar. Ef benda ætti á einhvern einn þátt í tengslum við ritunarkennslu í grunnskólum sem leggja þyrfti meiri áherslu á væri það helst sköpunarþátturinn. Kennarar búa almennt yfir þeirri færni að geta miðlað nemendum um ýmis tæknileg atriði ritunar. Þeir geta leiðbeint um frágang, stafsetningu, málfar og uppsetningu, um heimildaritun og aðra þætti hagnýtra skrifa. Hins vegar virðist það helst vera hinn skapandi þáttur ritunar sem vefst fyrir þeim og þeir telja sig síst í stakk búna til að sinna.











Ritlist má iðka á sama hátt og aðrar listgreinar; með því að æfa sig, skoða hvernig aðrir gera, lesa, skrifa, þæla og skrifa meira. Um leið og það er gert er mikilvægt að rannsaka aðra þætti málsins; uppbyggingu þess, málsögu, merkingarfræði, það má læra að leika sér með málið og öðlast öryggi og færni. Markmiðið er að brautskrá nemendur úr grunnskóla sem hafa fengið tækifæri til að njóta ritlistar og fundið til öryggis og sjálfstæðis, færni og hæfni til að skapa. Vefjist þessi færni fyrir kennurum geta þeir víða leitað fanga til að styrkja sig í starfi. Nefna má ýmis endurmenntunarnámskeið, skrif í fagtímaritum og erlendar fagbækur. Kennarar virðast hins vegar ekki gera mikið af því að lesa slík rit og þeir gætu nýtt sér betur stuðning fagaðila til að öðlast enn meira öryggi og hæfni í starfi sínu sem ritunarkennarar. Það á ekki eingöngu við um íslenskukennara heldur alla kennara grunnskólans.

Heimildaskrá


- Bogdan, R. C. og S. K. Biklen. (2006). *Qualitative research for education – An introduction to theory and method*. Boston: Allyn and Bacon.
- Guðmundur Engilbertsson. (2010). Orð af orði. *Skíma*, 33(2): s. 54–56.
- Kvale, S. (1996). *InterViews. An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage Publications.
- Lög um grunnskóla nr. 36/2008*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2009). *Íslenska til alls: Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið (1997). *Markmið móðurmálskennslu í grunnskólum og framhaldsskólum*. Skýrsla forvinnuhóps á námssviði móðurmáls. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla*: Íslenska. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Ingibjörg Frímansdóttir og Sigurður Konráðsson. (2012). Teachers' self-esteem and self-efficacy. *Scandinavian Journal of Educational Research* (í prentun).
- Ritchie, J., J. Lewis og G. Elam (2003). Designing and selecting samples. Í Ritchie, J. og J. Lewis (ritstj.), *Qualitative research practice: A guide for social science students and researchers* (bls. 77–108). (3. útgáfa). London: Sage.
- Rósa Eggertsdóttir, Jenný Gunnbjörnsdóttir, Þóra Rósa Geirsdóttir. (2010). Byrjendalæsi: lestur eða læsi. *Skíma*, 33(2): s. 26–29.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir, Sigurlína Davíðsdóttir (2011). *Úttekt á íslenskukennslu í framhaldsskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Viðauki 1. Niðurstöður rafrænna spurningakannana


a) Spurt um viðhorf kennara til lokamarkmiða í ritun Aðalnámskrá 2007.

<p>1. Við lok grunnskóla er nemandi fær um að skrifa margvíslega texta af öryggi</p>  <p>22% 26% 52%</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hef ekki skoðun ■ Ósammála ■ Mjög ósammála 	<p>2. Við lok grunnskóla hefur nemandi góðan orðaforða og beitir ýmiss konar stílbrigðum og myndmáli</p>  <p>0% 11% 7% 30% 52%</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hef ekki skoðun ■ Ósammála ■ Mjög ósammála
<p>3. Við lok grunnskóla kann nemandi að byggja upp efnisgreinar og færa rök fyrir máli sínu</p>  <p>0% 30% 26% 7% 37%</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hef ekki skoðun ■ Ósammála ■ Mjög ósammála 	<p>4. Við lok grunnskóla hefur nemandi þjálfast í að skrifa helstu textategundir og þekki sérkenni þeirra</p>  <p>0% 11% 11% 19% 59%</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hef ekki skoðun ■ Ósammála ■ Mjög ósammála
<p>5. Við lok grunnskóla hefur nemandi tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við samningu ritsmíða</p>  <p>0% 19% 7% 19% 56%</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hef ekki skoðun ■ Ósammála ■ Mjög ósammála 	<p>6. Við lok grunnskóla getur nemandi nýtt sér leiðbeiningar um textagerð og er tilbúinn að taka gagnrýni á eigin texta</p>  <p>0% 11% 4% 19% 67%</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hef ekki skoðun ■ Ósammála ■ Mjög ósammála
<p>7. Við lok grunnskóla hefur nemandi vald á réttritun og getur beitt reglum um greinarmerkjasetningu</p>  <p>0% 15% 7% 15% 63%</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hef ekki skoðun ■ Ósammála ■ Mjög ósammála 	<p>8. Við lok grunnskóla hefur nemandi vanist við að notfæra sér hjálpargögn við ritun</p>  <p>0% 15% 4% 33% 48%</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hef ekki skoðun ■ Ósammála ■ Mjög ósammála
<p>9. Við lok grunnskóla kann nemandi að ganga frá ritsmíðum, handskrifuðum og á stafrænu formi</p>  <p>0% 7% 7% 22% 63%</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hef ekki skoðun ■ Ósammála ■ Mjög ósammála 	<p>10. Við lok grunnskóla getur nemandi sett saman vísu eða skrifað skáldlegan texta frá eigin brjósti</p>  <p>0% 15% 4% 19% 63%</p> <ul style="list-style-type: none"> ■ Mjög sammála ■ Sammála ■ Hef ekki skoðun ■ Ósammála ■ Mjög ósammála


b) Spurt um viðhorf kennaranema til lokamarkmiða í ritun Aðalnámskrá 2007.




c) Spurt um viðhorf nemenda í 7. bekk til ritunarkennslu.



d) Spurt um viðhorf nemenda í 10. bekk til ritunarkennslu.



e) Spurt um viðhorf forráðamanna nemenda í 10. bekk til ritunarkennslu.



Viðauki 2. Námsbækur í íslensku 2011–2012

a) yngsta stig

a) Kennslubækur	1 ²⁴	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Ás, Tvístur og Þristur			X	X	X	X	X	X		X	X	
Blái blýanturinn			X	X			X				X	
Græni blýanturinn			X	X			X			X	X	
Hljóðskraf		X	X	X			X				X	
Leikur að orðum			X	X	X		X			X	X	
Lesi og skilja										X	X	
Lestrarlandið		X								X	X	
Lesum meira saman			X	X	X		X			X	X	
Lesum saman			X		X		X			X	X	
Listin að lesa og skrifa			X	X						X		
Lærum gott mál		X		X	X							
Orðasafnið mitt - Byrjendalæsi			X			X						
Orðaskyggir										X		
Óskasteinn			X		X		X	X				
Ritrún		X	X	X	X	X	X	X		X	X	
Sitt af hverju			X		X					X		
Skinna			X	X	X	X	X	X			X	
Skriftarbækur – Góður betri bestur, 1,2,3					X		X	X				
Sóknarskrift										X		
Sögubók			X							X		
Sögusteinn			X		X		X					
Það er leikur að læra 1 og 2		X	X	X	X		X	X		X	X	
Við lesum A			X	X	X		X			X	X	
Við lesum B			X	X	X		X			X	X	
Vinnubók AB			X		X			X		X		
Réttritunarorðabók 1			X		X			X				
b) Handbækur /ítarefni	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Bullukolla										X		
Handbók í íslensku 1. og 2. bekkur, 3. og 4. bekkur			X							X		
Leggðu við hlustir										X		
Ljóðsprotar					X			X				
Markviss málörvun										X		
Skáldatal								X				
Skrifað í skrefum										X		
Ýmsar lestarbækur með vinnubókum			X							X		

²⁴ Skólarnir eru númeraðir frá 1–12 en ekki nafngreindir. Upplýsingar vantar frá einstaka skóla.

b) Námsbækur í íslensku á miðstigi 2011–2012

a) Kennslubækur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Auga Óðins		X			X							
Ás, Tvistur, Þristur					X		X					
Blákápa			X		X		X	X		X	X	
Fallorð				X				X		X		
Finnbjörg		X	X	X		X		X		X	X	
Gegnum holt og hæðir		X		X	X							
Grænkápa		X	X	X	X		X	X			X	
Heimir, handbók um heimildarritun		X			X							
Hljóðaskraf			X					X			X	
Lestur og stafsetning								X				
Leikur að orðum					X			X			X	
Lesbækur I og 2, vinnubækur 1 og 2											X	
Lesum meira saman					X						X	
Ljóðahefti frá Skólavefnum						X				X	X	
Ljóðspor		X	X	X	X	X		X		X	X	
Lærum gott mál			X		X			X				
Mál er miðill, verkefnabók		X	X	X	X	X	X	X		X	X	
Mál í mótun og Mál til komið			X	X	X	X	X	X		X	X	
Málrækt I og II		X	X	X	X	X	X	X		X	X	
Móðurmál				X			X	X		X		
Óðinn og bræður hans			X		X		X					
Óskasteinn			X		X		X					
Rauðkápa		X	X		X		X	X		X		
Réttritunarorðabók I-III,			X		X			X		X		
Ritunarbókin		X	X		X	X						
Ritrún			X		X						X	
Ritum rétt				X	X			X				
Skólaljóð			X		X					X	X	
Skrift: Góður – betri – bestur, 4, 5, 6					X		X			X		
Skinna, Skrudda, Skræða og vinnubækur með þeim		X	X	X	X	X	X	X		X	X	
Stafsetning – brúna bókin				X		X		X		X		
Sögusteinn og/eða Vólusteinn			X		X		X	X				
Minnsta málið – Les- og vinnubækur		X	X			X				X	X	
Vanda málið – Les- og vinnubækur		X	X	X		X					X	
b) Handbækur /ítarefni	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Miðbjörg/Málbjörg – vefefni			X	X						X		
Gagnvirkar æfingar í stafsetningu nams.is		X		X		X				X		
Ýmsar lestrarbækur eða skáldsögur með vinnubókum				X	X	X				X	X	
Beinagrindur í ritun		X	X		X							

c) Námsbækur í íslensku á unglingsstigi 2011–2012

a) Kennslubækur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Bragfræði			X	X		X			X		X	
Djöflaeyjan		X	X						X	X	X	
Englar alheimsins		X				X			X	X	X	
Fallorð		X	X			X			X		X	
Finnbjörg		X	X									
Finnur I, II og III			X	X		X	X	X				
Gísla saga		X		X			X		X	X		
Grettis saga							X	X				
Gullvör I, II og III			X				X		X			
Gunnlaugs saga Ormstungu			X					X				
Handbók um málfræði			X	X		X				X		
Heimir, handbók um heimildaritun			X							X		
Hrafnkels saga Freysgoða		X		X				X		X	X	
Hugfinnur, handbók um bókmenntahugtök			X	X						X	X	
Hugtakarolla			X				X					
Kennslubók í málvísi og ljóðlist			X					X				
Kjalnesinga saga									X			
Laxdæla saga						X				X		
Ljóð í tíunda				X			X					
Lestu nú – lesskilningsefni										X		
Ljóðspeglar			X					X		X		
Ljóðspor			X					X		X		
Málfinnur		X	X	X				X	X	X	X	
Málfræðibókin mín			X							X		
Mályrkja		X	X	X				X	X	X	X	
Orðhákur		X		X								
Peð á plánetunni jörð		X	X	X							X	
Sagnorð		X	X	X			X	X	X		X	
Skerpa		X	X	X						X	X	
Skrifinnur		X	X	X				X	X	X	X	
Smáorð			X	X			X	X	X	X	X	
Smásagnasmáræðir										X		
Trunt, trunt og tröllin		X		X					X			
Týndi bekkurinn							X					
Í fáum dráttum, smásögur				X								
Við Urðarbrunn			X					X				
b) Handbækur/itarefni	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Stoðkennarinn											X	
Ritfærnivofurinn		X										
Málfræðigreining – vefur			X	X								

Viðauki 3. Matsreglur í ritun á samræmdu prófi 2011

10. bekkur

Stílrítgerð

Bygging og stílrögð í stílrítgerð 0–4 stig

0 stig Lítil eða engin markviss stílbeiting. Lítið sem ekkert skrifað. **Mjög stutt ritgerð, engin stefna í stílbeitingu.**

1 stig Vaðið úr einum stíl í annan, t.d. flakkað milli tíða og/eða milli sjónarhorna. Einhæft málfar og setningaskipan. Flatur stíll, t.d. eru endurtekningar áberandi. **Stutt ritgerð, stílrögð ómarkviss eða handahófskennd.**

2 stig Flatur stíll þar sem nemandinn gerir þó tilraunir til að halda sig í ákveðnu stílbrigði. Flakk milli tíða eða sjónarhorna. Greinamerkjasetning eðlileg. Málsgreinar hafa almennt upphaf og endi. Talmálseinkenni of mikil. **Ritgerð nær eðlilegri lengd. Stílrögð ómarkviss eða handahófskennd.**

3 stig Nemandinn gerir tilraun til að ná fram ákveðnum stíl en ræður ekki við verkið. T.d. er stokkið milli tíða eða sjónarhorns a.m.k. einu sinni. Málsgreinar hafa almennt upphaf og endi. Setningaskipan, lengd málsgreina og orðaröð góð; fáar málvillur. Almennt kemur ákveðin hugsun fram í hverri málsgrein. Ritgerð í eðlilegri lengd. Stefna tekin í stíl en vantar upp á að halda henni. **Ýmislegt jákvætt í málfari og stíl en vantar þó enn töluvert upp á.**

4 stig Markviss stílnotkun sem sýnir gott vald á tungumálinu, tjáningu, og setningaskipan. T.d. er sömu tíð og sjónarhorni haldið allan textann. Frumlegur stíll sem heldur áhuga lesanda. Orðaval beinskeitt, einfalt og skýrt. **Mjög góð ritgerð þar sem stílrögð njóta sín. Allt smellur saman.**

Efnistöð í stílrítgerð 0–4 stig

0 stig Lítið sem ekkert skrifað. Lítið eða ekkert efni. Einföld upptalning atburða eða efnisatriða. **Allt of stutt ritgerð og efnisrýr. Efni ekki í samræmi við fyrirmæli.**

1 stig Engin hugmynd þróuð út frá gefnu efni. Lengri texti ritaður án þess að unnið sé úr efninu og hugmyndir þróaðar út frá því. **Of stutt ritgerð, rýr efnistöð.**

2 stig Unnið út frá gefnu efni en litlu bætt við eða hugmyndir settar inn án þess þó að þróa efnið. Úrvinnsla með persónur, sögusvið eða atburðarás er ábótavant, t.d. er frásögn samhengislaus. **Ritgerð að eðlilegri lengd, efni til staðar en lítið unnið úr því.**

3 stig Efni og efnistöð í samræmi við fyrirmæli. Góð ritun þar sem höfundur heldur sig við efnið og er samkvæmur sjálfum sér. Nemandinn notar efnið úr textanum sem stökkpall, vinnur með það og bætir við eigin hugmyndum en úrvinnsla er takmörkuð eða þröng. **Góð ritgerð með efnistöð sem hrífa lesandann en úrvinnsla gengur ekki nógu vel upp miðað við 4 stigin.**

4 stig Efni og efnistöð í samræmi við fyrirmæli. Nemandinn notar textann sem stökkpall og nær að spinna frásögn með því að bæta eigin hugmyndum inn. Eðlilegt samhengi er milli efnisatriða og flæði í frásögninni. Nær að skapa áhrifaríkan atburð, lifandi sögusvið eða góða sýn á persónur. **Ritgerð þar sem efnistökin ganga upp og allt myndar heild.**

Málfar og stíll (báðar tegundir ritgerða) 0–4 stig

0 stig Lítið sem ekkert skrifað. Málfari mjög ábótavant og málvillur áberandi. **Stutt ritgerð með einhæfu málfari og mörgum málvillum.**

1 stig Málsgreinar einfaldar eða vaðið er úr einu í annað án þess að ljúka málsgreinum (lengd málsgreina ekki í samræmi við efni); setningaskipan og orðaröð ábótavant. Einhæft málfar og setningaskipan. Flatur stíll og endurtekningar áberandi. **Stutt ritgerð. Ekkert skipulag í notkun máls.**

2 stig Málfar, setningaskipan og orðaröð almennt eðlileg. Eitthvað um málvillur en lítið um endingalaugar málsgreinar. Málsgreinar hafa almennt upphaf og endi (hugað er að því að setja punkta þar sem við á). Talmálseinkenni of mikil. **Ýmislegt jákvætt í málfari og stíl, en vantar þó enn töluvert upp á. Of margar villur í máli og málnotkun.**

3 stig Málsgreinar hafa almennt upphaf og endi. Setningaskipan, lengd málsgreina og orðaröð góð; fáar málvillur. Almennt kemur ákveðin hugsun fram í hverri málsgrein. **Góð ritgerð sem flæðir vel. Málið vel notað og fáar málvillur.**

4 stig Fjölbreytt og gott orðalag/flæði; blæbrigði í orðavali í umfjöllun um sama efnisatriði. Orðaval beinskeytt, einfalt og skýrt. **Mjög góð málnotkun og uppbygging. Allt gengur upp.**

Stafsetning 1 stig

1 stig Þrjár eða færri stafsetningarvillur. Að minnsta kosti hálf síða skrifuð.

0 stig Fjórar eða fleiri stafsetningarvillur. Innan við hálf síða skrifuð.

Ath: Ritgerð um annað efni en beðið er um fær ekkert stig.

7. bekkur

Skrift og frágangur 1 stig

0 stig Illlæsilegt, skortur á orðabili; innan við 3 línur skrifaðar. **1 stig** Skrift læsileg, orðabil fyrir hendi, snyrtilegt.

Byrjun og endir 2 stig

0 stig Lesandi ávarpaður. Tvöföld byrjun, t.d. „Ég ætla að segja frá strák sem heitir Óli. Einu sinni var strákur sem heitir Óli.“ Kynningu á persónum/efni skortir eða er ábótavant.

1 stig Einu eða fleirum af ofangreindum atriðum áfátt.

2 stig Persónur, staðsetning eða efni frásagnar kynnt. Rökréttur endir.

Málfar og stíll (frásögn) 3 stig

0 stig Setningabygging almennt í molum, flakkað á milli 1. og 3. persónu í frásögn. Endurtekningar eins og t.d. „og síðan“ eða „og svo“ o.s.frv. Flatneskjulegt talmál. Áberandi málfarsvillur, röng notkun falla.

1 stig Setningabyggingu eða skiptingu í málsgreinar ábótavant. Mjög langar málsgreinar eða frásögn mjög stíð. Talmálskennt málfar.

2 stig Orðaval einfalt. Frásögn hnökralítill.

3 stig Lipur frásögn. Skipting í málsgreinar og bygging setninga rétt. Orðaval skýrt og beinskeytt. Lýtalaust mál.

Efni 4 stig

0 stig Lítið sem ekkert skrifað, t.d. einungis kynntar persónur, enginn söguþráður. Frásögn ekki í samræmi við fyrirsögn eða fyrirmæli (mynd).

1 stig Efni mjög lítið. Ekki farið nema að litlu leyti eftir fyrirmælum. Saga í sögunni. Verið að flýja viðfangsefnið. Efni óskipulagt, innihaldslaut og ekkert gerist. Atburðarás er í frásögn en hún er óskipuleg og vaðið úr einu í annað.

2 stig Einföld frásögn, einhverjir hnökra á skipulagi og atburðarás.

3 stig Meginmál skipulagt, samfelld frásögn og atburðarás eðlileg. Gott spjall en ekkert sérstakt. Ágætt innihald en geta verið einhverjir hnökra á.

4 stig Meginmál þokkalega skipulagt, samfelld frásögn og atburðarás eðlileg. Lesandi leiddur áfram, flæði gengur upp. Augljós orsök og afleiðing.

4. bekkur

Skrift og frágangur 2 stig

0 stig Illlæsilegt, skortur á orðabili; innan við 3 línur skrifaðar.

1 stig Einu eða fleirum af ofangreindum atriðum áfátt.

2 stig Skrift læsileg, orðabil fyrir hendi, snyrtilegt.

Byrjun og endir 2 stig

0 stig Hvorki byrjun né endir. Kynningu á persónum eða efni skortir eða er mjög ábótavant. Tvöföld byrjun sem ekki er rökrétt (Ég ætla að segja frá ... Einu sinni voru ...).

1 stig Annaðhvort byrjun eða endi ábótavant.

2 stig Kynning á persónum/staðsetningu, nafn á sögu, efni sögu. Rökréttur endir.

Málfar 2 stig

0 stig Áberandi rangt farið með mál.

1 stig Einfaldur orðaforði notaður án blæbrigða.

2 stig Allgóður orðaforði sem kemur efninu vel til skila.

Frásögn (stíll) og meginmál 4 stig

0 stig Frásögn ekki í samræmi við fyrirsögn/efni. Lítið sem ekkert skrifað; (minna en 5 línur) frásögn felur ekki í sér atburðarás (t.d. einungis kynning) eða er einungis upptalning.

1 stig Frásögn ábótavant, stíll stíður, sleppt úr eða hlaupið yfir.

2 stig Nokkuð samfelld frásögn, atburðarás gengur ekki alveg upp. Skipulag slakt.

3 stig Samfelld frásögn, skipulagi ábótavant. Útúrdúr eða endurtekningar.

4 stig Samfelld lipur frásögn, efni vel skipulagt, atburðarás eðlileg. Nemandi er samkvæmur sjálfum sér.

Viðauki 4. Samantekt yfir símenntunarnámskeið sem gætu hentað starfandi kennurum í sambandi við ritun

1. Námskeið á vegum háskólanna á Íslandi

Í Háskóla Íslands, Háskóla Akureyrar og Háskólans á Bifröst eru ýmis námskeið í boði í stað- og fjarnámi. Hægt er að finna upplýsingar um þau innan kennaradeildanna en einnig innan annarra greina eins og íslensku, erlendra tungumála, bókmenntafræði, menningarfræða o.fl. Slík námskeið henta starfandi kennurum til að bæta eigin þekkingu og færni í ritun ásamt því að þjálfa kennslufræðilega hliðar hennar.²⁵

2. Endurmenntun Háskóla Íslands.

Úr neista í nýja bók. Vormisseri 2013. Kennari Anna Heiða Pálsdóttir, rithöfundur og doktor í bókmenntafræði. Fjallar um sköpunarferlið við textagerð.

Námskeið um akademísk vinnubrögð. Vormisseri 2013. Fjölmarginir kennarar úr HÍ.

Gagn og gaman. Nýjar leiðir í málfræðikennslu, ólestrarvandinn, ný námskrá og menningarstarfsemi á Mið-Norðurlandi. Haldið sumarið 2012 í samstarfi við Samtök móðurmálskennara.

Ritsmiðja fyrir kennara – Að skrifa til skilnings. Haldið á vormisseri 2012. Kennari dr. Jeff Wilhelm, prófessor í ensku við Boise State University, í Bandaríkjunum.

3. Námskeið á vegum einkaaðila

Þorvaldur Þorsteinsson og Davíð Stefánsson hafa haldið fjölmörg námskeið, bæði fyrir fullorðna og börn og unglíngja. Námskeiðin geta nýst starfandi kennurum.

Klifið í Garðabæ býður fjölmörg námskeið innan menntafræða. Þar má m.a. finna eftirfarandi námskeið haustið 2012 fyrir starfandi kennara. *Skapandi skrif og læsi í kennslu. Hvernig kennarinn kveikir neistann hjá nemendum?* Þar er einnig hægt að finna önnur áhugaverð námskeið fyrir starfandi kennara.

Rithringurinn: <http://rithringur.is> er vefsamfélag einstaklinga sem vilja kynna eigin skapandi texta og lesa texta annarra. Á heimasíðu þeirra er að finna fjölmarga tengla og upplýsingar um skapandi ritun sem nýst geta bæði kennurum og nemendum.

²⁵ Nánari upplýsingar um námskeiðin má m.a. nálgast á heimasíðum skólanna.